

**SKOÐUN** Löggæsla verður efld strax í upphafi næsta árs, skrifar Hanna Birna Kristjánsdóttir. 18



**MENNING** Háskóli Íslands hefur búið til sitt fyrsta smáforrit sem auðveldar líf háskólanema. 42



**SPORT** Íslenska karlalandsliðið getur sett þrjú met með sigri á Kýpur á Laugardalsvelli í kvöld. 38





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
**11. október 2013**
239. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Gjaldhækkun hratt öldu smygls af stað

Tölur frá tollinum sýna mikla fjölgun mála þar sem fólk er staðið að tilraun til að smygla munntóbaki til landsins fyrstu níu mánuði ársins. Tollverðir lögðu hald á helmingi meira magn en á sama tíma í fyrra. Fleiri voru staðnir að sígarettusmygli.

**TOLLGÆSLA** Tollverðir lögðu hald á 65 prósent meira munntóbak á fyrstu níu mánuðum þessa árs en á sama tíma í fyrra og helmingi fleiri slík mál komu upp. Þetta kemur fram í tölum sem skrifstofa tollstjóra tók saman að beiðni Fréttablaðsins. Í ár voru rúm 65 kíló tekin í 275 tilfellum en í fyrra var um að ræða tæp 44 kíló í 167 málum.

Tollverðir lögðu einnig hald á um 700 sígarettukarton sem reynt var að smygla til landsins á fyrstu níu mánuðum ársins, sem er um það bil þremur prósentum minna en á sama tíma í fyrra. Hins vegar fjölgaði einstökum málum um tíu prósent, úr 333 tilfellum í fyrra upp í 369, sem bendir frekar til þess að fleiri hafi verið teknir með magn til einkaneyslu sem farið hefur upp fyrir lögleg viðmið.

Flest málanna komu upp við leit á Keflavíkurflugvelli.

Fréttablaðið sagði í vikunni frá því að sala á sígarettum á fyrstu níu mánuðum ársins hefði dregist saman um tæp tíu prósent frá fyrra ári og sala á neftóbaki, sem oftar en ekki er tekið í vör, dróst saman um rúm fjögur prósent. Þessi samdráttur í sölu var settur í samhengi við mikla hækkun á smásöluverði á tóbaki í kjölfar stórhækkunar á tóbaksgjöldum um síðustu áramót.

Þótt erfitt sé að fullyrða í þessum málum virðist þessi aukning í munntóbakssmygli og fjölgun á málum vegna sígarettusmygls milli ára haldast í hendur við söluþróun hér á landi. Ólíklegt verður þó að teljast, miðað við þessar tölur, að smygl vegi að fullu upp á móti samdrætti í sölu hér á landi í ár sem nam 8.500 sígarettukartonum og tæpu tonni af neftóbaki. - þj




## LÍFIÐ



**Fékk hlutverk á Facebook**

Heiða Rún Sigurðardóttir er flutt til Íslands eftir leiklistarnám í London. Hún leikur stórt hlutverk í Hrauninu.

## FRÉTTIR

**Játaði en var sýknaður** Karlmaður játaði að hafa beitt eiginkonu sína heimilisofbeldi en hlaut ekki dóm fyrir. 2

**Íslensk ungmenni vinna mest** Ungt fólk á Íslandi vinnur mun meira en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndum. 8

**Sameiningu mætt með vantrú** Vestfirðingar segja sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni óskynsamlega. 16




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | S | 11 |
| Akureyri | 9° | S | 6 |
| Egilsstaðir | 11° | SV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | S | 4 |
| Reykjavík | 10° | SA | 10 |

**VÆTA V-TIL** Í dag verður suðaustan 10-15 m/s V-til á landinu og rigning með köflum en hægari og bjart eystra. Hiti 7-14 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk






**AÐSTANDENDUR** F.v.: Pétur Ben, Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir, Ragnar Bragason, Árni Filippusson og Davíð Óskar Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Forsýning fyrir fullu húsi:

## Málmhaus í bíó

**KVIKMYNDIR** Málmhaus var forsýnd í gær í Háskólabíói fyrir aðstandendur og boðsgesti en er frumsýnd um allt land í dag. Ragnar Bragason, leikstjóri myndarinnar, segir það alltaf taugatrekkjandi að frumsýna fyrir sitt heimafólk. „Mér líður afskaplega vel. Þótt maður sé búinn að sýna eitthvað erlendis þá þykir manni mest vænt um sinn eigin markað," segir Ragnar en myndin var heimsfrumsýnd á Toronto-kvikmyndahátíðinni í september. - ebg

Ný glæpasaga vekur athygli:

## Óútgefin bók seld til útlanda

**BÆKUR** Bókaforlagið Bjartur hefur selt útgáfuréttinn að glæpasögu Jóns Óttars Ólafssonar, Hlustaðu, til Noregs og Frakklands. Þýskir útgefendur eru einnig mjög áhugasamir. Bókin er ein þeirra sem Bjartur er að kynna á árlegri bókamessu í Frankfurt. Enn merkilegra er að Hlustaðu kemur ekki út fyrr en í lok mánaðarins. „Jón Óttar bankaði upp á hjá Bjarti fyrir nokkrum árum og var með hugmynd að glæpasögum, þríleik," segir Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti, hæstánægð með áhugann á bókinni. - fb / sjá síðu 42



JÓN ÓTTAR



**HARPA Í HÁTÍÐARBÚNING** „Hér þarf að botnhreinsa tjarnirnar, hreinsa við inngangana, tína rusl og svona. Þetta tekur um tólf tíma en ég klára þetta í kvöld eða nótt," segir vinnuþjarkurinn Jón Óli Ólafsson hjá Orus ehf. sem var í óðaönn að gera lóð Hörpunnar fína fyrir Bleika daginn sem er í dag. Októbermánuður er helgaður baráttunni gegn brjóstakrabbameini og af því tilefni verður glerhjúpur Hörpunnar bleikur næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fornleifafræðingar telja að vegið sé að fræðastarfi í greininni með fjársvelti:

# Leita til Noregs eftir vinnu

**MENNING** Fornleifafræðingar lýsa yfir áhyggjum af rúmlega 70 prósent niðurskurði til fornleifarannsókna frá árinu 2007. „Við förum ekki fram á að stjórnvöld veiti fé í þetta hugsunarlaust en það er verið að byggja upp menningarstarfsemi," segir Ármann Guðmundsson, formaður Félags fornleifafræðinga, sem starfar ásamt fleiri íslenskum kollegum sínum við rannsóknir í Noregi. Hann segir að margir fornleifafræðingar hér á landi séu farnir að athuga með vinnu erlendis. Gert er ráð fyrir 32 milljónum króna til Fornminjasjóðs í fjárlagafrumvarpinu. Það er 90 milljónum króna minna en veitt var til fornleifarannsókna árið 2008. - shá / sjá síðu 12

**70%** Framlög til fornleifarannsókna hafa dregist saman um rúmlega 70% frá árinu 2007.






## SPURNING DAGSINS



Þórunn, keyptuð þið óvart loftkastala?

**„Já, á bleiku skýi.“**
Þórunn Sigurðardóttir og eiginmaður hennar urðu fyrir miklum óþægindum vegna fasteignasala sem vanrækti í fjögur ár að þinglýsa afsali vegna húss sem hjónin keyptu í Vogum.

Eyrún Eyþórsdóttir lögreglufulltrúi segir samantekt ríkislögreglustjóra um jafnréttismál ranga:

# Tölfræðin villandi og sett fram til að fegra

**JAFNRÉTTISMÁL** „Við lögreglukonur, sem höfum talað fyrir bættri stöðu lögreglukvenna, erum reiðar. Við teljum að þarna sé verið að varpa fram tölfræði sem lítur betur út en er bara alls ekki rétt,“ segir Eyrún Eyþórsdóttir, lögreglufulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Eyrún gerir alvarlegar athugasemdir við samantekt ríkislögreglustjóra um jafnréttismál innan lögreglunnar og segir tölfræðina setta fram með villandi hætti til þess að fegra hlut lögreglukvenna.

Ríkislögreglustjóri birti í fyrradag samantekt um jafnréttismál lögreglu fyrir árið 2012. Samkvæmt henni er hlutfall kvenna tæp 16 prósent í yfirstjórn embættisins. Hæst er hlutfallið hjá embætti Suðurnesja, um 29 prósent, og næsthæst hjá embætti ríkislögreglustjóra og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, eða 25 prósent. Hjá hinum embættunum sat engin kona í yfirstjórn. „Sannleikurinn er sá að hjá Ríkislögreglustjóra er engin lögreglukona í yfirstjórn og ekki heldur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar er mikið gert úr háu hlutfalli kvenna í lögreglufulltrúastöðum, eins og minni, en slíkir starfsmenn hafa ekkert stjórnunarvald eða mannaforráð. Við fögnum því auðvitað að það séu fleiri konur í stjórnunarstörfum hjá lögreglunni en við viljum sjá lögreglukonur ná frekari frama innan lögreglunnar.“ - fbj



**Sannleikurinn er sá að hjá Ríkislögreglustjóra er engin lögreglukona í yfirstjórn og ekki heldur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.**
*Eyrún Eyþórsdóttir lögreglufulltrúi.*



**TÓK VIÐ TÍUÞÚSUNDASTA GLOSSINU** Dorrit Moussaieff veitti tíuþúsundasta glossinu viðtöku í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Söfnunarátakinu Á allra vörum lauk formlega í gær:

# Tæpar 47 milljónir söfnuðust

**GÓÐGERÐARMÁL** Tæplega 47 milljónir söfnuðust í átakinu Á allra vörum en því lauk í gær. Að þessu sinni var safnað fyrir nýrri geðgjörgæsludeild Landspítalans með sölu á glossi og frjálsum framlögum og veitti Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, fjármununum viðtöku á sjálfan geðheilbrigðisdaginn. „Við erum bara í skýjunum. Við gerðum okkur vonir um að ná að safna 40 milljónum því það var það sem bráðvantaði. Þetta fór því fram úr okkar væntingum og erum við virkilega þakklátar,“ segir Elísabet Sveinsdóttir, ein þeirra sem stóðu að átakinu. Dorrit Moussaieff veitti tíuþúsundasta glossinu viðtöku en forsetafrúin hefur stutt dyggilega við átakið frá upphafi. - ka

Sækist eftir fyrsta sætinu:

# Þorbjörg Helga í oddvitaslag

**REYKJAVÍK** Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir gefur kost á sér í fyrsta sæti í Reykjavík fyrir komandi sveitastjórnarkosningar í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins hinn 16. nóvember næstkomandi. „Ég er í stjórnmálum af hugsjón og skólamálin eru forgangsmál. Helsta verkefnið í dag er að bæta skólakerfið,“ segir Þorbjörg Helga, sem hefur verið borgarfulltrúi frá 2006.
Auk Þorbjargar Helgu hefur Júlíus Vífill Ingvarsson ákveðið að gefa kost á sér í oddvitasætið. - ebg

Malala Júsafsaí verðlaunuð:

# Hlýtur Sakharov-verðlaunin

**BARÁTTUMÁL** Hin sextán ára Malala Júsafsaí frá Pakistan hlýtur Sakharov-verðlaunin í ár fyrir réttindabaráttu sína fyrir stúlkur í föðurlandi sínu. Malala öðlaðist fyrst frægð árið 2009 þegar hún hóf að skrifa á bloggsíðu BBC um menntunarmál stúlkna undir oki talíbana. Fyrir ári var hún skotin í höfuðið af útsendara talíbana sem gramdist málflutningur hennar, en hún hefur náð sér að fullu. Malala er talin líklegust til að hljóta friðarverðlaun Nóbels í ár en norska valnefndin tilkynnir ákvörðun sína í dag. - ka

# Játaði heimilisofbeldi en var samt sýknaður

Réttargæslumaður konu sem kærði eiginmann sinn fyrir heimilisofbeldi segir sýknudóm einkennilegan. Konan fékk nálgunarbann á eiginmanninn skömmu eftir hina meintu árás. Lögmaðurinn segir konuna sitja uppi með sökina.

**DÓMSTÓLAR** „Maður deilir náttúrulega ekki við dómarann en mér finnst þessi niðurstaða vond,“ segir Grímur Hergeirsson, réttargæslumaður konu sem kærði manninn sinn fyrir heimilisofbeldi. Eiginmaðurinn var ákærður fyrir að hafa slegið konuna ítrekað í hendur og hrint henni á eldhúsinnréttingu þannig að hún hlaut áverka af. Maðurinn var sýknaður í Héraðsdómi Suðurlands í vikunni vegna þess að konan minntist ekki á það við skýrslutöku hjá lögreglu að hann hefði tekið hana hálstaki á meðan meint árás átti sér stað. Dómarinn mat þar af leiðandi sem svo að framburður konunnar hefði ekki verið nægilega stöðugur, einnig vegna þess að hún lýsti ekki nægilega vel hvernig hann veitti henni áverkana.



**GRÍMUR HERGEIRSSON**

Það var í apríl á síðasta ári sem maðurinn kom heim til sín að næturlagi. Hann var mjög drukkinn og hafði neytt verkjalyfja. Í framburði mannsins segir að þau hafi rifist og játaði maðurinn að hafa gripið oft þéttingsfast um fram- eða upphandlegg konunnar til að leggja áherslu á orð sín í rifrildi þeirra á milli, líklega í 15 til 20 skipti. Þá sagði hann í yfirheyrslu lögreglunnar: „Ég var dauðadrukkinn og lét illa, sló að ég hélt eða greip mjög fast í framhandlegg hennar en ekki upphandlegg …“. Maðurinn neitaði hins vegar að hafa ýtt konunni.




**HÉRAÐSDÓMUR SUÐURLANDS** Maðurinn var sýknaður í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

## Margir marblettir og líður illa andlega

Eftirfarandi er áverkavottorð konunnar sem var lagt fyrir dóminn:
„Við skoðun sést eftirfarandi: Er með marbletti á vi[nstri] upphandlegg utanverðum á nokkuð mörgum stöðum og er það aumt, líka aftanverðum upphandleggnum. Eymsli talsverð ofan við vi[nstra] brjóst en ekki mar og ekki að sjá bólgu. Mar, bólga og talsverð eymsli yfir svæði efst við rassaskoru [sic] sem liggur frá miðlínu og út á báðar rasskinnar. Ekki önnur sýnileg áverkamerki eða áþreyfanleg [sic]. Henni líður greinilega illa andlega.“

Atvikið stóð yfir í tvo tíma og að lokum flúði konan út af heimilinu til sonar síns. Fyrir dómi sagði konan að maðurinn hefði áður beitt hana heimilisofbeldi, þá ódrukkinn. Maðurinn var úrskurðaður í nálgunarbann eftir atvikið.

„Það sem er einkennilegt við rökstuðning dómarans er að konan er fundin sek um misræmi varðandi atriði sem engu máli skiptir,“ segir Grímur og bendir á að maðurinn hafi til að mynda ekki verið ákærður fyrir að taka hana hálstaki.

„Skýrsla var tekin fyrir einu og hálfu ári þegar atvikið var nýskeð og konan í miklu uppnámi, enda erfitt mál,“ segir Grímur. „Og svo kemur hún fyrir dóm þar sem hún er þráspurð um smáatriðin. Dómarinn gerir allt of mikið úr þessu misræmi á smáatriðum og mér finnst að það eigi ekki að leiða til sýknu,“ segir Grímur. Honum finnst verst að konan upplifi að hún hafi klúðrað málinu. „Hún situr uppi með þá sök að hún hafi ekki staðið sig nægilega vel fyrir dómi,“ segir Grímur.

valur@frettabladid.is




Fangelsin í Kópavogi og Skólavörðustíg án undanþágu frá reglum um salerni:

# Fara ekki að lögum í fangelsum

**FANGELSISMÁL** „Það var fyrir hreina handvömm að það var ekki sótt um á réttum tíma. Menn voru í sumarfríi og þetta gleymdist,“ segir Gísli Guðmundsson, forstöðumaður fangelsa á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Samkvæmt reglugerð um hollustuhætti frá 2002 eiga að vera salerni í hverjum fangaklefa en slíku er ekki til að dreifa í fangelsinu í Kópavogi eða í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Því hefur orðið að sækja um undanþágu á hverju ári frá þessu ákvæði. Undanþágan rann út 1. júlí en ekki var sótt um undanþágu í ár fyrr en tveimur mánuðum síðar eða í byrjun september. „Það er ekki búið að afgreiða undanþáguna en við eigum von á að það verði gert á næstu dögum,“ segir Gísli. Hann segir að allt of kostnaðarsamt sé að ráðast í breytingar og setja klósett inn á hvern klefa. „Ætli það myndi ekki kosta álíka mikið að byggja nýtt fangelsi og breyta fangelsinu í Kópavogi þannig að það uppfyllti reglugerðir,“ útskýrir Gísli.

Fjórtán fangar eru í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og tólf í fangelsinu í Kópavogi. Um leið og nýtt fangelsi verður tekið í notkun, sem er á áætlun árið 2015, verður þessum fangelsum lokað. - jme



**VANTAR SALERNI** Fangelsin í Kópavogi og Hegningarhúsið við Skólavörðustíg eru rekin á undanþágum frá reglugerð um hollustuhætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Komdu í Rúmfatalagerinn og gerðu

# GÓÐ KAUP!



Sweet Dreams

153 X 203 SM.

SPARIÐ 30.000

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

BONELL gormar | Svampur | Yfirdýna | Miðlungs | 10 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð

FULLT VERÐ: 129.950

99.950

**SWEET DREAMS AMERÍSK DÝNA**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 415 LFK gormar. Fætur og botn fylgja með. Stærð: 153 x 203 sm. Vnr. 801-11-1010



KRONBORG OF DENMARK

20% AFSLÁTTUR

GOLD EINSTÖK GÆÐI

NÚ VERÐ FRÁ:

1.595

**JERSEY TEYGJULÖK**
Mjög góð teygjulök. Efni: 100% bómull. Nokkrir litir. Ath. sumir litir eru ekki fáanlegir í öllum stærðum. Dýpt í öllum stærðum: 45 sm. Stærðir:
90 x 200 sm. **1.995** nú 1.595
120 x 200 sm. **2.295** nú 1.835
140 x 200 sm. **2.495** nú 1.995
180 x 200 sm. **2.995** nú 2.395
Vnr. 1643301



24% AFSLÁTTUR

HREIN EFNI

**DELUX KODDI**
Góður koddi fylltur með polyester-kúlutrefjum. Frábært verð! Stærð: 50 x 70 sm. Þyngd: 600 gr. Þolir þvott við 60°C. Vnr. 4307704

FULLT VERÐ: 1.695

1.295



40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 4.995

2.995

**MONTE CORNO SÆNG**
Góð sæng sem er í raun 2 sængur sem hægt er að smella saman. Önnur er 600 gr. að þyngd og hin 800 gr. Má þvo við 60°C. Stærð: 135 x 200 sm. Vnr. 4142150



VERÐ FRÁ:

2.995

**KÖKUKRUKKA**
Á 3 hæðum.
Lítil **2.995**
Stór **4.995**
Vnr. DP2000010



25% AFSLÁTTUR

NÚ VERÐ FRÁ:

2.995

**TAMLYN FERÐATÖSKUR**
Lítil **3.995** nú 2.995 Miðstærð **5.995** nú 4.995
Stór **7.995** nú 5.995 Vnr. 3964099



SPARIÐ 500

100 LÍTRAR

FULLT VERÐ: 4.495

3.995

**PLASTKASSI**
100 lítra plastkassi með smelltu loki.
Vnr. 330-11-1000



KAUPTU 2 OG SPARAÐU 500

1 PAR

995

NÝTT



**SOKKABUXUR**
Mikið úrval af flottum sokkabuxum. Stærðir: 2-5 ára.
1 par **995** nú 2 pör 1.490
Vnr. 24000607, 24000608

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR 11.10 - 16.10

## SVONA ERUM VIÐ



**9,5 prósent af ráðstöfunartekjum íslenskra heimila fóru í að reka ökutæki árið 2011.**

**Þetta eru rúmlega 500 þúsund krónur á ári að meðaltali á hvert heimili.**

Hlutfallið hefur hækkað verulega frá árinu 2006, þegar um sjö prósent ráðstöfunartekna fóru í rekstur ökutækja. *Heimild: Hagstofa Íslands*

Þjóðgarðsvörður í mál við umhverfisráðuneytið vegna umsóknarferlis:

# Telur innanhússmanni hyglað

**DÓMSMÁL** Snorri Baldursson, þjóðgarðsvörður í Vatnajökulsþjóðgarði, hefur stefnt umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og krefst skaðabóta vegna ferlisins við skipun skrifstofustjóra nýrrar skrifstofu landgæða hjá ráðuneytinu í fyrra.

Snorri var á meðal 25 umsækjenda um stöðuna og var metinn hæfastur ásamt Jóni Geir Péturssyni, sem að endingu var skipaður. Jón Geir hafði starfað hjá ráðuneytinu, meðal annars á skrifstofu landgæða, frá því 1. september sama ár.

„Málið snýst um það að ég tel umhverfisráðuneytið ekki hafa valið hæfasta og reynslumesta manninn til að gegna embættinu og að það hafi breytt ráðningarferli í miðjum klíðum til þess að geta réttlætt ráðningu innanhússmanns í starfið,“ segir Snorri, sem vill þó ekki gefa upp hversu hárra bóta hann krefst.

„Þar með tel ég ráðherra og ráðuneytið hafa farið á svig við nýsettar reglur um mat á hæfni umsækjanda til að gegna embætti við Stjórnarráðið,“ bætir hann við.

Málið var höfðað í vor og verður tekið fyrir 28. október. - sh

> **Þar með tel ég ráðherra og ráðuneytið hafa farið á svig við nýsettar reglur...**
> *Snorri Baldursson, þjóðgarðsvörður í Vatnajökulsþjóðgarði.*

Sænska ríkisútvarpið:

# Reinfeldt borgi afnotagjald

**SVÍÞJÓÐ** Innheimtudeild sænska ríkisútvarpsins fullyrðir að Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, eigi að greiða afnotagjald fyrir sjónvarp í embættisbústað sínum. Það er hins vegar mat starfsmanna í stjórnarráðinu að afnotagjaldið sem ríkisstjórnin borgar nái einnig til sjónvarpsins í embættisbústaðnum.

Við stjórnarmyndun 2006 kom í ljós að þrír ráðherranna höfðu ekki greitt afnotagjald. Tveir þeirra urðu að víkja. - ibs

Bjartsýni í kauphöllunum:

# Hlutabréfaverð hækkaði

**VIÐSKIPTI** Hlutabréfaverð í evrópskum kauphöllum hækkaði lítið eitt í gær eftir óvissutíð síðustu vikur sem skapaðist vegna stjórnmálaástandsins í Bandaríkjunum. Þar hefur hluti ríkisstofnana legið í lamasessi í rúma viku þar sem flokkar á þingi hafa ekki getað komið sér saman um áframhald á útgjöldum ríkisins.

Obama forseti fundaði með 20 manns úr hópi áhrifamestu fulltrúadeildarþingmanna repúblikana í gær. Þykir líklegt að reynt verði að ná saman um skammtímalausn á málinu, til eins eða tveggja mánaða. - þj

Galli í fjölmörgum bílum:

# 430 Nissan-bílar innkallaðir

**NEYTENDUR** BL ehf. hefur hafið innköllun á 430 Nissan-bifreiðum samkvæmt tilkynningu á vef Neytendastofu. Um er að ræða bifreiðar af tegundinni Qashgai (J10) og X-trail (T31) bifreiðar framleiddar frá nóvember árið 2006 til apríl 2013.

Ástæða innköllunarinnar er sú að skemmd getur komið upp í höfuð- og stangalegum með tilheyrandi óhljóðum. Í sjaldgæfum tilfellum getur vandamál komið fram er ekið er á háum snúningi og hraða sem getur leitt til ótímabærs slits á legum á sveifarási. - vg

## LEIÐRÉTT

Ranglega sagði í blaði miðvikudagsins að Daði Freyr Kristjánsson, sem dæmdur var fyrir að nema tvær stúlkur á brott í Árbæ í janúar, væri 33 ára. Hann er 31 árs.

# Rannsaka Kópavogslæk betur

Bæjarráð Kópavogs samþykkti í gær eftir mikið bókanastríð ítarlega úttekt á lífríki Kópavogslækjar, meðal annars með tilliti til sleppingar á silungaseiðum. Bæjarfulltrúi Næst besta flokksins gagnrýnir forgangsröðun.

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það er ákveðinn mælikvarði á heilbrigði lækjarins að það sé skemmtilegt líf í honum,“ segir Ómar Stefánsson úr Framsóknarflokki, sem í gær fékk samþykkta tillögu í bæjarráði um ítarlega úttekt á lífríki Kópavogslækjar.

Úttektina á að gera meðal annars svo hægt sé að meta hvort sleppa megi silunga- og laxaseiðum í lækinn. Fyrir fundinum lá svar Náttúrufræðistofu Kópavogs sem nú á einmitt að gera úttekt á læknum. „Þar segir að gera þurfi ítarlegri skoðun á læknum en að svo stöddu mæla þeir ekki með því að seiðum sé sleppt,“ segir Ómar um umsögnina.

Bæjarráð samþykkti með tveimur atkvæðum gegn einu tillögu Hjálmars Hjálmarssonar úr Næst besta flokknum um að láta meta kostnaðinn við tillögu Ómars.

„Það eru 300 manns á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði og það er verið að draga saman í sérkennsluúrræðum. Hvar er forgangsröðunin?“ spyr Hjálmar.

Ómar segir Kópavogslæk eina af náttúruperlum bæjarins og eiga sér skemmtilega sögu. „Ég hef heyrt þvílíkar veiðisögur af því þegar menn upplifðu að vera með stórfisk á stönginni,“ segir Ómar sem kveður aðstæður hafa breyst.

„Þegar tjörn var gerð við enda lækjarins ofan við Hafnarfjarðarveg var gerð stífla. Þar af leiðandi gengur ekki fiskur þarna um nema á ofboðslegu flóði. Það er því ekki fiskgengd eins og var hér í gamla daga.“

Hjálmar segir hugmynd Ómars ábyggilega ágæta en ekki tímabæra því aðstæður séu ekki fyrir hendi. „Þetta er einhver þrákelkni í Ómari,“ segir Hjálmar.

gar@frettabladid.is



**ÓMAR STEFÁNSSON** Úttekt á lífríki Kópavogslækjar snýst um margt fleira en sleppingu silungaseiða undirstrikar Ómar Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Ég hef heyrt þvílíkar veiðisögur af því þegar menn upplifðu að vera með stórfisk á stönginni.**
> *Ómar Stefánsson bæjarfulltrúi í Kópavogi.*

## ➜ Bókanir um bæjarlækinn í bæjarráði í gær



*„Undirritaður leggur til að Náttúrufræðistofu Kópavogs verði falið að gera ítarlega úttekt á lífríki lækjarins, meðal annars svo hægt sé að meta hvort mögulegt sé að sleppa bleikju-, urriða- og jafnvel laxaseiðum.“*
**Ómar Stefánsson**



**Hjálmar Hjálmarsson** lagði til að kostnaðarmat yrði fengið á tillöguna.



*„Það er greinilegt að Hjálmar hefur ekki hugmynd um hvað felst í því að vinna innan ramma fjárhagsáætlunar.“*
**Ómar Stefánsson**



„Það er ljóst af þessum tillögum um fiskeldi í Kópavogslæk hver er forgangsröðun Ómars Stefánssonar í málefnum Kópavogsbæjar.“
**Hjálmar Hjálmarsson**



„Það er greinilegt að Hjálmar velur að misskilja tillögu mína um að skoða lífríki lækjarins. Í ljósi þess að við rekum Náttúrufræðistofu Kópavogs er það verðugt verkefni að fá ítarlegar upplýsingar um lífríki lækjarins, sem er ein af náttúruperlum Kópavogs. Og treysti ég Náttúrufræðistofu Kópavogs til þess að leysa verkefni innan fjárhagsramma stofnunarinnar.“
**Ómar Stefánsson**



„Fyrir liggur nokkuð ítarleg úttekt á lífríki lækjarins þar sem þetta sérstaklega var skoðað og var það niðurstaða Náttúrufræðistofu að mæla ekki með að sleppa laxi eða silungi í lækinn.“
**Hjálmar Hjálmarsson**



„Það er rangt.“
**Ómar Stefánsson**



„Tel eðlilegt að láta meta gæði Kópavogslækjar, með tilliti til vatnsbúskapar, vatnsgæða, lífríkis, mengunar og hitastigs auk annarra umhverfisþátta. Tel hins vegar óþarft að skilgreina sérstaklega að slík úttekt sé gerð með seiðasleppingar sérstaklega í huga.“
**Ólafur Þór Gunnarsson**



„Það er ljóst að Ólafur velur að falla í þann pytt sem Hjálmar leggur. En tillagan gengur fyrst og fremst út á að skoða lífríki lækjarins. Að sleppa nokkrum fiskum í lækinn er skemmtilegt aukaatriði.“
**Ómar Stefánsson**



„Ég minni á upphaflega tillögu Ómars sem liggur fyrir.“
**Hjálmar Hjálmarsson**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
8-15 m/s V-til, annars yfirleitt hægari.




**Sunnudagur**
3-8 m/s.

**HELGARVEÐRIÐ** Það verður áfram fremur stíf suðaustanátt um vestanvert landið um helgina og dálítil væta með köflum. Dregur smám saman úr vindi og vætu en á sunnudag eru horfur á bjartviðri víðast hvar á landinu og áfram milt í veðri.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 25° | Billund | 13° | Gautaborg | 14° | London | 15° | Orlando | 29° | San Francisco | 17° |
| Basel | 15° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 14° | Mallorca | 25° | Ósló | 11° | Stokkhólmur | 11° |
| Berlín | 15° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 26° | New York | 17° | París | 13° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# HEIT TÆLENSK SÚPA Í HAUSTKULDANUM

fyrir 4 að hætti Rikku

- 2 msk olía til steikingar
- 3 kjúklingabringur, skornar í litla bita
- 1/2 sæt kartafla, skorin í litla bita
- 1/2 rauð paprika, skorin í litla bita
- 3 vorlaukar, sneiddir
- 2 hvítlauksrif, pressuð
- 1 tsk rifinn ferskur engifer
- 2 tsk fish sauce
- 1 msk rautt karrýmauk
- 2 dósir kókosmjólk
- 500 ml vatn
- 1 1/2 kjúklingakraftstengingur
- 1 msk safi af límónu
- ferskt kóríander

Steikið kjúklinginn ásamt sætu kartöflunni og steikið þar til að kjúklingurinn er alveg steiktur í gegn. Bætið þá paprikunni, vorlauknum, hvítlauknum og engiferinu og steikið stutta stund. Bætið fish sauce og karrýmauki saman við og hellið kókosmjólk og vatninu úr í ásamt kjúklingakraftinum og límónusafanum. Látið súpuna malla í 20-30 mínútur. Stráið söxuðu fersku kóríander yfir súpuna áður en að hún er borin fram.













**Snúður**
Alltaf nýbakað!




**Zevia gos**
Engar kaloríur, engin gervisæta. Með stevíu.




**Goodfella´s Pizzur**
- fljótlegt og þægilegt

Gildir til 13. október á meðan birgðir endast.

kleinuhringir

Kleinuhringjabar í Skeifunni, Smáralind, Garðabæ, Kringlunni og á Eiðistorgi

Minna úrval í öðrum verslunum.



HEFUR ÞÚ KÍKT Á KLEINUHRINGJAÚRVALIÐ Í HAGKAUP?

10 KRÓNUR AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í OKTÓBER RENNA TIL LJÓSSINS
LJÓSIÐ

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mörg sýni úr kjúklingum voru menguð af salmonellu í nýrri rannsókn Matís?
**2.** Hver er nýjasti heiðursborgari Reykjavíkurborgar?
**3.** Myndband hvaða íslenska tónlistarmanns er tilnefnt til verðlauna á UK Music Video-verðlaunahátíðinni í ár?

**SVÖR:** 1. Ekkert. 2. Yoko Ono. 3. Bjarkar Guðmundsdóttur.

Ný bók um aðgerðir föður drottningar Svíþjóðar á tímum nasista í Þýskalandi:

# Silvía Svíadrottning sökuð um þöggun

**SVÍÞJÓÐ** Silvía Svíadrottning er í nýrri bók, Drottningens hemlighet, harðlega gagnrýnd fyrir að draga úr aðgerðum föður síns á tímum nasista í Þýskalandi. Bókin er eftir sjónvarpsfréttamanninn Johan Åsard og er framhald á þáttum sjónvarpsstöðvarinnar TV4 um drottninguna og föður hennar, Walther Sommerlath, í nóvember 2010.

Í sjónvarpsþáttunum kom fram að Sommerlath hefði árið 1934 gengið í flokk nasista og árið 1939 tekið yfir verksmiðju í Berlín sem var í eigu gyðingsins Efim Wechsler sem síðan flúði frá Þýskalandi til Brasilíu.

Í frétt á vef Dagens Nyheter segir að drottningin hafi fengið ríkisskjalavörð Svíþjóðar til að kanna málið og hlutverk föður hennar. Í kjölfarið sagði Silvía að faðir hennar og gyðingurinn hefðu gert með sér viðskiptasamning. Faðir hennar hefði fengið verksmiðjuna og gyðingurinn jörð í Brasilíu í skiptum. Faðir hennar hefði auk þess hjálpað Wechsler við að flýja frá Þýskalandi.

Í bók sinni greinir sjónvarpsfréttamaðurinn frá gögnum sem sýna að gyðingurinn hafi fengið vegabréfsáritun til Brasilíu mörgum mánuðum áður en samningurinn var gerður. Auk þess hafi verðið fyrir fyrirtækið verið langt undir markaðsvirði þess. Jafnframt kemur fram að drottningin hafi ritað áhrifamiklum persónum fjölda bréfa í því skyni að beita gagnrýnendur þrýstingi. -ibs



**KONUNGSHJÓNIN** Karl Gústaf, konungur Svíþjóðar, og Silvía drottning. NORDICPHOTOS/GETTY



**BJARGAÐ** Sjúkraflutningamenn blésu lífi í köttinn Hnoðra FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ketti var bjargað úr bruna við Urðarstíg:

## Hnoðri er á batavegi

**REYKJAVÍK Hnoðri, köttur sem bjargað var úr bruna við Urðarstíg í gær, er orðinn sprækur og allur að koma til. Sjúkraflutningamenn endurlífguðu Hnoðra sem lá meðvitundarlaus inni í brennandi húsinu eftir að hafa orðið fyrir reykeitrun. Snör viðbrögð sjúkraflutningamanna virðast hafa komið kettinum til bjargar.** - jjk

Dæmdur fyrir líkamsárás:

## Beit í nef og brjóst manna

**DÓMSMÁL Tæplega þrítugur íbúi í Bláskógabyggð hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir líkamsárás gegn tveimur mönnum.**

**Hann bankaði upp á hjá manni sem hann taldi sig eiga sökótt við, kjálkabraut hann og beit hann í brjóstið við geirvörtu þannig að úr blæddi. Þegar annar blandaði sér í átökin beit árásarmaðurinn af honum nefbroddinn.**

**Honum er gert að greiða þeim fyrri 300 þúsund krónur í bætur og hinum 100 þúsund krónur.** - sh

Auglýst eftir leiguhúsnæði:

## Samgöngustofa þarf 3.500 m²

**STJÓRNSÝSLA** Ríkiskaup hafa óskað eftir að taka á leigu húsnæði fyrir starfsemi Samgöngustofu. Það á að vera á höfuðborgarsvæðinu og gert er ráð fyrir að það verði leigt í 25 ár. Tilboð þurfa að berast fyrir 30. október.

Gert er ráð fyrir að Samgöngustofa þurfi 3.500 fermetra húsnæði. Stofnunin sinnir verkefnum sem áður voru á könnu Umferðarstofu, Vegagerðarinnar, Flugmálastjórnar og Siglingastofnunar.

Ríkiskaup hafa einnig óskað eftir að kaupa eða taka á leigu 400 fermetra hús undir starfsemi Barnahúss. - sh

# Læknar verði áfram í björgunarþyrlum

Innanríkisráðherra segir áframhaldandi þjónustu þyrlulækna tryggða í fjárlögum. Uppsagnir áttu að taka gildi um áramótin. Yfirlæknir segir tíðindin ánægjuleg.

**STJÓRNSÝSLA** Þyrlulæknar munu að öllum líkindum starfa áfram um borð í björgunarþyrlum Landhelgisgæslunnar. Uppsagnir þeirra áttu að taka gildi um áramótin.

„Ég er þeirrar skoðunar að þjónusta þyrlulækna sé mjög mikilvæg og þess vegna forgangsröðuðum við okkar fjármagni þannig að sú þjónusta yrði tryggð áfram,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra en Landhelgisgæslan heyrir undir innanríkisráðuneytið.

Mikil óvissa hefur ríkt um stöðu þyrlulækna á árinu. Í júní síðastliðnum var öllum þyrlulæknum Landhelgisgæslunnar sagt upp vegna fjárskorts en á endanum náðist samkomulag á milli stjórnvalda og Landspítalans um að fresta uppsögnunum.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár er lögð fram fimmtíu milljóna króna hækkun á fjárveitingum til Landhelgisgæslunnar og er hún eyrnamerkt þyrlulæknum. Að auki skilaði embætti landlæknis sérstöku áliti til innanríkisráðherra í fyrradag þar sem þjónusta læknanna er sögð bráðnauðsynleg.

Landhelgisgæslan greiðir um 45 milljónir króna á ári til Landspítalans vegna þyrlulækna. Fimm læknar skipta með sér vöktum, á meðan þeir sinna öðrum störfum á spítalanum, og hver þeirra fór að meðaltali í um þrjú útköll á mánuði á árinu 2012. Landhelgisgæslan greiddi því um 750 þúsund krónur á mánuði fyrir hvern lækni á árinu, en inni í þeirri upphæð eru einnig lyf og búnaður læknanna.

Hanna Birna segir þjónustuna vissulega dýra en að ráðuneyti hennar hafi skoðað hvort sparnaður hlytist af því ef samningi við þyrlulækna yrði sagt upp.

„Þá hefði þurft að hafa annan einstakling um borð í þyrlunum og sparnaður af því hefði verið óverulegur,“ segir hún.

Viðar Magnússon, yfirlæknir þyrlusveitarinnar og læknir á Landspítalanum, hafði ekki heyrt af ákvörðun ráðuneytisins þegar Fréttablaðið talaði við hann í gær.

„Ef þetta reynist rétt þá get ég ekki verið annað en verið ánægður með að menn hafi séð gagnsemi þessarar þjónustu,“ segir Viðar.

haraldur@frettabladid.is



**Á VETTVANGI** Mikil óvissa hefur ríkt um stöðu þyrlulækna á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**„Ég er þeirrar skoðunar að þjónusta þyrlulækna sé mjög mikilvæg og þess vegna forgangsröðuðum við okkar fjármagni þannig að sú þjónusta yrði tryggð áfram.**

*Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra*


# Bosch-dagar

**Þýsk gæða-heimilistæki frá Bosch nú á frábæru tilboðsverði.**
**Skoðaðu tilboðin á heimasíðu okkar, www.bosch.is**

**Uppþvottavélar**
Mjög hljóðlátar, 44 dB. Orkuflokkur A++.
14 manna. Fimm kerfi. Séraðgerðir: Tímastytting kerfa, kraftþvottur og kraftþurrkun.

Made by Germans



**Tilboð (hvít):**
SMU 58M22SK
**139.900 kr.**
Fullt verð: 189.900 kr.
Þú sparar 50.000 kr.

Öll tilboð gilda til og með 12. október eða á meðan birgðir endast.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

**Þurrkari**
WTW 84100SN
Barkalaus. Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+. Sérkerfi: Íþróttafatnaður og 40 mín. hraðkerfi.
**Nýjung: Sjálfhreinsandi rakaþéttir.**



**Tilboð:**
**149.900 kr.**
Fullt verð: 189.900 kr.
Þú sparar 40.000 kr.



**Tilboð (stál):**
SMU 58M25SK
**149.900 kr.**
Fullt verð: 199.900 kr.
Þú sparar 50.000 kr.

BOSCH
BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET









# CHEVROLET DAGURINN

## VETRARSKOÐUN, RÁÐGJÖF OG GLAÐNINGUR LAUGARDAGINN 12. OKTÓBER

Veturinn er á næsta leiti og því ætla starfsmenn Bílabúðar Benna að leggja sig sérstaklega fram um að auka öryggi og ánægju Chevrolet eigenda með vetrarskoðun, sértilboðum og glaðningi fyrir alla fjölskylduna – án endurgjalds.

## ÓKEYPIS ÞJÓNUSTA

Fyrir utan veglega vetrarskoðun bjóðum við ókeypis áfyllingu á rúðuvökva og afhendum gjafakort hjá Bón og þvottastöðinni.

## FRÁBÆR TILBOÐ

Sértilboð og kynningar á bílavörum. Sölumenn nýrra og notaðra bíla verða í samningsstuði og bjóða í reynsluakstur.
**Tilboð á nýjum dekkjum.**

**Við hvetjum Chevrolet eigendur til að koma og njóta þess sem við höfum upp á að bjóða. Við stöndum vaktina á milli kl. 11:00 og 16:00 á laugardaginn í Reykjavík og Reykjanesbæ.**

### Facebook leikur

Kíktu í heimsókn, líkaðu síðuna og vertu með. Þann 1. nóvember drögum við út einn vinningshafa úr vinahópnum sem fær **70.000 kr. innborgun** á harðskeljadekk frá Toyo í verðlaun.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



**TÍMAMÓT** Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, hringdi Kauphallarbjöllunni í gærmorgun. MYND/KAUPHÖLLIN

Viðskipti hafin í Kauphöll:

## Fyrstu verðbréf Landsbankans

**VIÐSKIPTI** Sértryggð skuldabréf Landsbankans voru í fyrsta sinn tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands í gærmorgun.

„Þetta er fyrsta skráning á verðbréfum sem gefin eru út af Landsbankanum,“ segir í umfjöllun Kauphallarinnar um málið.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, hringdi bjöllu Kauphallarinnar til marks um upphaf viðskiptanna og skráningu bréfanna. - óká

Notkun stafrænnar tækni:

## Íslendingar eru í efsta sæti

**TÆKNI** Ísland er í efsta sæti þegar skoðað er hversu margir landsmenn hafa notað stafræna tækni alla sína ævi. Fjöldinn hér er 13,9 prósent. Á eftir fylgja Nýja-Sjáland, Suður-Kórea, Malasía og Litháen.

Þegar skoðað er hvar flest ungmenni hafa notað stafræna tækni alla ævi er Ísland í áttunda sæti og er hlutfallið 95,9 prósent. - ibs

# Mikil vinna hefur slæm áhrif

Íslensk ungmenni vinna mun meira en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum. Formaður Félags framhaldsskólakennara segir að námsárangur unglinga sem vinna með skóla sé lakari en hinna.

**SKÓLAMÁL** „Það er greinileg fylgni á milli slaks árangurs í námi og þess að nemendur séu á vinnumarkaði. Vinnan leiðir svo oft til þess að krakkarnir hætta í skóla,“ segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.

Samkvæmt niðurstöðum samnorrænnar rannsóknar sem birtist í Arbetsliv i Norden vinna íslensk ungmenni á aldrinum 15 til 19 ára mest allra ungmenna á Norðurlöndunum. Rúmlega helmingur þeirra er í vinnu en til samanburðar má nefna að rúmlega 40 prósent danskra unglinga eru á vinnumarkaði.

Aðalheiður segir að það séu tvær ástæður fyrir því að börn og ungmenni vinna svo mikið hér á landi. „Það er dýrt að vera í framhaldsskóla á Íslandi. Nemendur þurfa að greiða fyrir námsgögn og fleira sem tengist skólagöngunni. Sum heimili eru svo illa sett fjárhagslega að þau hafa ekki efni á að greiða þennan kostnað fyrir börnin svo þau verða að vinna. Hinn hópurinn er að vinna til að fjármagna ýmiss konar neyslu, svo sem fatnað, dýra síma og svo framvegis.“

Aðalheiður segir að á hinum Norðurlöndunum fái unglingar styrki til að stunda framhaldsskólanám og kennarar hér á landi hafi lengi talað fyrir því að slíkt kerfi yrði tekið upp hér á landi.

Samkvæmt könnuninni eru það einkum hlutastörf sem ungmennin sinna. Þetta eru láglaunastörf þar sem ekki er krafist skilgreindrar kunnáttu eða þekkingar. Vinnutíminn er oft og tíðum óreglulegur.

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segir að hvergi í Evrópu sé meira brottfall úr framhaldsskólum en á Íslandi. Mikil vinna geti átt þátt í því. Hún segir að margir gleymi því að nám sé vinna og því megi segja að mörg ungmenni vinni tvöfaldan vinnudag. Umboðsmaður bendir jafnframt á að ýmis lög og reglugerðir hafi verið sett til að takmarka vinnutíma ungmenna. johanna@frettabladid.is




### ➜ Kvöld- og næturvinna ungmenna

Unglingar á aldrinum 15 til 17 ára mega samkvæmt lögum vinna 40 tíma á viku. Þeir mega þó ekki vinna frá klukkan tíu á kvöldin til klukkan sex á morgnana. Þeir eiga að njóta 12 klukkustunda hvíldartíma á sólarhring og eiga tvo frídaga í viku. Það má þó veita undanþágu frá ákvæðinu um kvöld- og næturvinnu. Á sjúkrastofnunum eða á sambærilegum stofnunum mega unglingar vinna án takmörkunar frá miðnætti til fjögur að morgni. Í bakaríum mega þeir hefja vinnu klukkan fjögur að morgni. Í söluturnum, á skyndibitastöðum, myndbandaleigum, bensínstöðvum, hótelum og veitingastöðum mega unglingar vinna til miðnættis. Þeir mega líka vinna til miðnættis í leikhúsum og kvikmyndahúsum.



**VINNA MIKIÐ** Þátttaka íslenskra ungmenna á vinnumarkaði er mikil. Umboðsmaður barna segir að fólk megi ekki gleyma því að nám sé vinna og mörg ungmenni vinni tvöfaldan vinnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR

EYÐSLA AÐEINS 7,4 L/100 KM*

- Stærri en áður
- Eyðslugrennri en áður
- ESC skriðvörn
- TCS spólvörn
- Hátt og lágt drif
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- USB og AUX tengi
- Og margt fleira

Verð frá: **6.890 þús. kr. sjálfsk.**




Það þarf ekki að segja þeim sem til þekkja neitt um endingu og áreiðanleika Isuzu D-Max. D-Max pallbílarnir eru hagkvæmir og áreiðanlegir í rekstri vegna lágrar bilanatíðni og lítillar eldsneytiseyðslu. Isuzu D-Max er í sérflokki hvað varðar dráttargetu því hann getur dregið allt að 3000 kg.

ENNEMM / SÍA / NM59357 · *Miðast við beinskiptan bíl í blönduðum akstri.

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar Reykjanesbæ www.bilahusid.is 421 8808
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080



Bleika slaufan
TILBOÐIN GILDA 26. SEPTEMBER - 13. OKTÓBER
HAFÐU ÞAÐ HOLLT
HEILSUDAGAR Í NETTÓ
LJÚFFENG, LÍFRÆNT VOTTUÐ, BLÖNDUÐ TE SEM HENTA VIÐ ÖLL TILEFNI
Snore and Peace | After Dinner | Love me Truly | Rise and Shine | Cloud Nine | Zen Again
ISOLA BIO JURTAMJÓLK
Lífrænu Isola Bio jurtamjólkirnar eru einstaklega bragðgóðar og henta vel í þeytinginn, út á grautinn, í baksturinn og til drykkjar. Rísmjólkin er úr hágæða lífrænt vottuðum ítölskum hýðishrísgrjónum.
MÖNDLU MJÓLK
Vissir þú að Trönuberjasafi Healthy People er sættur á náttúrlegan hátt?!
Little Miracles eru lífræn orkuskot með acain & gingseng!
Allar vörur frá Arka -25%
Firefly safarnir eru ávaxtasafar með náttúrulegum jurtum sem gefa auka orku!
Söfum - 25%
www.netto.is
FULLUR AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM!
ALLT FYRIR FORMIÐ
Handlóð 2x1kg 1.498 kr.
Jafnvægisbretti 2.998 kr.
Jógamotta svört 1.798 kr.
Lóðasett krómað 3.998 kr.
Sippuband m/teljara 998 kr.
Upphífingaslá 2.998 kr.
Æfingabönd 3pk 1.798 kr.
Æfingateygjur 3pk 1.998 kr.
Armbeygjustandar 2.398 kr.
Eróbikkpallur 4.998 kr.
Stuttermabolur herra 2.498 kr
Toppur dömu 2.598 kr
Hlaupabuxur herra 4.998 kr
Íþróttabuxur dömu 4.598 kr
Æfingabolur dömu 3.498 kr
Stuttermabolur dömu 3.998 kr
Hlaupabuxur dömu 4.998 kr
Hlaupabuxur dömu stuttar 4.598 kr
Boxer herra 1.598 kr
www.netto.is
HOLLT &GOTT
ÝSUFLÖK - OKKAR
ROÐ OG BEINLAUS
VERÐ NÚ 1.188
VAR 1.398 KR/KG
nettó hollusta
MUNIÐ HEILSU BÆKLINGINN!
nettó hollusta

# Norðmenn ætla að stokka upp landbúnaðarkerfi sitt

Í stjórnarsáttmála Hægriflokksins og Framfaraflokksins í Noregi eru boðaðar viðamiklar breytingar á landbúnaðarkerfi landsins. Hvergi í heiminum nýtur landbúnaður jafnmikils stuðnings. Ísland er í fimmta sæti.

**LANDBÚNAÐUR** Lagðar eru til gagngerar breytingar á landbúnaðarkerfi Norðmanna í nýjum stjórnarsáttmála Hægriflokksins og Framfaraflokksins.

Meðal þess sem lagt er til í sáttmálanum er lækkun tolla og aukin samkeppni, afnám framleiðsluskerðingar og kvótasetningar sem hindri landnýtingu og framþróun í geiranum.

„Stjórnin vill efla landbúnaðinn með því að einfalda lög, reglur og stuðning,“ segir í sáttmálanum.

Um leið er tekið fram að breytingunum skuli smám saman komið á. Þá skuli tengja stuðning við landbúnað í auknum mæli við framleiðslu, fremur en landrými, innan þess ramma sem alþjóðleg reglusetning heimili. „Landbúnaðurinn á að reiða sig minna á opinberan stuðning, draga á úr kostnaði í geiranum og opna bændum ný tækifæri til að afla tekna.“ Sérstaklega sé horft til þess að einfalda kerfið og draga úr skriffræði tengdu landbúnaði.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður atvinnuveganefndar, segir ekki loku fyrir það skotið að ráðist verði í viðlíka breytingar á íslensku landbúnaðarkerfi.

„Við erum auðvitað með samning við Bændasamtökin sem er í gildi en framtíðarsýn okkar hlýtur



**JÓN GUNNARSSON**

að liggja í því að skoða með bændum alla möguleika á því með hvaða hætti við náum að efla íslenskan landbúnað,“ segir Jón.

Hann segir aukin tækifæri hafa komið upp í hefðbundnum landbúnaði hér, svo sem í tengslum við útflutning landbúnaðarvara. „Og með þeim breytingum og þróun sem eru að eiga sér stað hljótum við að reyna, með íslenskum landbúnaði eða þeim sem þar starfa, að efla hann og gera hann sjálfbærari í framtíðinni. Á því held ég að sé í raun gagnkvæmur áhugi meðal bænda og stjórnvalda.“

Í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um landbúnaðarstefnu ríkja stofnunarinnar segir að þróunin hafi síðustu ár og áratugi verið í átt að minni stuðningi í landbúnaði. Ljóst sé að tollamúrar og markaðshömlur einangri framleiðendur á heimamörkuðum og neytendur frá heimsmarkaði. Þröng sýn á sjálfbærni iðnaðarins innan hvers lands hafi í för með sér mikinn efnahags- og samfélagslegan kostnað. olikr@frettabladid.is



**SAMSTARFIÐ KYNNT** Erna Sólberg, formaður Hægriflokksins, og Siv Jensen, formaður Framfaraflokksins, kynntu samkomulag sitt um stjórnarmyndun í Noregi 30. september síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Noregur í fyrsta sæti og Ísland í fimmta

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) kynnti í mánuðinum nýja skýrslu um landbúnað. Þar kemur fram að sem fyrr er Ísland meðal þeirra landa þar sem landbúnaður nýtur hvað mestrar fyrirgreiðslu. Stuðningurinn er mestur í Noregi. Stuðningurinn er mældur sem PSE-hlutfall, sem mælir áætlaðan beinan og óbeinan stuðning við landbúnaðarframleiðslu sem hlutfall af heildartekjum. Hér fyrir neðan getur að líta fimm efstu lönd á lista OECD, auk meðaltals í ríkjum Evrópusambandsins og OECD í heild.



| Land | PSE-hlutfall |
|---|---|
| Noregur | 63,08% |
| Sviss | 56,65% |
| Japan | 55,85% |
| Kórea | 53,75% |
| Ísland | 47,33% |
| Meðaltal ESB | 19,04% |
| Meðaltal OECD | 18,56% |



**SIGURPLAST** Jón Snorri átti hlut í Sigurplasti.

Hæstiréttur staðfesti dóm:

## Lektor dæmdur fyrir skilasvik

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur Íslands staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Jóni Snorra Snorrasyni, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Hann var fundinn sekur um að hafa árið 2008 veðsett Sparisjóði Mýrarsýslu þriðjungshlut félagsins Agla ehf. í Sigurplasti.

Samkvæmt ákæru hafði hann áður sett sama hlut að veði til tryggingar láni frá SPRON. Í ákærunni segir að síðari veðsetningin, sem var til tryggingar á nýju láni, hafi verið með öllu óheimil. - vg

Tillaga Illuga samþykkt:

## Fjármagn aukið í túlkaþjónustu

**MANNRÉTTINDI** Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra, um að hækka framlag til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir þetta ár. Renna fjármunir í Félagslega sjóðinn sem ætlaður er fyrir túlkun við ýmsar athafnir daglegs lífs. Í fjárlögum voru upphaflega veittar 12,6 milljónir króna til þessa en framlagið nemur nú sex milljónum króna. - ka



## ÆFA SIG Í AÐ KOMAST AF Í HITABELTISSKÓGUM



**Á HERÆFINGU** Landgönguliði í Bandaríkjaher og kollegi hans í her Filippseyja borðuðu í gær rótarávöxt á æfingu þar sem reynir á afkomuhæfileika í hitabeltisfrumskógum. Æfingar hafa farið fram á svæði sjóhersins í Zambales, norður af Maníla, höfuðborg Filippseyja. Sameiginlegar æfingar landgönguliða úr herjum Bandaríkjanna og Filippseyja hafa nú staðið í þrjár vikur, um leið og yfir standa viðræður um hvernig auka megi viðveru bandarískra hermanna í Filippseyjum með því að fjölga reglubundnum heimsóknum þeirra þangað. Filippseyjar leita aukins stuðnings Bandaríkjanna vegna deilna við Kína um yfirráð yfir svæðum í Suður-Kínahafi. NORDICPHOTOS/AFP

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM
7 Skúffur, 283 stk. verkfæri




Verslanir
www.sindri.is / Sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

Öflugt fræðslustarf

Frá byrjun árs 2011 hefur VÍB staðið fyrir
150 fræðslufundum SEM YFIR 20.000 manns
hafa sótt eða fylgst með á vef okkar

Fylgstu með fræðslustarfi okkar á www.vib.is

Frábær ávöxtun




Hlutabréfasjóðurinn hefur skilað frábærri ávöxtun síðastliðin ár og er góð leið til þess að taka þátt í uppbyggingu íslenska hlutabréfamarkaðarins.

* Skv. www.sjodir.is
Ávöxtunartölur miðast við nafnávöxtun og er ávöxtun umfram 12 mánuði umreiknuð í ávöxtun á ársgrundvelli. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

vib

Við erum fyrsta val




Niðurstaða netkönnunar Capacent Gallup í maí 2013 var sú að Íslendingar myndu leita fyrst til VÍB - eignastýringarþjónustu Íslandsbanka þyrftu þeir á eignastýringarþjónustu að halda. 30,9% þeirra sem tóku afstöðu nefndu okkur sem fyrsta val.

Besta eignastýringin

WORLD FINANCE INVESTMENT MANAGEMENT AWARDS 2013

Í nýlegu vali breska fjármálaritsins World Finance þótti VÍB - eignastýringarþjónusta Íslandsbanka standa fremst íslenskra eignastýringaraðila. Við valið er horft til margra þátta og þá helst árangurs síðasta árs, fjárfestingaraðferða, þjónustu og fræðslu.

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA, FRÆÐSLA OG FJÁRFESTINGARAÐFERÐIR SKILA ÁRANGRI

Fáðu nánari upplýsingar á www.vib.is eða pantaðu viðtal við ráðgjafa í síma 440 4900.

**Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.**
**Hafa ber í huga að eign í fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað og lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði hennar.**
Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandssjóða, www.islandssjodir.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

**VÍB er eignastýringarþjónusta Íslandsbanka** | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | www.vib.is | Finndu okkur á Facebook

Braut gegn valdstjórninni:

# Dæmd fyrir að hrækja á löggu

**DÓMSTÓLAR** Kona sem var handtekin á Laugaveginum síðasta sumar var dæmd í 30 daga skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir brot gegn valdstjórninni. Konan var handtekin eftir að hún hrækti inn um opinn glugga lögreglubifreiðar og á lögreglumanninn sem sat þar. Hrákinn hafnaði í andliti og á líkama lögreglumannsins. Eins og greint hefur verið frá var lögreglumaðurinn svo ákærður fyrir handtökuna. - vg

Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir mikinn kraft í litlum og meðalstórum fyrirtækjum:

# Spá 17.500 nýjum störfum á næstu árum

**ATVINNUMÁL** Stjórnendur lítilla eða meðalstórra fyrirtækja sjá fram á að störfum innan þeirra raða fjölgi um 17.500 á næstu þremur til fimm árum.

Þetta kemur fram í könnun sem Samtök atvinnulífsins gerðu í september og var kynnt á Smáþingi í gær.

„Þetta sýnir að það er mikill kraftur í þessum hluta atvinnulífsins og er enn ein birtingarmyndin á þeim mikla krafti sem hefur farið hér í alls kyns nýsköpun,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Við sjáum að metnaður okkar smæstu fyrirtækja er mjög mikill því helmingur þessarar aukningar kemur þaðan,“ segir Þorsteinn.

Stjórnendur þessara smæstu fyrirtækja sem Þorsteinn talar um, það er fyrirtækja með færri en tíu starfsmenn, sjá samkvæmt könnuninni fram á þriðjungs fjölgun starfsmanna á næstu árum. Sú fjölgun myndi skila sér í tæplega níu þúsund störfum.

„Þetta er annað ástand en við sjáum í nágrannalöndum okkar þar sem nokkur stöðnun virðist ríkja í þessum hópi fyrirtækja. Hér á landi sjáum við hins vegar mikinn kraft og það er virkilegt ánægjuefni,“ segir Þorsteinn. - hg



**Við sjáum að metnaður okkar smæstu fyrirtækja er mjög mikill því helmingur þessarar aukningar kemur þaðan**

*Þorsteinn Víglundsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.*


NÝ TILSKIPUN EVRÓPUSAMBANDSINS UM STARFSEMI VERÐBRÉFASJÓÐA



Robert P. Lord

heldur fyrirlestur

á Háskólatorgi, stofu 105

föstudaginn 11. okt. kl. 12-13:15

Með tilskipuninni er reynt að samræma reglur um starfsemi verðbréfasjóða á evrópska efnahagssvæðinu ( EES). Eitt af því sem tilskipunin felur í sér er aukin upplýsingagjöf verðbréfasjóða og þar með gagnsæi fyrir þá sem festa fé sitt í slíkum sjóðum.Tilskipunin mun hafa mikil áhrif hér á landi sem annars staðar á svæðinu, sérstaklega þegar hömlum á fjárfestingu verður aflétt hér á landi.

Robert Lord er virtur lögfræðingur sem hefur hefur starfað við regluvörslu á verðbréfamörkuðum og unnið fyrir fjármálamarkaðinn víða um heim.

Aðgangur ókeypis, allir velkomnir!

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Samtök fjárfesta




**Á SKRIÐUKLAUSTRI** Ármann nefnir uppgröft á Skriðuklaustri sem vel heppnað verkefni sem skilað hefur mikilli vitneskju og laðar nú að fjölmarga ferðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fé til fornleifafræði skorið niður um 70%

Gert er ráð fyrir 32 milljónum króna til Fornminjasjóðs í fjárlagafrumvarpinu. Það er 90 milljónum króna minna en veitt var til fornleifarannsókna árið 2008. Íslenskir fornleifafræðingar vinna við rannsóknir í Noregi vegna verkefnaskorts.

**MENNING** Fjármagn til fornleifarannsókna hefur verið skorið niður um rúmlega 70% frá árinu 2007. Fornleifafræðingar lýsa yfir þungum áhyggjum af þróun mála og telja að vegið sé að fræðastarfi í fornleifafræði á Íslandi.

Ármann Guðmundsson, formaður Félags fornleifafræðinga, spyr hver skilaboð stjórnvalda séu í ljósi þessa, þótt allir séu meðvitaðir um stöðu þjóðarinnar í fjárhagslegu tilliti. Hann segir að ekki verði við svo búið lengur ef halda á lífi í greininni. Ármann segir að kannski sé því svo farið að fólk telji að fornleifafræði snúist bara um fjárútlát ríkissjóðs en hafa beri í huga þau verðmæti sem verða til. Ekki síst nýir ferðamannastaðir sem hafa verið byggðir upp í kjölfar rannsókna, sem séu til vitnis um blómaskeið fornleifafræði árin eftir aldamótin. Það blómaskeið eigi rætur sínar í úthlutunum Kristnihátíðarsjóðs og upphafi kennslu í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

„Við förum ekki fram á að stjórnvöld veiti fé í þetta hugsunarlaust en það er verið að byggja upp menningarstarfsemi. Það á svo líka við um þetta eins og annað að fólk sem er komið með ágætis reynslu þarf að leita annað eftir vinnu,“ segir Ármann. Hann starfar ásamt fleiri íslenskum kollegum sínum við fornleifarannsóknir í Noregi.

Spurður hvort hægt sé að hefja nýjar rannsóknir og ljúka þeim sem eru hafnar í ljósi fjárveitinganna nú segir hann það mjög erfitt.

Fornminjasjóður [áður Fornleifasjóður] er eini sjóðurinn sem er eyrnamerktur fornleifarannsóknum en hlutverk hans var aukið til muna á síðasta ári. Samkvæmt nýframkomnu fjárlagafrumvarpi verða fjárframlög til sjóðsins tæplega 32 milljónir króna á næsta ári. Um er að ræða 25 prósenta niðurskurð á framlögum á milli ára. Þegar best lét voru 122 milljónir króna til skiptanna árið 2008.

svavar@frettabladid.is

## Íslensk þjóðmenning í hávegum höfð

- Í ályktun frá Félagi fornleifafræðinga segir að bundnar séu vonir við að fjárframlög til þjóðmenningar verði skilgreind nánar.
- Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „Íslensk þjóðmenning verður í hávegum höfð, að henni hlúð og hún efld. Áhersla verður lögð á málvernd, vernd sögulegra minja og skráningu Íslandssögunnar, auk rannsókna og fræðslu. Ríkisstjórnin mun vinna að því að auka virðingu fyrir merkri sögu landsins, menningu þess og tungumálinu, innanlands sem utan.“

Viðræður um stækkun kirkjugarðsins í Hafnarfirði til norðurs:

# Ellatún verður nýtt grafarstæði

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Það eru tvö til tvö og hálft ár þangað til kirkjugarðurinn í Hafnarfirði verður fullgrafinn. Viðræður eru hafnar milli Kirkjugarða Hafnarfjarðar og bæjarstjórnar um stækkun garðsins.

„Garðurinn verður stækkaður til norðurs og verður á svokölluðu Ellatúni,“ segir Arnór Sigurðsson kirkjugarðsvörður og segir að Kaldársvegur komi til með að aðskilja eldri og yngri hluta garðsins. Á Ellatúni verður duftkerjum markað ákveðið svæði. Arnór segir að eins og er sé nóg pláss fyrir duftker í kirkjugarðinum en það verði fljótt að fyllast ef bálförum fjölgar jafnmikið í Hafnarfirði og í Reykjavík. Þar eru bálfarir um helmingur allra útfara en í Hafnarfirði eru þær um fimmtungur.

Arnór segir að bærinn leggi til land undir kirkjugarðinn í fullri grafardýpt en kirkjugarðarnir komi til með að sjá um yfirborðsframkvæmdir.

„Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir en það er ljóst að kostnaður við stækkun garðsins hleypur á hundruðum milljóna króna,“ segir Arnór. - jme




**GARÐURINN STÆKKAÐUR** Kirkjugarðurinn í Hafnarfirði er að verða fullgrafinn. Garðurinn verður stækkaður til norðurs og verður norðan Kaldársvegar.

# HarpaSjöfn

## 25% afsláttur um helgina

10 lítrar. Loftamálning 5.996kr ~~7.995~~




**HarpaSjöfn Loftamálning 10 ltr**
Polytex Loft 2 er sterk mött loftamálning til innanhússnota.
Litur: Hvítt. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7119968

10 lítrar. Innimálning 7.496kr ~~9.995~~




**HarpaSjöfn Polytex 7 veggmálning 10 ltr**
Polytex 7 er sterk veggmálning til innanhússnota.
Litir: Hvítt, beinhvítt, marmarahvítt og ljós antik. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7119970-7119977

10 lítrar. Innimálning 3.995kr




**Impra veggmálning 10 ltr**
Mött veggjamálning til notkunar innanhúss.
Gljástig 5, litur hvítur.
Vnr: 7119964

3 lítrar. Innimálning gljástig 20 2.996kr ~~3.995~~




**HarpaSjöfn gljástig 20 veggmálning 3 ltr**
Polytex 20 er vatnsþynnt akrýl-styrenmálning til innanhússnota.
Litur: Hvítt. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7119987

3 lítrar. Innimálning Akrýl 3.746kr ~~4.995~~




**HarpaSjöfn Akryl 10 veggmálning 3 ltr**
Polytex 10 er silkimött akrýlmálning til innanhússnota.
Litur: Hvítt. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7119981

3 lítrar. Innimálning Akrýl 4.121kr ~~5.495~~




**HarpaSjöfn Akryl 25 veggmálning 3 ltr**
Polytex 25 er vatnsþynnt 100% akrýlmálning til innanhússnota.
Litur: Hvítt. Málning sem þekur betur.
Vnr: 7119984

## MÁLNINGARDAGUR FJÖLSKYLDUNNAR

**í Skútuvogi á laugardag!**

**Litgreinir - við finnum litinn!**
Komdu með hvaða hlut sem er og við blöndum fyrir þig málningu í sama lit!

**Litaráðgjöf - veldu rétta litinn!**
Þórunn Högna verður með litaráðgjöf

**Andlitsmálun**
Andlitsmálun fyrir börnin.



HÚSASMIÐJAN

-allt fínt fyrir jólin

Tilboðsafsláttur gildir ekki af vörum merktum “Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar”


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gott verð á Pampersbleium í Bónus
3698 krónur pk
PAMPERS MIDI 114 STK.
15% LÆGRA VERÐ PR STK
3698 krónur pk
PAMPERS MAXI 94 STK .
9% LÆGRA VERÐ PR. STK.
3698 krónur pk
PAMPERS MAXI PLÚS 88 STK
11,5% LÆGRA VERÐ PR.STK.
3698 krónur pk
PAMPERS JUNIOR 80 STK.
5% LÆGRA VERÐ PR.STK.
1998 krónur 45 þvottar
ARIEL ÞVOTTAEFNI
45 ÞVOTTAR
239 krónur 770g
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770gr
198 krónur 600g
BÓNUS ÞRIGGJAKORNA BRAUÐ 600gr
498 krónur 1.36 kg
USA MACKONTOSH EPLIN
Ný uppskera, 1.36 kg poki
-10-
KRÓNUR
AF HVERRI
SELDRI
HIMNESKT
VÖRU
Í OKTÓBER
RENNA
TIL LJÓSSINS
LJÓSIÐ
HIMNESKT
398 krónur600g
BÓNUS KAFFI 600gr
798 krónur 400gr.
LÍFRÆNT KAFFI 400 gr
Malað eða baunir
359 krónur 500g
AKURSELS GULRÆTUR
Íslenskar lifrænt ræktaðar
FRÁ AMERÍKU
VÍNBER RAUÐ OG GRÆN
698 krónur kg
259 krónur kg
SÆTAR KARTÖFLUR
198 krónur 2 ltr
198 krónur 1.5 ltr
Súkkulaði Ís 2
398 krónur 2 ltr.
Vanillu Ís 2
398 krónur 2 ltr.
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR
398 krónur 2 ltr.
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Íslenskt grísakjöt af nýslátruðu

Íslenskt grísakjöt



1598 krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ

**STJÖRNUGRÍS FERSKAR GRÍSALUNDIR**



598 krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ

**STJÖRNUGRÍS FERSKUR GRÍSABÓGUR**

300 kr. lækkun
Verð áður 1598 kr.kg.




1298 krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ

ALI FERSKAR **ÚRBEINAÐAR GRÍSAHNAKKASNEIÐAR**

## Frosin forelduð PEKINGÖND




MATUR FYRIR CA. FJÓRA

2998 krónur. pk.

FROSIN FORELDUÐ **ÚRBEINUÐ PEKINGÖND**
*U.Þ.B. 600g* 24 PÖNNUKÖKUR OG HOISIN SÓSA

VINSÆLUSTU BRINGURNAR Í BÓNUS

Euroshopper frosnar kjúklingabringur 900gr




1579 krónur 900gr

NÝ SLÁTRAÐ

FERSKUR HÁLFUR **LAMBAHRYGGUR**
*LUNDAPARTURINN*

ÍSLANDS LAMB



1898 krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ

SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI
ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJAÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞVÍ ER MEIRA KJÖT OG MINNA BEIN Á LÆRINU!

FERSKT SÉRSKORIÐ **LAMBALÆRI**



1459 krónur kg
NÝ SLÁTRAÐ
ÍSLANDS LAMB

FERSKT KRYDDAÐ **HEIÐALAMB**




1398 krónur kg




NAUTGRIPA **GÚLLAS**

1998 krónur kg.

ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI **TILBÚIÐ Í OFNINN**




2198 krónur kg




NAUTGRIPA **SNITSEL**

1998 krónur kg.

ÍSLANDSLAMB
*FERSKT* **KINDAFILLET**



*TAKMARKAÐ MAGN*

1998 krónur kg.

HAUST SLÁTRUN 2012
ÍSLANDS LAMB

AFGREIÐSLUTÍMI **FÖSTUDAGUR** **10:00-19:30**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI **FÖSTUDAGUR** **10:00-19:30**

FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ: SAMEINING HEILBRIGÐISSTOFNANA Á LANDSBYGGÐINNI



**HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA** Samstarf heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum yfir vetrarmánuðina er sagt með öllu ómögulegt vegna erfiðra samgangna. Spurt er um grundvallarþekkingu embættismanna á aðstæðum í fjórðungnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mikið óhagræði fyrir fáar krónur?

Sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni er mætt með vantrú af hálfu heimamanna. Vestfirðingar segja boðaðar breytingar með öllu óframkvæmanlegar. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga segir sterkar stofnanir á landsbyggðinni koma Landspítala til góða.

## Heilbrigðisumdæmin sjö:
**fyrirhugaðar sameiningar**

**HEILBRIGÐISUMDÆMI NORÐURLANDS:**
- Heilbrigðisstofnunin Blönduósi
- Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki
- Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð (Siglufjörður/Ólafsfjörður)
- Heilbrigðisstofnun Þingeyinga (Húsavík)
- Heilsugæslustöðin Dalvík
- Heilsugæslustöðin á Akureyri

**HEILBRIGÐISUMDÆMI VESTFJARÐA:**
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (Ísafirði)
- Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði




**HEILBRIGÐISUMDÆMI SUÐURLANDS:**
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands (Selfoss)
- Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja
- Heilbrigðisstofnun Suðausturlands (Höfn í Hornafirði)

- Á Suðurlandi eru þrjár heilbrigðisstofnanir; á Selfossi, í Vestmannaeyjum og á Höfn í Hornafirði. Á Norðurlandi renna saman heilbrigðisstofnanirnar á Blönduósi, Sauðárkróki, í Fjallabyggð og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík. Þá renna Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Patreksfjarðar saman. Ef af sameiningu stofnana verður mun ein stofnun verða í hverju þessara heilbrigðisumdæma.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Ákvörðun Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra um að sameina heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni er harðlega gagnrýnd af heimamönnum. Flestir virðast lesa mikið óhagræði fyrir óljósan fjárhagslegan ávinning út úr breyttu fyrirkomulagi sem er boðað, en enn á eftir að útfæra.

### Langur vetur

„Eins og samgöngum er háttað í dag þá gætu Patreksfjörður og Ísafjörður allt eins verið hvor í sínum landsfjórðungnum, níu mánuði ársins,“ segir í bókun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar frá því á þriðjudag. Bæjarráð leggst eindregið gegn sameiningu heilbrigðisstofnana og segir jafnframt í fundargerð að ekki blasi við hvernig fjarstýring heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði frá Ísafirði leiði til „… styrkari stjórnar, aukins sjálfstæðis eða betri, öruggari og sveigjanlegri þjónustu við íbúana. Þessi aðgerð er einnig líkleg til að draga úr þeirri sjálfseflingu sem nauðsynleg er samfélögum á landsbyggðinni“.

Þarna er lagt út frá texta í bréfi velferðarráðuneytis, dagsettu 25. september, þar sem sveitarstjórnarfólki eru kynnt áform um sameiningu heilbrigðisstofnana innan þriggja heilbrigðisumdæma; á Vestfjörðum, Suðurlandi og Norðurlandi.

Bæjarráð Vesturbyggðar hjó í sama knérunn í gær með ályktun. Þar er niðurstaðan sú að sameiningarnar veiki grunnstoðir samfélaganna og minnki öryggi íbúa.

### Dagleið

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, veltir því fyrir sér hvort nokkur sem kom að frumvarpssmíðinni hafi minnstu þekkingu á staðháttum á Vestfjörðum. „Stærstan hluta ársins er faglegt samstarf hér á milli vonlaust. Heiðarnar hérna á milli eru lokaðar. Við skiljum ekki hvernig það á að bæta þjónustuna við fólkið á svæðinu ef yfirstjórnin er slegin af og sérfræðingar eiga að flæða hérna á milli. Ef sérfræðingur á að koma hingað á Patreksfjörð um hávetur þá þarf hann að keyra fyrst yfir á Þingeyri, fara á snjóbíl yfir Hrafnseyrarheiðina inn í Mjólká, þangað næði póstbáturinn í hann og flytti yfir á Bíldudal. Þá þyrfti einhver að ná í hann þangað til að fara yfir tvo fjallvegi til viðbótar. Þetta er dagsferð í besta falli,“ segir Ásthildur og segir dæmið undirstrika hvað ákvarðanir embættismanna geti verið bjagaðar, sérstaklega þegar ekkert samráð er haft við heimamenn um jafn stórar ákvarðanir og hér um ræðir.

Ásthildur segir að þessum hugmyndum um sameiningu sé hafnað í báðum sveitarfélögunum – af öllum. Hún ítrekar í því ljósi óskir sveitarfélagsins sem borist hafa heilbrigðisyfirvöldum um yfirtöku sveitarfélagsins á rekstri stofnunarinnar.

Þegar víðar er leitað kemur það sama í ljós. Í ályktun bæjarráðs Fjallabyggðar frá 1. október er lýst yfir áhyggjum þar sem ekki komi fram í bréfi velferðarráðuneytisins hvaða áhrif sameiningin muni hafa á heilbrigðisþjónustu í Fjallabyggð. Óskað er eftir fundi með heilbrigðisráðherra.

Bæjarráð Norðurþings tók málið fyrir síðdegis í gær og ályktaði með eftirfarandi hætti: „Bæjarráð Norðurþings leggst alfarið gegn fyrirhugaðri sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi. Bæjarráð telur að með sameiningu allra stofnana á Norðurlandi muni stjórnun heilbrigðisþjónustu á svæðinu fjarlægjast íbúana.“

Þá segir að tillagan sé ekki ný af nálinni og hingað til hafi ekki verið færð fram fullnægjandi rök fyrir meintri hagræðingu í rekstri. Að mati bæjarráðs eru líkur á að „enn eina ferðina“ skerðist sú grunnþjónusta sem veitt er í dag.

Bæjarráð veltir því fyrir sér hvort ekki felist þversögn í því að á sama tíma og fjölbreyttara rekstrarform er boðað í heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sé það ætlunin að steypa alla heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi í eitt form; stofnun sem nær yfir um 35% af flatarmáli landsins.

### Sjálfbjarga

Í orðum Ásthildar Sturludóttur kristallast það sjónarmið að við hagræðingu í heilbrigðisþjónustunni sé ekki vænlegt til árangurs að færa forræðið frá heimamönnum. Þetta kemur skýrt fram hjá Vestmannaeyingum, en bæjarráðið leggst alfarið gegn áformunum „sem leiða munu til þess að forræðið á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja verði fært frá Vestmannaeyjum og á Selfoss“, eins og segir í ályktun.

Settur hefur verið á fót starfshópur ráðuneytisins og bæjarstjórnar sem hefur, meðal annars, með höndum að kanna kosti þess og galla að bærinn reki, samkvæmt samningi við ríkið, heilbrigðisþjónustu í Vestmannaeyjum.

Magnús Skúlason, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,



HALLDÓR HALLDÓRSSON

sagði í viðtali við Fréttablaðið 2. október að samgöngur og fjarlægðir á milli staða kæmu fyrst upp í hugann, þegar hann var inntur álits á sameiningunni á Suðurlandi. „Það getur verið að ráðuneytið sjái eitthvað í þessu hvað varðar faglega þjónustu. Ég sé hins vegar engan stórkostlegan fjárhagslegan ávinning,“ voru hans viðbrögð.

### Styrkir Landspítalann

Með lögum um heilbrigðisþjónustu frá árinu 2007 og reglugerð um heilbrigðisumdæmi frá sama ári var landinu skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Ráðherra getur, að höfðu samráði við heimamenn og Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið að sameina heilbrigðisstofnanir með reglugerð.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að engin spurning sé í sínum huga að forgangsröðun sem þessi eigi að lúta að stjórnun stofnana en ekki að þeim sem starfa við að lækna og hjúkra. „En við hjá sambandinu nálgumst svona mál á forsendum heimamanna sjálfra. Ég held að allir nálgist þetta með skilningi á því að laga okkur að breyttum forsendum í þjóðfélaginu. Við viljum öll taka þátt í því. En ég verð var við ótta heimamanna við þessar breytingar og samgöngur eru ofarlega á baugi.“

Halldór bendir á að oft gleymist í umræðunni um heilbrigðisþjónustu á Íslandi að sterkar heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni styðji við stóru spítalana. „Það skiptir miklu máli fyrir álagið á Landspítalanum að svo sé. Þannig, held ég, að fjármagnið nýtist best. Að fjármagninu, sem er eyrnamerkt því starfi, sé veitt til sterkra stofnana sem vinna viss verkefni, sem þá á móti auka ekki álagið á rosalega álagspíndu starfsfólki á Landspítalanum.“



**Ef sérfræðingur á að koma hingað á Patreksfjörð um hávetur þá þarf hann að keyra fyrst yfir á Þingeyri, taka snjóbíl yfir Hrafnseyrarheiðina inn í Mjólká, þangað næði póstbáturinn í hann og flytti yfir á Bíldudal. Þá þyrfti einhver að ná í hann þangað til að fara yfir tvo fjallvegi til viðbótar. Þetta er dagsferð í besta falli.**

*Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar*

## Forstjórum fækkar – annað kemur í ljós

- Gert er ráð fyrir að með ráðstöfunum verði dregið úr útgjöldum í rekstri um 161 milljón króna, en við þessar breytingar fækkar ríkisforstjórum heilbrigðisstofnana um sex, er sérstaklega tekið fram í frumvarpinu.
- Hvernig þetta verður gert nákvæmlega kemur ekki í ljós fyrr en við aðra umræðu frumvarpsins á Alþingi. Það markast af því að ekki náðist að taka tillit til þessara breytinga í texta fjárlagafrumvarpsins og því liggur ekki fyrir útlistun á sameinuðum fjárlagaliðum hverrar stofnunar fyrir sig.
- Í bréfi velferðarráðuneytisins til sveitarstjórna sem málið varðar segir að meginávinningur sameiningar sé talinn verða styrkari stjórn og aukið sjálfstæði stofnana, hagkvæmni og betri, öruggari og sveigjanlegri þjónusta við íbúana, ekki síst í jaðarbyggðum.



PIPAR\TBWA • SÍA • 132967

# -10 kr.

## af lítranum í dag,

## OG

## fjórfaldir Vildarpunktar Icelandair

Dæmi: 10.000 kr. áfylling gefur **600 Vildarpunkta**.




Afslátturinn gildir bæði á ÓB- og Olís-stöðvum.



**Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð!**



**Afslátturinn gildir einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís.**

ICELANDAIR SAGA CLUB

Til að safna Vildarpunktum Icelandair með ÓB-lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair korti, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi ÓB eru á ob.is/Vildarkerfi.

# SKOÐUN

Efnavopnin í Sýrlandi tóku til sín athygli heimsins:

## Manndráp með hefðbundnu sniði

Litið hefur verið á það sem meiriháttar diplómatískan sigur að takast skyldi að semja um að stjórnvöld í Sýrlandi létu efnavopnabúr sitt af hendi og skuldbyndu sig til að eiga hvorki né nota efnavopn í framtíðinni. Og auðvitað er það áfangi út af fyrir sig. Bandaríkjamenn hættu við að gera árásir á Sýrland. Breiðan, alþjóðlegan stuðning við slíkar aðgerðir skorti og óvíst er að þær hefðu skilað þeim árangri sem vonazt var eftir.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Hvort sem stjórn Assads Sýrlandsforseta bar ábyrgð á efnavopnaárásum á almenna borgara eða ekki hefur hún hins vegar grætt á þeim farvegi sem málið fór í eftir að eiturgasárásirnar voru gerðar. Athygli heimsins hefur beinzt að efnavopnunum, beitingu þeirra og lausn á þeim afmarkaða þætti málsins.

Hún er reyndar ekki einföld í framkvæmd; það er gríðarlega flókið mál fyrir Efnavopnastofnunina (OPCW) að fara um land þar sem borgarastyrjöld geisar, sannreyna upplýsingar sýrlenzkra stjórnvalda um vopnabúrin, eyða vopnunum og eyðileggja vopnaverksmiðjur.

Á meðan þokast lítið sem ekkert í átt að diplómatískri lausn á hinu raunverulega vandamáli; harðneskjulegri kúgun stjórnar Assads á borgurum landsins og hinni harðvítugu borgarastyrjöld. Stutt er síðan þotur Sýrlandshers gerðu loftárás á skóla í landinu, svo dæmi sé nefnt.

Eins og ýmsar alþjóðlegar hjálparstofnanir hafa bent á, hafa meira en 99 prósent þeirra yfir 100 þúsund manna sem hafa verið drepnir í Sýrlandi undanfarin ár fallið fyrir hefðbundnum vopnum. Af slíkum vopnum er meira en nóg í landinu og stuðningsríki stjórnvalda og uppreisnarmanna færa þeim enn meira af þeim. Um tvær milljónir Sýrlendinga eru nú landflótta. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær horfum við nú upp á mesta flóttamannavanda heimsbyggðarinnar í átján ár, eða frá því að voðaverkin í Rúanda hröktu hundruð þúsunda manna á flótta.

Flóttamannavandinn hefur hríðversnað á þessu ári eftir því sem átökin hafa harðnað. Flóttamennirnir búa við ömurlegar aðstæður í tjaldbúðum í nágrannalöndum Sýrlands. Myndir Vilhelms Gunnarssonar, ljósmyndara Fréttablaðsins, frá Líbanon sem birtast í blaðinu þessa dagana veita örlitla innsýn í neyðina sem þar ríkir. Nú gengur veturinn í garð og tilvera flóttamannanna verður enn erfiðari.

Pia Prytz Phiri, svæðisstjóri Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að búizt væri við að flóttamenn í nágrannaríkjum Sýrlands gætu orðið þrjár milljónir. Þá væri ótalin sex og hálf milljón manns, sem er á vergangi innan landamæra Sýrlands.

Phiri kallaði eftir því að ríki heims, þar á meðal Ísland, legðu bæði fram meira fé til hjálparstarfs og tækju við fleiri flóttamönnum en þau hafa þegar skuldbundið sig til. Íslenzk stjórnvöld eiga að taka vel í hvort tveggja. Á meðan ríki heims eru í sameiningu of vanmáttug til að binda enda á borgarastríðið í Sýrlandi verða þau að axla ábyrgð á afleiðingum þess og lina þjáningar fólksins sem þurft hefur að flýja heimili sín.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allir með strætó

Gunnar Sigurðsson, bæjarfulltrúi á Akranesi og formaður Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, ber sig illa í samtali við Skessuhorn um framtíð almenningssamgangna milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands. Hann segir mikið tap á rekstrinum sem útilokað sé að sveitarfélögin geti staðið straum af. Það er miður þar sem almenningssamgöngur eru afar mikilvægar þar sem þeirra er þörf. En hverju sætir á Vesturlandi?

### Einkaframtakið

Jú, að sögn Gunnars lögðu sveitarfélögin upp í verkefnið á þeim forsendum að um einkaleyfi væri að ræða en nú er staðan orðin flóknari. „Nú er hins vegar komið á daginn að það eru önnur rútufyrirtæki sem keyra í kapp við strætóinn og reyna að verða korteri á undan strætisvagninum til að ná í farþegana. [...] Almenningssamgöngurnar eru bara í uppnámi út af þessu tapi.“ Þarna eru sumsé komið einkafyrirtæki (skilst manni) sem sinna þörfum notenda jafnvel eða betur en opinbera þjónustan. Þetta er mögulega einföldun en er ekki óþarfi að hella útsvarspeningum í þjónustu sem aðrir eru tilbúnir að veita án opinberra styrkja? Pæling ...



### Fánar og framsókn

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins, hefur, ásamt félögum sínum í flokknum, lagt fram frumvarp um breytingu á fánalögum. Í hnotskurn snýst það um að rýmka reglur um fánanotkun þannig að íslenski fáninn geti verið dreginn lengur að húni. Silja hefur mikinn áhuga á íslenska fánanum því að hún lagði líka fram frumvarp um daginn um að leyfa notkun hans á umbúðum íslenskrar framleiðsluvöru. Það verður fróðlegt að sjá hvað kemur næst.



thorgils@frettabladid.is
stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Öflugri löggæsla

LÖGGÆSLA



**Hanna Birna Kristjánsdóttir**
innanríkisráðherra

Á næsta ári er gert ráð fyrir rúmlega 500 milljóna króna framlagi til eflingar löggæslu. Hér er um mikilvægan áfanga að ræða enda er það eitt af helstu verkefnum stjórnvalda að tryggja öryggi almennings og gæta þess að lögregla geti tekist á við sitt mikilvæga þjónustuhlutverk.

Strax í upphafi næsta árs munu landsmenn þannig verða varir við aukna löggæslu, meðal annars með fjölgun lögreglumanna. Á næstu dögum verður skipuð þverpólitísk þingnefnd sem fær það hlutverk að forgangsraða fyrrnefndu fjármagni. Henni til stuðnings verður sérstakt rekstrarteymi á vegum innanríkisráðuneytisins sem hefur nýtt sumarið vel til að greina störf lögreglunnar, fá skýra sýn á öryggis- og þjónustustig, mannaflaþörf og fleira þannig að hægt sé að meta þörfina, til dæmis eftir staðsetningu lögreglunnar í landinu.

Við getum öll verið sammála um mikilvægi þess að halda uppi skilvirkri og öflugri löggæslu í landinu. Það er sérstaklega brýnt að efla löggæsluna með fjölgun lögreglumanna, en einnig þurfum við að flýta rannsókn mála, huga vel að útbúnaði lögreglunnar og tryggja öryggi lögreglumanna. Fyrir utan það að veita fjármagn til að efla löggæslu er í nýju fjárlagafrumvarpi einnig gert ráð fyrir framlagi til þess að sporna við skipulagðri glæpastarfsemi, auknu framlagi til rannsókna á kynferðisbrotum og þá sérstaklega gagnvart börnum þar sem bætt er við tæplega 100 milljónum króna.

**➜ Strax í upphafi næsta árs munu landsmenn þannig verða varir við aukna löggæslu, m.a. með fjölgun lögreglumanna. Á næstu dögum verður skipuð þverpólitísk þingnefnd sem fær það hlutverk að forgangsraða fyrrnefndu fjármagni.**

Það hefur verið ánægjulegt að skynja öflugan stuðning þingmanna allra stjórnmálaflokka á Alþingi við þessari ákvörðun um að efla löggæslu í landinu. Ég vona að þannig verði það áfram og veit að með öflugri löggæslu munum við bæta enn frekar almannahag og öryggi í íslensku samfélagi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Ætlar þú að **breyta** um **lífsstíl?**

Að námskeiðinu standa m.a. hjúkrunarfræðingar, íþróttafræðingar, læknir, næringarfræðingur, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar.

**Heilsulausnir**

Henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

- Heilsulausnir hefjast mánudaginn 28. okt.
- Mán, mið og fös kl. 07:20, 12:00 eða 17:30
- Verð kr. 17.500 pr. mán í 12 mán.
- Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

**Kynningarfundur miðvikudaginn 16. október kl. 17:30 – Allir velkomnir!**



HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Fyrirsjáanleg framtíð

GJALDMIÐLAR



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

**➔ Hvernig ætli fólki líði svo þar sem hugtakið „gjaldgeng mynt“ og umræðuefnið „erlendur gjaldeyrir“ er gersamlega óþekkt?**

Svo lengi sem ég man hefur fyrirtækjum á Íslandi verið skipt í þrjá misgóða flokka. Í efsta flokknum – þeim besta – hafa verið fyrirtæki, sem selt geta framleiðslu sína fyrir gjaldgenga mynt. Kölluð „gjaldeyrisskapandi fyrirtæki“. Af því að þau geta selt framleiðslu sína fyrir gjaldgenga mynt getum við látið það eftir okkur að kaupa lyf, bíla, heimilistæki, spjaldtölvur, bensín, olíur og þess háttar frá útlöndum.

**Næstbestir**

Í næstbesta flokknum eru fyrirtæki, sem framleiða vörur og þjónustu, sem að vísu ekki fæst gjaldgeng mynt fyrir – bara íslenskar krónur – en bjóða vöru og þjónustu sem ella þyrfti að kaupa frá útlöndum fyrir gjaldgenga mynt. Slík fyrirtæki nefnast „gjaldeyrissparandi fyrirtæki“. Þarna má nefna fyrirtæki eins og Mjólkursamsöluna, svínabúin, Holta-kjúkling, Bæjarins bestu og fleiri og fleiri. Þegar við Íslendingar erum svo í krísu því oss vantar meiri „gjaldeyri“ er hægt að bregðast við vandanum með úrræðum Guðna Ágústssonar: „Drekkum miklu meiri mjólk og étum miklu meira smjör því það sparar gjaldeyri.“

**Lakir og slakir**

Í neðsta flokknum eru svo atvinnufyrirtæki sem hvorki geta selt fyrir gjaldgenga mynt né sparað okkur gjaldeyri. Fyrirtæki, sem borga þeim sem þar vinna í mynt, sem hvergi er gjaldgeng meðal siðmenntaðra þjóða (nema auðvitað hérna) og geta ekki einu sinni hjálpað okkur til þess að spara það lítilræði sem við þó eigum af gjaldgengri mynt.

**Svo langt sem séð verður**

Svona hefur verið okkar umhverfi svo langt sem elstu menn muna og svona er því ætlað að vera „um fyrirsjáanlega framtíð“. Hvernig ætli fólki líði svo þar sem hugtakið „gjaldgeng mynt“ og umræðuefnið „erlendur gjaldeyrir“ er gersamlega óþekkt? Þar sem allar tekjur og öll útgjöld eru greidd í mynt, sem er gjaldgeng hvar sem niður er borið í heiminum? Þar sem „gjaldeyrisskortur“ er ekki vandamál, eignir í gjaldgengri mynt eru ekki áhyggjuefni og „snjóhengjuvandamál“ aðeins lítillega þekkt – og þá af afspurn? Þar sem allur atvinnurekstur sem skilar arði er talinn vera og er jafn mikilvægur fyrir þjóðarbúið?

**Draumalönd?**

Er þarna verið að lýsa einhverju „draumalandi“? Nei, þarna er verið að lýsa aðstæðum fólksins í löndum eins og öllum löndum ESB, í Kanada, í Bandaríkjunum – já jafnvel í Danmörku og Noregi. Þar er hvarvetna notuð gjaldgeng mynt. Vandamál vegna skorts á gjaldgengri mynt eru þar einfaldlega ekki til. En á Íslandi viljum við ekki svoleiðis. Við veljum ávallt „sérstöðuna“. Metum hana mikils. Það er svo þjóðlegt. Svo mikið svona víkingablóð og Íslendingseðli. Laðar að ferðamenn. Gott að svo mun áfram verða „um fyrirsjáanlega framtíð“! Það tókst að tryggja í síðustu kosningum.

# Hjólastígar Stalíns?

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



„Vofa kommúnismans?“ skrifar tilvonandi prófkjörsframbjóðandi í Morgunblaðið og vísar þá í skipulagshugmyndir þeirra sem vilja ekki byggja stærri og breiðari vegi í Reykjavík. Jæja, þá er prófkjörsslagurinn kominn þangað. Ef þú vilt ekki byggja mislæg gatnamót þá sækirðu innblástur í helstefnu.

Björn Jón Bragason hefur haft fyrir því að koma sér á framfæri innan Sjálfstæðisflokksins, skrifað greinar í blöð, gefið út kvikmynd, komið sér í nokkrar talsmannastöður og tekið í spaðann á fólki sem máli skiptir. Þetta segi ég raunar af botnlausri virðingu. Stjórnmál snúast um þetta.

Það er til fyrirmyndar að menn setji skoðanir sínar fram með skýrum hætti til að aðrir geti tekið afstöðu til þeirra. Það hefur Björn Jón gert og vá, hvað ég er oft ósammála honum. Honum finnst bruðl að eyða 20 milljónum í hjólastíg en sjálfsagt mál að byggja mislæg gatnamót fyrir 11 milljarða. Við erum líka ósammála um bílastæði, göngugötur og fleira. Ég sé til dæmis ekki frjálshyggjuvinkilinn við það að ríkið niðurgreiði flugvöll á besta byggingarlandi borgarinnar í þágu atvinnuskömpunar. En nóg um það að sinni. Grípum í greinina:

*„Skipulagshyggjan er algjör í nútímanum en þrettán af fimmtán borgarfulltrúum Reykvíkinga hafna sjálfkrafa þróun sem byggist á óskum, vonum og þrám borgaranna sjálfra. Þess í stað skal líf borgaranna skipulagt í þaula eftir fastmótuðum kennisetningum. Getur verið að vofa kommúnismans gangi enn ljósum logum?“*

**Hæpið og hart**

Sé hér um að ræða aðdróttun dulbúna sem spurningu hlýtur sú aðdróttun að teljast ansi gróf. Að halda því fram að þeir sem studdu þessar aðalskipulagstillögur, þar á meðal Gísli Marteinn, Þorbjörg Helga og Áslaug María, borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, hafi sótt innblástur sinn í kommúnisma, og þörf hans til að skipuleggja líf fólks í þaula, hlýtur að teljast bæði hæpið og hart.

Kommúnisminn var óhugnanleg stefna sem kostaði tugmilljónir manna lífið. Eru menn komnir í hóp Lenins, Stalíns, Maós og Pols Pot ef menn vilja gera hjólastíga og færa flugvelli? Elskuðu kommúnistar hjólastíga? Hötuðu þeir flugvelli?

Kommúnistar elskuðu breiðar götur, tignarlegar byggingar, hersýningarvæn torg og blokkahverfi í úthverfum. Í Moskvu eru einhverjar breiðustu götur í byggðu bóli. Ceausescu, leiðtogi Rúmeníu, reif niður 30 þúsund manna hverfi til að byggja eitt stærsta hús í Evrópu og fáránlega breiða götu. Margar höfuðborgir í Austur-Evrópu eru svona.

Það er ekki þar með sagt að umferðin í öllum þessum borgum sé eitthvað frábær. Hún er það ekki enda verður umferð ekki frábær við það að gerð séu stærri umferðarmannvirki. Því í raun er umferðarvandamálið hagfræðilegt en ekki verkfræðilegt. Allir vilja fá aðgang að vegi á sama tíma og enginn þarf að borga sérstaklega fyrir hann. Þegar verðið er of lágt og eftirspurnin mikil eru biðraðir eina lausnin.

> **Jæja, þá er prófkjörsslagurinn kominn þangað. Ef þú vilt ekki byggja mislæg gatnamót þá sækirðu innblástur í helstefnu.**

En kannski felst ásókunin um kommúnisma ekki í því hvað skal skipulagt heldur að það sé gert yfir höfuð. Fólkið vill keyra og maður vill neyða það til að hjóla og taka strætó. En því miður, ég bara sé það ekki hvernig það að leggja tiltölulega ódýran hjólastíg felur í sér það að vilja „neyða“ fólk til að hjóla en það að nema jarðir og hús eignarnámi til að byggja vegi, brýr og fjölhæða gatnamót sé með einhverju móti „sjálfsprottið skipulag“. Skipulag sem felur ekki í sér neina þvingun.

Um það hvort byggja skuli einbýlishús í hlíðum fjalla eða þétta byggð í Vatnsmýri má eflaust deila og hafa jafnvel gaman af. Ekkert er að því að menn blási til sóknar með aðra af þessum meginstefnum í skipulagsmálum að leiðarljósi. Ég verð þó að játa að mér líkar ekkert sérstaklega að vera kenndur við kommúnisma fyrir það að vilja mála hjólareinar á götur í stað þess að byggja hraðbrautir og mislæg gatnamót. En ætli ég jafni mig ekki á því.

# Um ábyrgð lækna

HEILBRIGÐISMÁL



Elías Sæbjörn Eyþórsson
læknanemi

**➔ Á Íslandi er menntun niðurgreidd af ríkinu. Þjóðfélagið hefur tekið þá ákvörðun að það sé eftirsóknarvert að tryggja rétt allra til náms óháð fjárhag.**

Í Kastljósi þann 24. september sl. ræddi Jóhannes Kr. Kristjánsson við Fjólu Dögg Sigurðardóttur, formann Félags læknanema, og Ásdísi Örnu Björnsdóttur, formann sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, um könnun sem var lögð fyrir nemendur í heilbrigðistengdum greinum við Háskóla Íslands. Í stuttu máli var niðurstaða hennar að fæstir nemar gátu hugsað sér að vinna á Landspítalanum að loknu námi við núverandi aðstæður. Viðtalið var upplýsandi og ég hvet þig lesandi til að nálgast það á vef Ríkisútvarpsins.

Jóhannes stóð sig ágætlega. Hann spurði viðmælendur sína til skiptis og dró fram þær upplýsingar sem þurfti. Þegar leið á viðtalið varpaði Jóhannes hins vegar fram þeirri spurningu hvort læknum bæri ekki siðferðisleg skylda til að starfa á Íslandi þar sem námið þeirra væri kostað af skattgreiðendum. Þessari skoðun er nær undantekningalaust skotið inn í umræðuna í hvert sinn sem kjaramál lækna eru rædd. Við nánari athugun er hún í besta falli vanhugsuð og má ekki standa óátalin.

Á Íslandi er menntun niðurgreidd af ríkinu. Þjóðfélagið hefur tekið þá ákvörðun að það sé eftirsóknarvert að tryggja rétt allra til náms óháð fjárhag. Þetta samrýmist stefnu þeirra landa sem við viljum helst bera okkur saman við og er að mínu viti skynsamlegt. Hægt er að hafa skoðun á þessari stefnu en það er önnur umræða út af fyrir sig. Niðurgreiðslan gildir ekki bara um læknisfræði, heldur allar fræðigreinar sem hægt er að nema. Samt sem áður heyrist aldrei sagt um veðurfræðinga, myndlistarfólk eða viðskiptafræðinga að þeim beri siðferðisleg skylda til að starfa á Íslandi eftir útskrift. Enda væri það bersýnilega fáránlegt.

**Rót vandans**

Nú hugsar þú kæri lesandi: „En Elías, læknanemar kosta meira en aðrir nemar!“ Segir hver? Þrátt fyrir mikla leit finn ég hvergi útreiknaðan meðalkostnað á nemanda eftir námsleiðum. Jafnvel ef þær upplýsingar eru til og læknanemar kosta meira en aðrir þá finnst mér ekki að það séu rök til stuðnings átthagafjötrum. Er einhver hámarksupphæð sem nemi má kosta til þess að hann eigi rétt á að flytja til útlanda í framtíðinni?

Ímyndum okkur að lækni bæri að starfa þar sem skattgreiðendur hafa kostað nám hans. Flestir læknar sérhæfa sig í undirgreinum læknisfræðinnar. Þetta framhaldsnám er ekki í boði á Íslandi í flestum sérgreinum og læknar sækja sér það nám erlendis. Íslenskir skattgreiðendur borga ekkert með því námi. Það gera erlendir skattgreiðendur hins vegar. Hvar eiga þá læknar að starfa? Hvor siðferðislega skyldan vegur þyngra? Er það bundið við krónutölu?

Ég fellst á það að þessi skoðun er sjaldan úthugsuð. Henni er hent fram í örvæntingu af fólki sem sér hættuna á atgervisflótta lækna en sér engar lausnir á því erfiða vandamáli. Ég þykist ekki vita hvernig má leysa vanda heilbrigðiskerfisins. En það gagnast engum að varpa ábyrgðinni á lækna sem telja sig ekki geta starfað við þær aðstæður sem þeim eru boðnar. Það þarf að taka á rót vandans, ekki á afleiðingunum.




# Í sókn á norðurslóðum

NORÐUR-SLÓÐIR



Gunnar Bragi Sveinsson
utanríkisráðherra

Breið samstaða er á Alþingi um að hagsmunir Íslands á norðurslóðum séu eitt af forgangsmálum utanríkisstefnunnar. Á þeim rúmu tveimur árum sem liðin eru síðan Alþingi samþykkti einróma stefnu í norðurslóðamálum hefur verið unnið ötullega að þessum málum í utanríkisráðuneytinu.

Þróunin í okkar heimshluta er hröð. Siglingar eftir norðaustursiglingaleiðinni hafa margfaldast á fáum árum, uppbygging tengd olíuleit heldur áfram og áform Grænlendinga um auðlindanýtingu taka á sig skýrari mynd.

Á pólitíska sviðinu fer mikilvægi Norðurskautsráðsins vaxandi. Starfsemi ráðsins hefur verið styrkt meðal annars með opnun fastaskrifstofu sem stýrt er af ráðagóðum framkvæmdastjóra, Magnúsi Jóhannessyni. Þá voru ný áheyrnarríki boðin velkomin til þátttöku í störfum ráðsins á ráðherrafundi þess fyrr á árinu. Í þeim hópi eru öll helstu efnahagsveldi Asíu, sem undirstrikar áhuga fjarlægra ríkja á okkar heimshluta og skapar ný sóknarfæri til samstarfs.

### Tækifæri og áskoranir

Fram undan eru mörg tækifæri fyrir Ísland. Hæst ber olíuleit á Drekasvæðinu og möguleika sem tengjast auknum samgöngum á norðurslóðum. Í báðum tilfellum er mikið verk að vinna og skynsamlegt að stilla væntingum í hóf.

Uppbygging á Drekanum er sýnd veiði en ekki gefin en fyrirliggjandi forsendur gefa fullt tilefni til að kanna til hins ýtrasta hvort olíu sé þar að finna í vinnanlegu magni. Stefna nýrrar stjórnar í Noregi hefur ekki áhrif á þessi áform Íslands.

Í samgöngumálum hafa íslensk fyrirtæki í skipaflutningum og flugþjónustu þegar hafist handa við að tengjast betur samgöngu- og flutninganetum norðursins. Með því ryðja þau brautina fyrir ný tækifæri til sóknar fyrir útflutning á vörum og þjónustu. Þá eru áform þýska fyrirtækisins Bremenports staðfesting þess að umfangsmikil hafnarstarfsemi á Norðausturlandi kann að verða raunverulegur valkostur í atvinnuuppbyggingu.

Til að mæta auknum viðskiptatækifærum hefur hið íslenska norðurslóðaviðskiptaráð tekið til starfa en það mun tengjast alþjóðlegu viðskiptaráði undir hatti Norðurskautsráðsins. Stjórnvöld og viðskiptalífið hafa í sameiningu unnið af krafti að þessum verkefnum undanfarið og ég er sannfærður um að íslensk fyrirtæki munu nýta sér þennan vettvang til að skapa ný viðskiptatækifæri.

Samvinna á vísindasviðinu er sem fyrr hornsteinn í starfi norðurskautsríkjanna og hún hefur aukið mjög þekkingu okkar á umhverfi og félagslegri þróun norðurslóða. Sjálfbærni, skynsamleg nýting og verndun viðkvæms lífríkis eru leiðarljós í öllu okkar starfi. Þá hefur nýleg skýrsla loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna undirstrikað hversu brýnt það er að Norðurskautsráðið haldi áfram að beita sér fyrir rannsóknum og aðgerðum vegna áhrifa loftslagsbreytinga í okkar heimshluta.

### Skarpari norðurslóðastefna

Breytingarnar sem nú eiga sér stað kalla á skarpari sýn stjórnvalda í norðurslóðamálum. Af því tilefni hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa ráðherranefnd um málefni norðurslóða undir forystu forsætisráðherra. Við munum þannig tryggja betur hagsmunagæslu Íslands með aukinni samhæfingu á æðsta stigi stjórnsýslunnar.

**➜ Til að mæta auknum viðskiptatækifærum hefur hið íslenska norðurslóðaviðskiptaráð tekið til starfa en það mun tengjast alþjóðlegu viðskiptaráði undir hatti Norðurskautsráðsins.**

Norðurslóðastefnan sem Alþingi samþykkti árið 2011 er leiðarstef norðurslóðastarfsins og framkvæmd hennar verður nú í forgrunni. Við leggjum áherslu á öflugt samstarf við norðurskautsríkin, leiðandi hlutverk Norðurskautsráðsins, mikilvægi Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, öryggishagsmuni Íslands og málafylgju í alþjóðastarfi.

Þá hef ég kynnt í ríkisstjórn þau áhersluatriði sem verða sett sérstaklega á oddinn á komandi misserum. Mikilvægt hlutverk viðskiptalífsins hefur þegar verið nefnt. Þá verður áfram unnið að tillögugerð um þróun viðbragðs- og þjónustumiðstöðvar á Íslandi. Hagsmunir Íslands felast í því að horfa til framtíðar hvað varðar leit og björgun og viðbrögð við umhverfisvá í ljósi aukinna efnahagsumsvifa og umferðar á norðurslóðum.

Með opnun aðalræðisskrifstofu Íslands á Grænlandi skapast tækifæri til að efla vestnorrænt samstarf og við munum leita leiða til að styrkja enn frekar tengslin við Nuuk og Þórshöfn. Sérstöku verkefni um jafnréttismál á norðurslóðum hefur verið ýtt úr vör, sem verður meðal áherslumála okkar innan Norðurskautsráðsins. Þá munum við kynna norðurslóðastefnu og áherslur Íslands í Asíuríkjum með viðskiptatækifæri að leiðarljósi og samhliða því efla samskiptin við ESB, sérstaklega hvað varðar samgöngu- og umhverfismál hér á norðurslóðum.

HLAUPTU NÚ!

Þér er boðið í útgáfuboð í tilefni þess að bókin okkar *Út að hlaupa* er orðin að veruleika.
Við hlökkum til að sjá þig á Loft Hostel í Bankastræti í dag kl. 17.




· Undirbúningur og æfingaáætlanir
· Mataræði og búnaður
· Æfingar og teygjur
· Keppnishlaup
· Hlaupakort

*Út að hlaupa* er alhliða fræðslubók um hlaup fyrir byrjendur og lengra komna



*Elísabet Margeirsdóttir og Karen Kjartansdóttir*

NÝ ÍSLENSK HLAUPABÓK!

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ



FLÝJA BORGARA-STYRJÖLDINA

**Vilhelm Gunnarsson,** ljósmyndari Fréttablaðsins, heimsótti Líbanon og kynnti sér hvernig hjálparsamtök reyna að hjálpa þessu litla og óstöðuga ríki að takast á við gríðarlegan fjölda flóttamanna frá Sýrlandi.



**Uppreisnargjörn og með ákveðna sýn**

**Katrína Mogensen** er söngkona hljómsveitarinnar Mammút sem sendir frá sér plötu eftir fimm ára bið.

**Eftir löglegum leiðum**

Hægt er að nálgast afþreyingarefni með löglegum hætti á margvíslegan hátt.

**Þetta var lengri leiðin til Eyja**

**Edda Andrésdóttir** fréttaþula á bæði góðar og slæmar minningar frá Eyjum. Hún vildi verða fljúgandi fréttamaður eins og Ómar Ragnarsson en ástin tók völdin í háloftunum.



FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | visir.is

**HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS**
*Ómissandi hluti af góðri helgi*

Laugardaginn 12. október

# opið hús

kl.10-17

## hjá Íslenskri erfðagreiningu



**Laugardaginn 12. október, frá kl.10-17, býður Íslensk erfðagreining alla velkomna í heimsókn í höfuðstöðvar fyrirtækisins að Sturlugötu 8, 101 Reykjavík.**



## ÞEKKING
Í ALLRA ÞÁGU



$11^{00}$ & $14^{30}$ **Kári Stefánsson** flytur erindi um **Erfðafræði**

$12^{00}$ & $15^{30}$ **Agnar Helgason** flytur erindi um **Uppruna Íslendinga**



$13^{00}$ – $14^{00}$ **Hjaltalín** spilar fyrir gesti

$10^{00}$ – $17^{00}$ **Vélmenni** leikur listir sínar fyrir börn og fullorðna



**Léttar veitingar** fyrir unga sem aldna



## SKOÐUNARFERÐIR UM HÚSIÐ

Þar gefst gestum kostur á að sjá eftirfarandi:

- Lífsýnasafn Íslenskrar erfðagreiningar
- . Einangrun á erfðaefni (DNA)
- Tækjabúnað fyrir arfgerðargreiningu
- Tækjabúnað fyrir raðgreiningu
- Tölvukerfi ÍE, sem er eitt það öflugasta á landinu
- Kynningu á Íslendingabók

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Sturlugata 8 | 101 Reykjavík | Sími: 570 1900 | www.decode.is



✝

Móðir okkar,

**FANNEY MAGNÚSDÓTTIR**
**Norðurbrún 1,**

lést föstudaginn 4. október. Jarðsungið verður frá kapellu Fossvogskirkju föstudaginn 18. október klukkan 15.00.

**Halldór Viðar Halldórsson**
**Birgir Viðar Halldórsson**
**Konráð Viðar Halldórsson**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**BJÖRG H. FINNBOGADÓTTIR**
**frá Ólafsvík,**

verður jarðsungin frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 12. október kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á söfnunarreikning Ólafsvíkurkirkju 0194-05-401286, kt. 500269-4999.

**Finnbogi H. Alexandersson** **Sigríður M. Halldórsdóttir**
**Svanhildur Alexandersdóttir** **Marinó H. Sveinsson**
**Stefán Alexandersson** **Laila Michaelsdóttir**
**Lára Alexandersdóttir**
**Örn Alexandersson** **Aðalheiður Steinunn Eiríksdóttir**
**Atli Alexandersson** **Elfa Eydal Ármannsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar,

**HALLGRÍMUR ÞÓRÐARSON**
**netagerðarmeistari,**
**Heiðarvegi 56, Vestmannaeyjum,**

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja hinn 8. október síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Þórður, Einar, Halldór, Heimir og Jónína Hallgrímsbörn**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**FANNEY LEÓSDÓTTIR**

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 7. október.

**Már Karlsson**
**Anna Lára Másdóttir**
**Birna Björg Másdóttir** **Sigmar Jónsson**
**Karl Kári Másson** **Íris Rut Agnarsdóttir**
**Fanney, Bjarki Már, Hildur Hrönn**
**Agnar Már og Fannar Davíð.**



✝

Ástkæri eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR H. JÓNATANSSON**
**Grænlandsleið 34, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 28. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigríður Guðmundsdóttir**
**Lea Kristjánsdóttir**
**Helgi Guðmundsson** **Þ. Kolbrún Jónatansdóttir**
**Ómar Guðmundsson** **Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir**
**Sandra M. Guðmundsdóttir** **Júlíus V. Finnbogason**
**og barnabörn.**

**Haustútsalan**
er hafin hjá Graníthöllinni
Mikið úrval fallegra legsteina
sjá nánar á granitholin.is



Graníthöllin legsteinar
Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 38 88

**ÞETTA GERÐIST:** 11. OKTÓBER 1975

# Bill og Hillary Clinton gengu í hjónaband

Á þessum degi árið 1975 gengu William Jefferson Clinton og Hillary Rodham í hjónaband í Little Rock í Arkansas. Þau kynntust árið 1972 þegar þau lögðu bæði stund á laganám við Yale-háskóla en sama ár unnu þau bæði að forsetaframboði George McGovern.

Hjónin settust að í Little Rock þar sem Bill sökkti sér í pólitík og starfaði sem lögfræðingur þar til hann bauð sig fram í ríkisstjórakosningum árið 1978. Hann sigraði í kosningunum og varð þar með yngsti maðurinn til að gegna embætti ríkisstjóra í Bandaríkjunum. Clinton hélt síðan sigurgöngunni áfram og lagði George Bush eldri í forsetakosningum árið 1992. Þá var Clinton 46 ára gamall og varð þannig yngsti maðurinn til að gegna embætti forseta Bandaríkjanna frá því að John Kennedy tók við embættinu 43 ára gamall.

Hillary sat ekki auðum höndum á meðan bóndinn brölti til áhrifa en hún hafði áður látið hafa það eftir sér að hún ætlaði sér ekki að „hanga heima og baka kökur". Hillary lét einnig til sín taka á opinberum vettvangi og lét sig heilbrigðismál sérstaklega varða. Clinton hafði ekki gegnt forsetaembættinu lengi þegar sú kenning kom upp að Hillary héldi í raun um stjórnartaumana í Hvíta húsinu og uppnefnin Hill og Billary skutu upp kollinum. Hjónabandið beið hnekki þegar upp komst um samband Bills við lærlinginn Monicu Lewinsky en forsetahjónin stóðu það af sér.

Hillary sóttist eftir tilnefningu Demókrataflokksins til forseta árið 2008 en tapaði fyrir Barack Obama.



# Ekki bara vampírur og einræðisherrar

## Rúmenskir menningardagar standa nú yfir. Dagskráin er gríðarlega fjölbreytt.

Rúmenskir menningardagar hófust í gær í Hörpu og standa fram yfir helgi. „Þetta er fyrst og fremst bara landkynning. Rúmenar voru sérstakir gestir á RIFF-hátíðinni fyrir tveimur árum. Þeim fannst svo gaman og það tókst svo vel til að þetta varð til í framhaldinu," segir Valur Gunnarsson, verkefnisstjóri rúmenskra menningardaga.

„Það sem fólk veit um Rúmeníu tengist helst Drakúla greifa eða einræðisherranum Ceaucescu. Það eru margir fleiri merkir Rúmenar til og ætlunin er að kynna nokkra þeirra. Hérna kynna þeir allsherjar menningardagskrá sem er hreint út sagt frábær," segir Valur jafnframt. „Á næsta ári ætla þeir að koma með bókmenntahátíð," bætir hann við.

Dagskrá menningardaganna er fjölbreytt en í gær voru opnunartónleikar hátíðarinnar. Þar spiluðu þeir Remus Azoitei og Eduard Stan.

„Það gekk mjög vel í gær og salurinn var nánast fullur. Þeir voru tvisvar klappaðir upp," útskýrir Valur. Sendinefnd á vegum Rúmeníu er nú stödd hér á landi í tilefni hátíðarhaldanna.

Dagskráin er fjölbreytt og úr nægu að velja fyrir menningarþyrsta.

Skáldið Doina Ioanid frá Generation 2000 ræðir við Jórunni Sigurðardóttir í Eymundsson í dag klukkan fimm og grínmyndin Of Snails and Men er sýnd í Bíói Paradís í kvöld klukkan átta. I'm an Old Communist Hag er sýnd í Bíói Paradís á morgun klukkan sex og leikstjórinn Stere Gulea situr fyrir svörum á eftir.

Kvikmyndin Child's Pose er sýnd daglega í Bíói Paradís en hún hlaut Berlinale-verðlaunin í ár.

„Svo verða balkantónleikar með Lucien Nagy trio electric klukkan hálfníu á Hótel Borg á morgun þar sem fimmtíu prósenta rúmenskt plómuvín verður í boði hússins á meðan birgðir endast," segir Valur.

Hátíðinni er svo lokað með allsherjar matar-, vín- og ferðakynningu í Norræna húsinu á sunnudag frá tólf á hádegi til sex.

olof@frettabladid.is



**VALUR GUNNARSSON ER VERKEFNISSTJÓRI RÚMENSKRA MENNINGARDAGA** Hátíðin var opnuð í gær með tónleikum í Hörpu. MYND/SIGTRYGGUR ARI JÓHANNSSON



✝

Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, vináttu og umhyggju við andlát og útför okkar ástkæra föður, sonar, tengdaföður, bróður og mágs,

**SIGURGEIRS SIGURÐSSONAR**
**flugstjóra.**

**Lilja Sigurgeirsdóttir** **Óskar Ásgeir Óskarsson**
**Elizabeth Svanhildur Sigurgeirsdóttir**
**Pálína Guðmundsdóttir**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Halldór M. Gunnarsson**
**Anna Svanhildur Sigurðardóttir**
**Guðrún Rósa Sigurðardóttir**
**Kjartan Sigurðsson** **Særún Jónasdóttir**
**Haraldur Sigurðsson**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÁRNI PÉTUR BJÖRGVINSSON**
**sjóntækjafræðingur,**
**Kjalarsíðu 14b, Akureyri,**

lést aðfaranótt þriðjudagsins 8. október á lyfjadeild Sjúkrahússins á Akureyri. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 18. október kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynninguna á Akureyri og Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Laufey Vilhjálmsdóttir**
**Vilhjálmur Árnason**
**Þorgerður Helga Árnadóttir** **Ingi Rafn Ingason**
**Sævar Már Árnason** **Gunnhildur Helgadóttir**
**og barnabörn.**



## SPJALL UM CARMEN

**Elsa Waage óperusöngkona og vinir spjalla um Bizet og óperu hans, Carmen, yfir kaffibolla í Hannesarholti á sunnudag kl. 20. Meðal gesta verður leikstjórinn Jamie Hayes, sem stjórnar uppfærslu Íslensku óperunnar og upprennandi söngvarar spreyta sig á aríum úr Carmen.**









# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að beikonvöfðum kjúklingalærum með gráðostafyllingu og rauðlaukssultu. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þátturinn verður svo endursýndur yfir helgina.

Einnig er hægt að horfa á Eldað með Holta á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**GÓMSÆT LÆRI**
Ilmandi og stökk kjúklingalæri frá Holta og Úlfari Finnbjörnssyni.
MYND/ARNÞÓR

## BEIKONVAFIN KJÚKLINGALÆRI
### MEÐ GRÁÐOSTAFYLLINGU OG RAUÐLAUKSSULTU

**FYRIR 4**

**600-800 g úrbeinuð kjúklingalæri frá Holta**
**6-8 beikonsneiðar**
**1 bátur gráðostur**
**1 dl kasjúhnetur**
**Salt og nýmalaður pipar**
**3 msk. olía**

Kryddið lærin með salti og pipar. Setjið u.þ.b. 1 msk. af osti inn í hvert læri ásamt nokkrum kasjúhnetum. Vefjið beikonsneið utan um hvert læri og steikið í olíu á vel heitri pönnu í 3-4 mínútur eða þar til beikonið er orðið fallega brúnað allan hringinn. Færið þá pönnuna í 180°C heitan ofn í 15 mínútur eða þar til kjarnhiti sýnir 70°C.

**RAUÐLAUKSSULTA**
**2 msk. olía**
**3 rauðlaukar, skornir í báta**
**3-4 msk. sykur**
**3 lárviðarlauf**
**1 tsk. timían**
**1 dl balsamedik**
**Salt og nýmalaður pipar**

Hitið olíu á pönnu og steikið laukinn í 2 mínútur. Bætið þá sykri á pönnuna og steikið í 1 mínútu.



Þá er timíani, lárviðarlaufum og balsamediki bætt á pönnuna og látið sjóða þar til vökvinn er orðinn að sírópi. Smakkið til með salti og pipar. Berið lærin fram með rauðlaukssultunni og t.d. steiktum kartöflum og bökuðum maís.












# STÓR SAFNAHELGI

**SÖGULEG SAFNAHELGI** *Þriðja árið í röð verður Söguleg safnahelgi haldin á Norðurlandi vestra. Alls sýna nítján söfn í Húnavatnssýslum og Skagafirði.*

Söguleg safnahelgi verður haldin á Norðurlandi vestra um helgina, þriðja árið í röð. Fjölmörg áhugaverð og skemmtileg söfn verða opin í Húnavatnssýslum og í Skagafirði og þar ættu allir fjölskyldumeðlimir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, að sögn Sigríðar Bachmann, safnstjóra á Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna. „Að þessu sinni taka 19 söfn og setur þátt í safnahelginni, frá Borðeyri til Skagafjarðar. Söfnin verða opin laugardag í Húnavatnssýslum og á sunnudegi í Skagafirðinum frá klukkan 13 til 17 og er aðgangur ókeypis.“

Mikil fjölbreytni er í boði fyrir alla aldurshópa að sögn Sigríðar sem mælir með því að fólk keyri á milli safna í Húnavatnssýslum á laugardeginum og kíki svo í Skagafjörðinn á sunnudeginum.

Meðal þess sem í boði er má nefna fyrirlestur um handskrifuð sveitablöð sem fóru á milli bæja fyrir um hundrað árum á Ströndum. Hann verður haldinn á Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna á Reykjum í Hrútafirði.

Sviðamessa húsfreyjanna á Vatnsnesi verður klukkan 20 á föstudags- og laugardagskvöld þar sem ýmsar kræsingar verða í boði, svo sem strjúpasöltuð og reykt svið, sviðalappir og kviðsvið ásamt gulrófum og kartöflum.

Á Blönduósi verða fjölmörg söfn opin og á Skagaströnd verður opið í Spákonuhofi, Árnesi og Nesi.

„Á sunnudeginum verða þrír staðir opnir í Skagafirði. Á Sturlungaslóð verður boðið upp á leiðsögn klukkan 14 og 16 um hestaferðir á Sturlungaöld en mæting er í Kakalaskálanum í Kringlumýri. Byggðasafn Skagfirðinga verður bæði með opið í minjahúsinu á Sauðárkróki og í gamla bænum í Glaumbæ auk þess sem opið verður á Sögusetri íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal.“

Nánari upplýsingar um viðburðinn má finna á nordanatt.is.

**MÖRG SÖFN Í BOÐI** Sögusetur íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal verður opið á sunnudag. MYND/ÚR EINKASAFNI



**SAFNSTJÓRINN** Sigríður Bachmann er safnstjóri á Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna. MYND/ÚR EINKASAFNI




# VEGLEG MATARHÁTÍÐ

*Það þarf enginn að vera svangur á Akureyri um helgina en þar fer fram sýningin Matur-inn 2013. Þrjátíu fyrirtæki kynna þar framleiðslu sína.*

Sýningin er haldin annað hvert ár en að henni stendur félagið Matur úr Eyjafirði. Sýnendur eru af öllu Norðurlandi en þarna fá þeir tækifæri til að kynna vörur sínar. Norðlensk matarmenning verður í hávegum höfð og eru það jafnt bændur sem fyrirtæki í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði sem verða með sýningarbása. Hægt er að gera góð kaup hjá framleiðendum jafnframt því að kynna sér hvað er á boðstólum. Auk hefðbundinna bása er á sýningunni svæði bjórframleiðslufyrirtækja og markaðstjald smáframleiðenda þar sem meðal annars má fá glænýjar og ljúffengar sultur, grænmeti beint úr garðinum og margt fleira.

Dagskrá verður í eldhúsi sýningarinnar þar sem leikmenn spreyta sig í skemmtilegri keppni. Meðal annars keppa þjóðþekktir einstaklingar í súpugerð í dag, matreiðslunemar spreyta sig á matreiðslu á hráefni úr héraði á morgun og síðan taka konur völdin og keppa um hver gerir dömulegasta desertinn.





**GÓÐUR MATUR** Það var mikil veisla hjá matgæðingum á sýningunni fyrir tveimur árum.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið

FÖSTUDAGUR
11. OKTÓBER 2013

*Eríksína, Tobba, Íris Björk og Hafdís Huld*
**ERU ALLAR MJÖG HRIFNAR AF BLEIKU 2**

*Hagrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson*
**KRON BYKRON-KRON Á SAFN Á ÍTALÍU 6**

*Una Stígsdóttir myndlistarkona*
**GERIR FAGRAR OG LITRÍKAR HÁLSFESTAR 10**



*Heiða Rún Sigurðardóttir*

## LEIKKONU-DRAUMURINN RÆTTIST

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Frelsiskvöldverður Rannsóknarseturs um nýsköpun og hagvöxt var haldinn síðastliðið mánudagskvöld. Kvöldverðurinn fór fram í Björtuloftum, hátíðarsal á efstu hæð Hörpu, og var salurinn þétt setinn. Davíð Oddsson, ritstjóri og fyrrverandi forsætisráðherra, flutti þar erindi. Ásamt honum mátti sjá viðstadda kvöldverðinn þau **Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur** sjálfstæðiskonu, **Frosta Logason**, útvarpsmann á X-inu, Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi forstjóra Kaupþings í London, og **Lárus Welding**, fyrrverandi forstjóra Glitnis.







**Lífið**
*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Marín Manda Magnúsdóttir**
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Ellý Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Arnþór Birkisson
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
www.visir.is/lifid



*„Ég ákvað að nota bílinn í gott málefni. Sissarnir ehf. ætla því að gefa 500 kr. af hverjum seldum klukkutíma til Bleiku slaufunnar." Hægt er að finna þjónustuna undir Bleiki bíllinn á Facebook.*

Sigurþór Sigurþórsson verktaki.





*„Ég fékk poka af slæðum þegar tengdamamma lést og ákvað að gera listaverk úr slæðunum. Það var því eiginlega tengdamamma mín sem réði litnum á eldhúsinu."*

Eiríksína Ásgrímsdóttir, bókmenntafræðingur og bóhem.



*Birta er eini kötturinn á landinu sem er Rauða kross-kisa en barnabókin Birta brött og bleik fjallar um kisuna Birtu.*

Birta

*„Fyrir utan svart og hvítt fara sterkir og bjartir litir mér best. Bleikur er skemmtilegur litur. Skyrtuna fékk ég í Spúútnik á Laugarveginum og pilsið í Rokit Vintage í London."*

Íris Björk ljósmyndari.

# BLEIKT OG AFTUR BLEIKT

*Bleikur er litur alheimskærleika. Liturinn er jafnan notaður til að tákna fegurð, vernd og friðsæld. Nú er bleikur október genginn í garð. Bleika slaufan er til sölu og bleik uppboð eru í gangi á hverjum degi. Lífið ákvað að hylla bleika litinn því svo margt í kringum okkur tengir okkur við bleikt, hvort sem það eru bílar, heimili, föt, hár, varalitir eða jafnvel kettir.*




Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16



*„Húsið var bleikt þegar við keyptum það. Við Alisdair ákváðum að halda litnum, enda er alltaf talað um húsið okkar sem bleika húsið í dalnum."*

Hafdís Huld Þrastardóttir söngkona.



*„Það er einhver tíðni í bleika litnum sem gerir sjóntaugarnar í okkur svo glaðar og kátar. Ef við mættum ráða væru Mexíkóættaðir litir á húsum og híbýlum hérlendis."*

Sara og Svanhildur Vilbergsdætur listakonur, duosisters.com.



*„Ég tel að hrifningu mína á bleika litnum megi rekja til þess að liturinn er hressandi gleðilitur og litur kvenleikans. Ég er litblind en bleika liti sé ég hins vegar alltaf."*

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir stjórnmálafræðingur.



*„Ég fór á stofu og var áður með blátt hár en fannst bleiki liturinn svo fallegur að ég ákvað að prófa. Hann lífgaði mikið upp á útlit mitt."*

Auður Eir Sigurðardóttir, á málabraut í Borgarholtsskóla.



*„Mér finnst bleikur vera æðislegur litur, ég á meira að segja bleikar buxur. Samkvæmt einhverjum fræðingum táknaar bleiki liturinn samúð, umönnun og ást."*

Garðar Gunnlaugsson fótboltamaður.

# Nýkomnar 16 mánaða dagbækur í miklu úrvali

IÐA




# 2014 dagatöl í ótal gerðum




Lækjargata 2a og Vestugata 2a 101 Reykjavík opið til 22 alla daga




Heiða Rún er stórglæsileg ung kona og stefnir hátt í leiklistinni

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

# HEIÐA RÚN FÉKK FYRSTA ÍSLENSKA HLUTVERKIÐ Í GEGNUM FACEBOOK

*Heiða Rún Sigurðardóttir er ung leikkona á framabraut. Hún hefur haft mikinn metnað fyrir leiklistinni frá því hún man eftir sér. Eftir leiklistarnám í London og fyrirsætuferil úti í heimi er hún komin heim til að leika sitt fyrsta íslenska hlutverk í sjónvarpsþáttunum Hraunið.*




Heiða Rún Sigurðardóttir bjó í Danmörku fyrstu ár ævi sinnar en flutti svo til Íslands í Breiðholtið og bjó þar ásamt systkinum og foreldrum þangað til hún var 18 ára. Hún segist hafa verið dreymin sem barn og að hugurinn hafi oft dvalið upp í skýjunum. Hún var með langan lista yfir hvað hún vildi verða þegar hún yrði eldri en leikkonudrauminn var hún harðákveðin í að láta rætast.

***Hvenær kviknaði leiklistaráhuginn?*** „Þegar ég var mjög ung. Einhvern tímann sagði pabbi við mig í gríni að ég gæti fengið borgað fyrir að hegða mér eins og fífl ef ég gerðist leikkona og ég tók því bara mjög alvarlega. Ég man alltaf eftir verkinu Syngjandi í rigningunni sem var sett upp í Þjóðleikhúsinu. Sú sýning sat mikið í mér en mér fannst Stefán Karl vera æðislegur og má því segja að hann hafi verið eins konar fyrirmynd mín þegar ég var yngri. Ég stefndi alltaf á að fara í leiklist úti og hef reynt að vera eins nálægt listinni hér heima og mögulegt er.“

***Þú fluttir til London til að læra leiklist í Drama Centre London, hvers vegna varð þessi skóli fyrir valinu?*** „Af því að hann er með mjög gott orðspor og úr honum hafa komið frábærir leikarar á borð við Tom Hardy, Michael Fassbender, Colin Firth og Emilia Clarke, sem leikur í Game of Thrones. Skólinn er þekktur fyrir að vera einn af mest krefjandi skólunum í landinu.

### *Sköpunargleði og öryggi*

***Hvernig var svo námið?*** „Þjálfunin reyndi á mann bæði andlega og líkamlega sem var rosalega erfitt. Ég vinn reyndar alltaf best undir álagi og Drama Centre hafði þetta stranga aðhald og agann sem ég þurfti til að ná sem bestum árangri. Sköpunargleðin var svo mikil í skólanum og ég sakna þessa stuðnings og einbeitingarinnar sem ég hafði í þessu verndaða umhverfi. Hann bjó okkur rosalega vel undir það sem þú getur búist við í bransanum. Raunveruleikinn er að sjálfsögðu ekki alveg eins. En ég var svo heppin að ég fékk umboðsmann áður en ég kláraði skólann.“

## *Uppáhalds*

**MATUR** Ítalskur
**DRYKKUR** Rauðvín
**VEITINGAHÚS** Sushi Samba
**VEFSÍÐA** Buzzfeed UK
**VERSLUN** Whole Foods
**HÖNNUÐUR** Alexander McQueen
**HREYFING** Ballett og flestur dans
**DEKUR** Nudd

***Myndir þú segja að bransinn væri erfiður úti?*** „Já, ég held að hann sé bara erfiður hvar sem er. Það er svo oft sem þú kemst svo nálægt einhverju rosalegu. Ferlið tekur svo langan tíma og þú heldur jafnvel að róttæk breyting sé að verða á lífi þínu en svo kannski

> *„Mér finnst mikilvægt að evrópskir leikarar leiki í sínu heimalandi og noti það tækifæri til að opna þann markað enn betur. „*

gengur það ekki upp.“
***Þú hefur fengið ýmis hlutverk þó að stutt sé frá því að þú laukst námi, meðal annars í þáttunum DCI Banks, sjónvarpsþáttunum Jo og kvikmyndinni One Day með Anne Hathaway í aðalhlutverki. Hvert er uppáhaldshlutverkið þitt hingað til?*** „Þau eru öll svo mismunandi og ég held upp á þau öll á mismunandi hátt. Parísarhlutverkið í þáttunum Jo og verkefnið í heild sinni held ég einna mest upp á. Reynslan og fólkið sem ég vann með stendur upp úr.“

***Hvernig hefur verið að leika á ensku á móti öðrum reyndum leikurum?*** „Ég þekki í rauninni ekkert annað. Ég lærði að leika á ensku og fékk mín fyrstu hlutverk á ensku. Ég var með ótrúlega góðan talkennara í skólanum sem vann með mér í þrjú ár. Hún vissi hvert ég stefndi og trúði á sjálfa mig. Ég er einnig með gott tóneyra og var komin með hreiminn áður en ég kláraði skólann. Hins vegar er það litla skandinavíska í hreimnum einnig hluti af mínum persónulega eiginleika.“

### Breytti nafninu sínu

***Kýst þú að leika í spennuþáttum/myndum?*** „Nei, alls ekki,“ svarar Heiða Rún hlæjandi. „Ég væri alveg til í að gera meira grín og drama. Það er alveg stórfyndið hvað ég er búin að gera mikið af glæpadrama. En það er bara svo vinsælt.“

***Þú notar listamannsnafnið Heida Reed. Hvernig kom það til?*** „Þegar ég útskrifaðist úr skólanum var mér ráðlagt að breyta eftirnafninu mínu í eitthvert hlutlaust, enskt eftirnafn. Til þess að fólk gæti borið það fram og einnig til þess að fá ekki of mikinn útlendingastimpil á mig þar sem ég fór mikið í prufur fyrir ensk hlutverk.“

***Þú hefur einnig starfað sem fyrirsæta og varst töluvert á Indlandi. Segðu frá því.*** „Það var bara frábær reynsla. Ég ferðaðist mikið og Indland á mjög sérstakan stað í hjarta mínu. Allt þetta fyrirsætudót er mjög gott til að herða mann og búa undir alls konar erfiðleika sem geta komið upp á í þessum bransa sem ég er í núna. Ég byrjaði 15 ára að sitja fyrir og fór til Indlands þegar ég var 18 ára og kom aldrei aftur heim. Þaðan flutti ég til London.“

### Tækifærin leynast á Íslandi

***Ertu svo flutt til Íslands núna? Hvernig er að vera komin heim aftur?*** „Ég er ekki beinlínis flutt en ég er komin til að vera eitthvað. Mér finnst mikilvægt að nýta það að eiga feril á tveimur mörkuðum og ég var bara að bíða eftir rétta tækifærinu. Mér finnst mikilvægt að evrópskir leikarar leiki í sínu heimalandi og noti tækifærið til að opna þann markað enn betur. Ég hef alltaf ætlað mér að vinna hérna en ákvað að gera þetta öfugt og byrja úti og fara síðan heim. Á Íslandi er verið að gera mikið af vönduðum hlutum sem ég vil taka þátt í. Þetta var pínulítið skrítið fyrst en núna líður mér rosalega vel. Það er yndislegt að vera komin heim til fjölskyldunnar og eyða meiri tíma með henni. Ég kann virkilega að meta einfalda hluti eins og kvöldmatartímann, að fíflast með systur minni og að horfa á Broen með mömmu og pabba á mánudagskvöldum.

***Nú ertu í tökum fyrir sjón-*** ▶

## Myndaalbúmið






Heiða Rún með Jean Rene í París. Með vinkonum sínum í París. Með Tom Austen samleikara sínum í sjónvarpsþáttunum Jo. Heima hjá sér í London.





## Levi's® Revel

**Nú er komin á markað ný gallabuxnalína fyrir konur frá Levi´s**
Línan nefnist Revel og er markmiðið að konur um allan heim geti klæðst þeim og verið ánægðar með sig hvern einasta dag. Í Levi's® Revel er efnum í vökvaformi blandað í sjálft gallaefnið. Þessi tækni er notuð til þess að annaðhvort gera efnið eftirgefanlegra eða stífara á ákveðnum lykilsvæðum og buxurnar falla því ákaflega vel að líkamanum.

Efnið í Levi's® Revel gallaefninu teygist í fjórar áttir, buxurnar draga þannig fram þitt besta og bregðast við þér eins og þú ert. Þær eru einstaklega mjúkar viðkomu og efnið er þeim eiginleikum gætt að halda bæði þinni og sinni lögun.

**Levi's® Revel fæst í Levi´s Original Store í Kringlunni, Smáralind og Glerártorgi**



# MYNDIR KRÚTTLEGAR HAUSKÚPUR

***Unnur Jónsdóttir teiknar sérstakar hauskúpur sem hafa karakter.***

„Þegar ég ætlaði að mæta í vinnu eftir fæðingarorlof var búið að leggja niður starfið mitt svo að allt í einu hafði ég tíma aflögu og ákvað að fara að teikna aftur,“ segir Unnur Jónsdóttir, sem er menntuð sem grafískur hönnuður frá Myndlistarskóla Akureyrar. Hún segir marga grafíska hönnuði eiga erfitt með að fá vinnu innan fagsins og hafi hún því ákveðið að viðhalda ástríðunni með því að teikna myndir af hauskúpum undir nafninu UJÓNSDÓTTIR á Facebook.
„Ég hef alltaf laðast að hauskúpum og teiknað þær. Ég veit svo sem ekki hvað það er en þessar sem ég teikna eru bara lifandi og alls ekkert hræðilegar. Þær hafa karakter og eru krúttlegar,“ útskýrir Unnur. Myndirnar teiknar hún með penna og segist einungis gera sjö eftirprentanir af hverri mynd.

# HÖNNUN ÍSLENSKIR SKÓR Á SKÓSAFN Á ÍTALÍU

***Skórnir frá Kron by kronkron þykja framúrskarandi og hafa vakið athygli víðs vegar um heiminn.***



Hugrún og Magni skóhönnuðir Kron by KronKron ásamt safnstjóranum Armando Pollini.









Þetta er búið að vera svaka spennandi og þetta er mikill heiður fyrir okkur. Það er gott að fá klapp á bakið og ekki sakar að geta heimsótt skóna eftir 50 ár,“ segir Hugrún Árnadóttir, eigandi Kron by KronKron. Hún hefur að undanförnu verið ásamt Magna Þorsteinssyni, eiginmanni sínum, verið í Mílanó og París að kynna sumarlínu Kron by KronKron fyrir árið 2014. „Við erum búin að vera í þriggja vikna törn sem byrjaði í Mílanó þar sem okkur hlotnaðist sá heiður að vera tekin inn á þekktasta skósafn Ítalíu sem er í kastala fyrir utan Mílanó. Þar eru skórnir okkar komnir á safn til frambúðar og sitja við hlið skópara helstu skóhönnuða heims á borð við Chanel, Christian Louboutin, Louis Vuitton og Manolo Blahnik,“ útskýrir hún.
Það er Amand Pollini sem er maðurinn á bak við skósafnið og er hann mjög þekktur í skóbransanum. Síðustu þrjú ár hefur hann heimsótt Kron by KronKron á sýningar í Mílanó og hefur því fylgst grannt með hönnun þeirra. Fram að áramótum er sýningin á opnu svæði en svo munu skórnir færast inn í lokaða glerskápa og vera þar til sýnis um ókomin ár. Hugrúnu og Magna hefur einnig verið boðið með skóhönnun sína á skósafn sem Salvatore Ferragamo og Harpers Bazaar eru að opna. Það skósafn verður opnað í október með sýningu í Mexíkó og mun ferðast til þrettán borga um heim allan. „Þetta er auðvitað bara alveg frábær viðurkenning fyrir okkur, að okkur skuli vera boðið að vera þarna inni. Sumarlína okkar fyrir árið 2014 er allt annað en einföld og gífurleg vinna liggur að baki henni. Það er því mikil gleði og þakklæti hjá okkur að sjá árangurinn.“

AUGLÝSING: FAKÓ-VERZLUN KYNNIR



Feðginin Herdís Telma Jóhannesdóttir og Jóhannes Ómar Sigurðsson hafa komið sér fyrir á Laugavegi 37 með gjafavöru- og sælkerabúðina Fakó verzlun. MYND/VILHELM

# FAKÓ-VERZLUN Í BÆINN

**Feðginin Herdís Telma Jóhannesdóttir og Jóhannes Ómar Sigurðsson hafa opnað gjafavöru- og sælkerabúðina Fakó-verzlun á Laugavegi 37.**

„Móttökurnar hafa verið frábærar enda er Fakó-verzlun kærkomin viðbót hér á Laugaveginn. Það heyrum við á fólki sem býr í miðbænum, allir eru ánægðir með að fá hingað búð sem stílar inn á heimamenn en einblínir ekki bara á ferðamennina,“ segir Herdís Telma Jóhannesdóttir sem opnaði gjafavöru- og sælkerabúðina Fakó-verzlun á Laugavegi 37 nú í september.

Fakó-verzlun er fjölskyldufyrirtæki en Herdís rekur það ásamt föður sínum, Jóhannesi Ómari Sigurðssyni. Þau hafa frá árinu 2010 selt vörurnar innan veggja Tekk Company, Habitat og á fleiri stöðum. Þau halda því áfram en færa út kvíarnar niður í bæ. Herdís segir alla geta fundið eitthvað við sitt hæfi í búðinni.

„Við erum með vörur frá House-Doctor og Sia, sælkeramatvörur frá NicolasVahé og Organique body- og baðlínu sem hentar allri fjölskyldunni. Krakkar allt niður í tveggja ára geta fundið sætar sápur fyrir sig og þeir eldri krem, freyðiböð og fleira. Það kemur mikið af fjölskyldufólki hingað inn til okkar og gaman er að sjá hvað gourmethornið okkar laðar til sín karlpeninginn. Reyndar eru konurnar mjög hrifnar af því líka. Við bjóðum líka upp á smakk á gourmet-kræsingunum á hverjum degi,“ segir Herdís.

„Það hefur verið stöðugur straumur hingað inn og ótrúlega ánægjulegt hvað móttökurnar hafa verið frábærar. Nú förum við bara að huga að jólastemmingu í búðinni og skreyta.“



***„Ég var með svo ótrúlega góðan talkennara í skólanum sem vann með mér í þrjú ár. Hún vissi hvert ég stefndi og trúði á mig. Ég er einnig með gott tóneyra og var komin með hreiminn áður en ég kláraði skólann.”***

▶ ***varpsþáttaröðina Hraunið. Geturðu sagt örlítið frá þínu hlutverki?*** „Ég leik Grétu Hákonardóttur sem er nýbyrjuð í rannsóknarlögreglunni á Akranesi og er fengin til að rannsaka mál úti á landi ásamt rannsóknarlögreglumanni frá Reykjavík. Hún er algjör nagli og stendur fast á sínu. Það er því alls ekki auðvelt að koma henni úr jafnvægi.“

***Er það satt að þetta sé fyrsta íslenska hlutverkið þitt?***
„Já, ég þekkti engan í bransanum heima en það var haft samband við mig í gegnum Facebook. Ég sendi svo heim myndbrot af því sem ég hafði gert og sú sem valdi í hlutverkin sendi mér handritið. Svo var þetta bara komið.“

***Þannig að þú varst í raun ráðin í gegnum Facebook?***

„Já, það má segja það. Ég var líka pínulítið smeyk í byrjun að koma inn í svona lítinn og þéttan leikarahóp. Það gerist mjög sjaldan úti að allir þekki alla en hér er leikhúsmenningin mikil og svo gerir fólk bíómyndir saman svo það getur verið svolítið erfitt þegar maður er utanaðkomandi. Alltaf þegar ég labbaði inn á æfingar í byrjun leit fólk við og spurði: Hver ert þú? Eftir nokkrar vikur var ég komin inn í hópinn og leið eins og ég þekkti alla.“



**Jón Gnarr borgarstjóri**
ætlar að tilkynna hvort hann verði í framboði næsta vor í Tvíhöfðaþættinum 30. október.

MYND: HÖRÐUR SVEINSSON

# BLEIKA UPPBOÐIÐ

**Í ár var átakið Bleika slaufan með nýstárlegum hætti því meðfram sölu á slaufunni var vakin athygli á málstaðnum með bleiku uppboði á bleikaslaufan.is. Þar hefur verið hægt að bjóða í ýmsa skemmtilega hluti og viðburði í tíu daga. Uppboðið hófst 2. október og því lýkur á miðnætti í dag, 11. október. Í dag er bleika landsliðstreyjan – árituð af öllum landsliðshópi karla – í boði á bleikaslaufan.is.**

### Hamborgarafabrikkan tryggði sér Tvíhöfða

Þjóðþekktir einstaklingar hafa komið að uppboðinu með ýmsum hætti en uppboðið hefur vakið mikla athygli. Fyrstir til leiks voru engir aðrir en Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson, Tvíhöfðateymið margfræga, en talað var um endurkomu aldarinnar í útvarpi. Tvíhöfði tekur yfir Virka morgna á Rás 2 hinn 30. október næstkomandi en Hamborgarafabrikkan tryggði sér kostun á tvíeykinu sívinsæla.

### Söguleg ljósmynd af Sigmundi og Bjarna

Í Bleika uppboðinu mátti bjóða í málverk eftir Tolla, málsverð sem Hrefna Sætran eldar, uppákomu með Glaðasta hundi í heimi, kjól frá ELLU, bleika mynd eftir Hugleik Dagsson, konfektnámskeið með Hafliða Ragnars, áritaðan gítar frá hljómsveitinni Of monsters and men, óvenjulega ljósmynd af Sigmundi Davíð og Bjarna Ben eftir Ara Magg og loks bleika landsliðstreyju sem Hannes Þór klæðist í leik Íslands og Kýpur í kvöld, áritaða af öllum í landsliðshópnum. Fylgstu með á bleikaslaufan.is því það verður forvitnilegt að fylgjast með hver tryggir sér treyjuna. Ætlar þú kannski að næla þér í gripinn?







Undirbúningur í hámarki. Ráðherrarnir voru myndaðir sem Spock og Kirk úr Star Trek. **Sjá nánar á bleikaslaufan.is.**



## ÁFRAM ÍSLAND!

**Hannes Þór Halldórsson**
er markvörður íslenska landsliðsins

MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

**Mikil spenna er fyrir leik Íslands og Kýpur sem fram fer í kvöld. Mikið er í húfi og nú er lag að hvetja strákana okkar hressilega áfram. Uppselt er á völlinn en þeir heppnu sem tryggðu sér miða verða auðvitað að hvetja strákana okkar hressilega áfram. Bleiki dagurinn er einnig í dag og því eru allir hvattir til þess að mæta á leikinn klæddir bleiku. Taktu mynd og deildu henni með okkur. Merktu hana #bleikaslaufan.**

**Markvörður íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, Hannes Þór Halldórsson, mun klæðast sérsaumaðri bleikri treyju í landsleiknum. Þú gætir svo eignast treyjuna hans Hannesar Þórs, áritaða af öllum landsliðshópnum, en þá verður þú líka að bjóða í hana! Hún er í boði í dag á bleikaslaufan.is. Fylgstu vel með.**





# MÁLUM BÆINN BLEIKAN…

**Blásið verður til veislu fimmtudagskvöldið 17. október því þá verður mikið um að vera í höfuðborginni ásamt hinum ýmsum bæjum á landsbyggðinni. Fjöldinn allur af veitingastöðum gefur hluta af ágóða sínum þetta kvöld til Krabbameinsfélagsins til styrktar árveknisátaki Bleiku slaufunnar og baráttunni gegn krabbameini hjá konum.**

Landsmönnum gefst því kostur á að bregða undir sig betri fætinum og fara út að borða með fjölskyldu eða í góðra vina hópi og styrkja um leið gott málefni.

Fjölbreyttir veitingastaðir í miðbæ Reykjavíkur taka þátt í Bleikri borg. Má þar nefna Fiskfélagið, Geysi Bistro, Rub 23, Einar Ben, Laundromat, Borgina, Kolabrautina, Munnhörpuna, Grillið, Uno restaurant og Satt, að ógleymdum fjölda annarra veitingastaða um allt land.



**Taktu fimmtudagskvöldið 17. október frá og kíktu á Bleika borg.**

**Lára G. Sigurðardóttir**
er læknir hjá Krabbameinsfélaginu.

**„Tíminn frá því að krabbamein byrjar að myndast og þangað til það greinist getur verið allt frá þremur og upp í 20 ár.**



# VERUM VAKANDI FYRIR EINKENNUM

**Lára G. Sigurðardóttir, læknir og doktorsnemi í lýðheilsuvísindum, starfar hjá Krabbameinsfélaginu þar sem hún sinnir meðal annars fræðslu. Hún fer í heimsóknir til fyrirtækja og segir frá helstu einkennum krabbameina og ítrekar mikilvægi þess að temja sér heilbrigðan lífsstíl, því hægt er að koma í veg fyrir að minnsta kosti þriðjung krabbameina með heilsusamlegum lífsháttum.**

### Lífslíkurnar hafa aukist

„Það er ákveðinn drungi sem fylgir orðinu krabbamein, þrátt fyrir að fleiri látist af völdum hjarta- og æðasjúkdóma. Krabbamein eru ekki sömu sjúkdómar að eiga við í dag og fyrir fimmtíu árum því lífslíkurnar hafa aukist til muna.“

„Tíminn frá því að krabbamein byrjar að myndast og þangað til það greinist getur verið allt frá þremur og upp í 20 ár. Einkennin geta verið ólík eftir eðli og staðsetningu meinsins. Flestir kvillar lagast á innan við fjórum vikum en ef þeir gera það ekki er ráðlagt að leita læknis. Krabbameinum fylgja yfirleitt engin einkenni til að byrja með, eins og leghálskrabbameini. Því er mikilvægt að mæta reglulega í hópleit. Það er ungum konum svo fjarlægt að fá krabbamein en staðreyndin er því miður sú að flestar þeirra ungu kvenna sem greinast með leghálskrabbamein hafa ekki mætt í leit sem skyldi.“

### Verum vakandi

„Almenna reglan er sú að því fyrr sem mein greinist því líklegra er að hægt sé að lækna viðkomandi. Því er mikilvægt að þekkja einkenni algengra krabbameina eins og brjóstakrabbameins og mæta reglulega í hópleit, ásamt því að þreifa brjóstin. Það virðist algengur misskilningur að verkir í brjóstum séu einkenni brjóstakrabbameina en þau eru langoftast eins og maður segir þögul, það er án verkja,“ segir Lára.

„Tíminn frá því að krabbamein byrjar að myndast og þangað til það greinist getur verið allt frá þremur og upp í 20 ár. Upp á að greina sortuæxli á snemmstigum er mikilvægt að fylgjast með blettum á líkama sínum og vera vakandi fyrir því hvort þeir séu að taka breytingum.“

### Temjum okkur heilbrigðan lífsstíl

Það er ýmislegt hægt að gera til að minnka líkurnar á að fá krabbamein. „Það eru nokkur krabbamein sem tengjast ákveðnum lífsháttum en það er samt sjaldnast einföld skýring á af hverju sumir fá krabbamein en aðrir ekki. Sem dæmi má nefna að HPV-smit er aðalorsök leghálskrabbameina en samt fær lítill hluti þeirra sem smitast af HPV leghálskrabbamein. Stundum spila erfðir stóran þátt en oftast er um að ræða samspil margra þátta. Síðan eru aðrir þættir sem verka sem verndandi. Til dæmis eykur áfengi líkur á brjóstakrabbameinum en neysla á fæðu sem inniheldur mikið magn af fólínsýru, eins og spínati eða hnetum, virðist draga úr áhættunni.“

### Hugsum fallega til okkar

„Nú er talið að við ættum að geta komið í veg fyrir um þriðjung krabbameina með góðum lífsháttum; að hreyfa sig í 30 mínútur á dag hið minnsta, hætta að reykja eða nota annað tóbak, drekka áfengi í hófi eða sleppa því. Borða að minnsta kosti fimm skammta af ávöxtum og grænmeti á dag og forðast unnar kjötvörur og mikið af rauðu kjöti. Hugsa út í mögulega smithættu áður en stundað er óvarið kynlíf. Fá góðan nætursvefn. Umfram allt að hugsa fallega til sín og annarra því þá er maður vís til að lifa heilsusamlegu lífi,“ sagði Lára að lokum.



**Hilmar hjá markaðsdeild bankans, Sigmar Ingi, formaður starfsmannafélagsins, og Viðar, forstöðumaður viðskiptaumsjónar,** hika ekki við að klæðast bleiku.



**Þorsteinn Ingi Valdimarsson,** lögmaður á lögfræðisviði bankans, smellir sér í bleikt.



**Útibúið í Garðabæ** skartaði að sjálfsögðu bleikum lit á Bleika deginum í fyrra.



**Bleikir fánar** hjá Arion banka.

# BLEIKI DAGURINN ER Í DAG

**Bleiki dagurinn, sem er haldinn hátíðlegur í dag 11. október, hefur heldur betur fest sig í sessi. Ýmis fyrirtæki og stofnanir hafa fagnað þessum degi og skartað bleikum lit. Arion banki er eitt þessara fyrirtækja en um 900 manns starfa hjá bankanum og mikil stemning hefur skapast í kringum daginn. Þar hafa sést fylgihlutir á borð við bleikar fjaðrir, ennisbönd og pinnahæla.**

### Bleiki dagurinn er þörf áminning

„Við erum stolt af stuðningi bankans við málefnið og þekkjum það mörg hver af eigin raun. Hjá okkur starfa 650 konur og þar sem tíunda hver kona getur búist við að fá brjóstakrabbamein um ævina er augljóst hversu marga þetta snertir á svo fjölmennum vinnustað,“ segir Guðrún Heimisdóttir á samskiptasviði Arion banka.

„Á sama tíma hvetjum við okkar fólk til umhugsunar og ef það leiðir til þess að ein kona drífur sig í að panta tíma á Leitarstöðinni er markmiðinu náð. Forvarnir eru besta ráðið við sjúkdómum eins og brjóstakrabbameini og Bleiki dagurinn er frábær leið til að gera þetta erfiða málefni skemmtilegt.“

Aðspurð hvaða flík væri vinsælust sagði hún ýmsa bleika fylgihluti slæðast inn í bankann á þessum degi eins og bleikar fjaðrir, ennisbönd og jafnvel pinnahæla. „Það er ekki þessi hefðbundni bankaklæðnaður en allt er þetta nú gert með góðan málstað í huga,“ sagði Guðrún.

### Tilvalið tækifæri til þess að láta gott af okkur leiða

Ljóst er að Arion banki ætti að vera öðrum vinnustöðum hvatning í að taka þátt í Bleika deginum með jafn virkum hætti. Þess má geta að fjáröflunarkvöld verður hjá konum bankans þann 17. október næstkomandi. „Bleika slaufan og baráttan gegn krabbameini hjá konum er okkur mjög hugleikin. Konukvöldið verður tileinkað Bleiku slaufunni og allur ágóði kvöldsins mun renna til Krabbameinsfélagsins. Hugmyndin er runnin undan rifjum nokkurra kvenna innan bankans og þetta er tilvalið tækifæri fyrir okkur samstarfskonurnar til að láta gott af okkur leiða. Við verðum með happdrætti, tískusýningu, uppboð og margt fleira skemmtilegt,” sagði Guðrún Heimisdóttir glöð í bragði í spjalli við Lífið.

## BLEIKA TEBOÐIÐ

**Landssamtök POWERtalk á Íslandi ætla að halda bleikt teboð sunnudaginn 20. október til styrktar Bleiku slaufunni. Teboðið verður á milli kl. 15-17 í safnaðarheimili Háteigskirkju, Háteigsvegi 20.**

**Bleika teboðið er fjáröflun þar sem fjöldi fyrirtækja og félaga innan POWERtalk leggja hönd á plóg til stuðnings árveknisátaki Krabbameinsfélagsins og kostar hver miði 2.500 kr. Innifalið í miðaverði er te, veitingar, fræðsla og skemmtiatriði.**

**Auk þess verður hlutavelta en hver miði verður á 500 kr. Æskilegur klæðnaður felur í sér blómamynstur og hatta. Hægt er að panta miða á bleika teboðið á powertalk.is.**



Svona gæti teboðið litið út.

## VISSIR ÞÚ AÐ ...

**... hreyfing í fjórar klukkustundir á viku getur minnkað líkurnar á því að konur fái brjóstakrabbamein eftir tíðahvörf um 30-50%.**

**Hreyfing er mikilvæg í baráttunni við krabbamein og því ætla Valskonur í körfubolta í samvinnu við Bleiku slaufuna að halda sérstakan dag helgaðan hreyfingu í Valsheimilinu, í dag 11. október, frá klukkan 15.00-17.00.**

**Hreyfingardagurinn er fyrir konur á öllum aldri og tilgangurinn er að hafa gaman, hreyfa sig og styrkja góðan málstað í leiðinni. Skráningargjaldið er 1.000 kr. sem rennur óskipt til Krabbameinsfélagsins. Framlög umfram skráningargjald eru að sjálfsögðu vel þegin. Húsið verður opnað kl. 14.00 og á staðnum verða fjölbreyttir viðburðir tengdir hreyfingu.**

**Endilega taktu vinnufélaga, saumaklúbbinn, vinkonur eða bara hvern sem er með þér!**
**Skráning fer fram á krabb@krabb.is.**




Ástþór Helgason og Kjartan Örn Kjartansson eru mennirnir á bak við slaufuna í ár.





# MENNIRNIR Á BAK VIÐ SLAUFUNA

**Bleika slaufan er tákn Krabbameinsfélags Íslands í baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Á hverju ári greinast um 700 konur með krabbamein á Íslandi.**



Slaufan í ár kemur úr smiðju þeirra Ástþórs Helgasonar og Kjartans Arnar Kjartanssonar, gullsmiða hjá Orr, en þeir gefa alla vinnu sína við hönnun slaufunnar. Allur ágóði af sölu slaufunnar rennur til Krabbameinsfélagsins.

Form slaufunnar myndar tákn óendanleikans sem umlykur steininn. Hún minnir okkur þannig á að óendanlegur kærleikur hvers okkar í annars garð er dýrmætasta umgjörðin um lífið og mikilvægi þess að við stöndum þétt saman þegar erfiðleikar steðja að.

Þess má geta að TVG-Zimsen er stoltur styrktaraðili Bleiku slaufunnar. TVG-Zimsen sá um flutning á slaufunum til landsins án kostnaðar fyrir Krabbameinsfélagið en slaufan er framleidd í Kína. Fyrirtækið hefur styrkt átakið frá upphafi og keypt Bleiku slaufuna fyrir starfsfólkið.

**Sýnum stuðning og höfum slaufuna sýnilega í október.**



Þetta gæti mögulega verið stærsta slaufa í heimi. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON.

# STÆRSTA UMFERÐAR-SLAUFA Í HEIMI?

Margir ráku upp stór augu þegar umferðarslaufan á mótum Bústaðavegar og Hringbrautar var máluð bleik á dögunum. Bleika umferðarslaufan er hluti af árveknisátaki Krabbameinsfélagsins en október er helgaður átakinu. Bleika slaufan er tákn Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini í konum.

Átak á borð við Bleiku slaufuna getur ekki orðið að veruleika nema með stuðningi fjölmargra sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum, gefa vinnu sína og styðja við gott málefni. Bleika umferðarslaufan er gott dæmi um slíkt þar sem ótal margir sjálfboðaliðar komu að framkvæmdinni. Má þar sérstaklega þakka lögreglunni, Vegagerðinni og Reykjavíkurborg – svo ekki síst öllum þeim öflugu konum sem máluðu sjálfa umferðarslaufuna en það voru konur úr Björgunarsveitinni Vörðunni og konur úr meistaraflokki Vals í körfubolta. Svo má ekki gleyma að það fór slatti af málningu í slaufuna en Málning hf. gaf alla málninguna. Kærar þakkir.

# BESTU VINIR BLEIKU SLAUFUNNAR

**Átak á borð við Bleiku slaufuna getur ekki orðið að veruleika nema með stuðningi fjölmargra aðila sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum, gefa vinnu sína og styðja við gott málefni. Við viljum þakka öllum vinum og velunnurum Bleiku slaufunnar fyrir dyggan stuðning, bæði í ár og undanfarin ár. Án þeirra væri átak sem þetta ekki mögulegt. Takk.**

**Margt smátt**
**TVG Zimsen**
**Landflutningar Samskip**
**Parlogis**
**Þórunn Erna Clausen**
**Eberg**
**Vífilfell**
**Ágúst Jakobsson**
**Errea**
**KSÍ**
**Erlingur Óttar Thoroddsen**
**Saffran**
**Járn og gler ehf.**
**Papyrus**
**Stefanía Thors**
**Nikulás Helgason**
**Ívar Kristjánsson**
**Norðurflug**
**Björgunarsveitin Varðan**
**Lögreglan**
**Vegagerðin**
**Meistaraflokkur Vals í körfubolta kvenna**
**Margrét Einarsdóttir**
**Steinunn Þórðardóttir**
**Klæðskerahöllin**

TM Software
málning -það segir sig sjálft-
Orr
MEDIALUX
purkur
Baldur Kristjáns Photographer
**ALLAR** lögðust þessar raunir mjög á sinnið á Snældu þar til dag einn að hún fann brjálsemi sinni loksins útrás á andlitinu á mér. Ég var, einu sinni sem oftar, á hraðferð um íbúðina í Hlíðunum, keyrði aðra stórutána af krafti í þröskuld, rak upp skaðræðisvein og tók lítið tillit til vitstola læðunnar á eigri hennar um ganginn minn. Hún tók hávaðanum í mér illa, öskurhvæsti, setti út klærnar, stökk á mig og gerði heiðarlega tilraun til að klóra úr mér augun. Það mistókst með naumindum en Snældu var ekið á dýraspítalann og henni lógað.

**VERÐI** ykkur að góðu. *(Höfundur er kattavinur)*

# Semja söngva um landsliðsmenn

Tólfan er stuðningsmannafélag íslenska karla- og kvennalandsliðsins í knattspyrnu. Í félaginu eru um 150 meðlimir af báðum kynjum og hlakka þeir til leiksins í kvöld.

„Tólfan hefur stækkað mjög mikið undanfarið vegna góðs gengis bæði karla- og kvennalandsliðs okkar," segir Friðgeir Bergsteinsson, einn forsprakki Tólfunnar, stuðningsmannafélags karla- og kvennalandsliðs Íslands í knattspyrnu.

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu á góða möguleika á að komast á heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu næsta sumar. Því eru næstu tveir leikir liðsins, gegn Kýpur í kvöld og Norðmönnum á þriðjudag, mikilvægir liðinu.

Meðlimir Tólfunnar hittast fyrir alla landsleiki til að komast í rétta gírinn. „Heimir Hallgrímsson aðstoðarþjálfari hittir okkur alltaf á Ölveri tveimur tímum fyrir leik, tilkynnir byrjunarliðið og fer yfir skipulag leiksins."

Í stuðningsmannasveitinni eru um 150 meðlimir af báðum kynjum og hefur hún samið ýmsa söngva um leikmenn landsliðsins og lætur ávallt vel í sér heyra. „Við syngjum mikið og öskrum þannig að okkur verður aldrei kalt þótt kalt sé í veðri," útskýrir Friðgeir.

Tólfan hyggur á hópferð til Noregs á þriðjudag til að styðja landsliðið í leiknum móti Norðmönnum. „Þetta eru mikilvægir leikir sem eftir eru og við hlökkum mikið til að styðja við bakið á liðinu," segir Friðgeir að lokum.

gunnarleo@frettabladid.is



FRIÐGEIR BERGSTEINSSON

# Flóknar tæknibrellur í Noah

Dýrin í stórmyndinni Noah, sem var að hluta tekin upp á Íslandi, voru tölvugerð.

Darren Aronofsky, leikstjóri stórmyndarinnar Noah sem var að hluta til tekin upp á Íslandi, segir að sumar tæknibrellurnar sem fyrirtækið Industrial Light & Magic notaði í myndinni hafi verið þær flóknustu í sögu þess.

Dýr skipa stóran sess í myndinni og voru þau öll tölvugerð. Mikill tími fór hjá fyrirtækinu í að búa til hárin á dýrin í einu atriði myndarinnar. „Mér fannst þetta ekkert endilega ótrúlega flott atriði en vegna alls hársins á dýrunum var þetta mjög erfitt í framkvæmd fyrir þá," sagði Aronofsky við DGA Quarterly.

Spurður hvers vegna alvöru dýr hafi ekki verið notuð í myndinni sagði hann: „Við höfum lært af þeim sem hafa gert svona lagað áður og það er ekki skynsamlegt. Það getur vakið ýmsar siðferðislegar spurningar að nota lifandi dýr. Það er líka mjög erfitt tæknilega. Við höfum lært af öðrum myndum hversu erfitt er að vinna með margar dýrategundir á sama stað."



**NOAH** Russell Crowe fer með aðalhlutverkið í stórmyndinni Noah.

→ Noah verður frumsýnd 28. mars á næsta ári.


Kæru viðskiptavinir gamlir og nýir
Ég hef hafið störf á snyrti og hárgreiðslustofunni Salon Ritz í Þverholti 18 og býð ykkur hjartanlega velkomin til mín í stólinn á ný.
Hlakka til að sjá ykkur,
*kær kveðja Tóta*
Timapantanir í síma
5522460 eða 8477690,



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS • Miðasala: 412 7711 • Hverfisgata 54 • bioparadis.is • Hluti af Europa Cinemas



# Silfurslaufan 2013
# Góð gjöf

**Sölustaðir, höfuðborgarsvæðið:**

Anna María Design, Skólavörðustíg
Aurum, Bankastræti
Carat - Haukur gullsmiður, Smáralind
Gullsmíði/skartgripahönnun - Fríða, Hafnarfirði
Gullkistan skrautgripaverslun, Frakkastíg
Gullkúnst Helgu, Laugavegi
Gull og silfur, Laugavegi
Gull- og silfursmiðjan Erna, Skipholti
G.Þ. Skartgripir og úr, Bankastræti
Hún og Hún, Skólavörðustíg
Jens, Kringlunni
Jens, Síðumúla
Kraum, Aðalstræti
MEBA úra- og skartgripaverslun, Kringlunni
MEBA - Rhodium, Smáralind
Metal design, Skólavörðustíg
Orr Gullsmiðir, Bankastræti 11
Ófeigur, Skólavörðustíg
Rhodium, Kringlunni
undraborgin.is
Úr og Gull, Firðinum Hafnarfirði
Úr og skartgripir, Hafnarfirði

**Sölustaðir, landsbyggðin:**

Georg V Hannah, Reykjanesbæ
Gull og Hönnun, Reykjanesbæ
Gullsmiður Dýrfinna Torfadóttir, Akranesi
Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði
Karl R. Guðmundsson, Selfossi
Klassík, Egilsstöðum
Palóma Föt og skart, Grindavík
Póley, Vestmannaeyjum
Siglósport, Siglufirði
Töff Föt, Húsavík
Úrsmíðaverkstæði Halldórs Ólafssonar, Akureyri

Orr
Gullsmiðir • Bankastræti

Bleika slaufan   Krabbameinsfélagið   Orr Gullsmiðir • Bankastræti

Silfurslaufan er viðhafnarútgáfa Bleiku slaufunnar og eru þær báðar hannaðar af Orr.

Silfurslaufan er smíðuð á verkstæði Orr í Bankastræti 11 og er hún úr sterling silfri með rauðbleikum rúbín.

Orr gefur alla vinnu við hönnun og smíði slaufunnar.

Söluaðilar gefa einnig allan ágóða af sölu slaufunnar og erum við öll stoltir styrktaraðilar Krabbameinsfélagsins.



**STALDRAR STUTT VIÐ** ÍA verður fimmta félagið sem Gunnlaugur Jónsson þjálfar frá 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Gömul gildi í fyrirrúmi

**FÓTBOLTI** Gunnlaugur Jónsson var í gær ráðinn þjálfari meistaraflokks ÍA í knattspyrnu og mun því Skagamaðurinn stýra liðinu í 1. deildinni á næstu leiktíð.

„Þetta er virkilega spennandi og gaman að fá að taka við uppeldisfélaginu þar sem ég átti mín bestu ár sem knattspyrnumaður,“ segir Gunnlaugur Jónsson.

„Það er margir ungir og efnilegir strákar í þessu Skagaliði og því er í raun allt til alls til að byggja upp stöðugt lið, en menn verða að hafa ákveðinn vilja til þess. Það sást í sumar að liðið var of brothætt.“

Gunnlaugur hefur þjálfað Selfoss, Val, KA og HK á ferli sínum og aldrei stoppað lengi við.

„Ég persónulega ólst upp við ákveðin atriði hér á Akranesi þar sem menn leggja sig alla hundrað prósent fram alltaf, það hefur vantað að mínu mati.“

Framtíð Garðars Gunnlaugssonar hefur verið í óvissu hjá ÍA en stjórn knattspyrnudeildarinnar tjáði honum á dögunum að þjónustu hans væri ekki lengur óskað.

„Ég á eftir að ræða við Garðar og hann gæti svo sannarlega átt framtíð hjá Skagaliðinu.“ - sáp

# Förum óhræddir í alla leiki

**Framarar hafa farið virkilega vel af stað í Olís-deild karla í handknattleik en liðið hefur unnið þrjá leiki í röð. Liðið er skipað ungum og efnilegum heimamönnum og fékk góðan liðsstyrk frá Danmörku en markvörður liðsins hefur slegið í gegn. Fram hefur unnið bæði Val og Hauka þrátt fyrir að vera spáð sjöunda sætinu.**

**HANDBOLTI** Framarar hafa farið vel af stað í Olís-deild karla í handknattleik en liðið hefur nú unnið þrjá leiki í röð eftir tap í fyrstu umferð gegn Akureyri.

Íslandsmeistararnir misstu gríðarlega stóran hluta liðsins fyrir tímabilið og er liðið mikið til byggt upp af ungum og efnilegum heimastrákum.

„Þessi árangur kemur mér í raun ekki mikið á óvart, við höfum mikla trú á því sem við erum að gera,“ segir Guðlaugur Arnarsson, þjálfari Fram.

Guðlaugur tók við liðinu fyrir tímabilið af Einari Jónssyni. Hann var með kvennalið KA/Þórs í N1-deild á síðustu leiktíð. Fyrir mótið var Fram spáð næstneðsta sæti deildarinnar af fyrirliðum, þjálfurum og forráðamönnum félaganna.

### Enginn hafði trú á okkur

„Það kom manni lítið á óvart að fáir hefðu trú á þessu liði. Við misstum átta leikmenn fyrir þetta tímabil,“ segir Guðlaugur, en Fram varð Íslandsmeistari á síðasta tímabili eftir einvígi gegn Haukum.

Liðin mættust á ný á miðvikudagskvöldið og þá hafði Fram betur, 18-17, í óvæntum heimasigri.

„Það er mikil uppbygging í gangi í Safamýri sem er að byrja alveg frá grunni. Eftir að hafa kynnst strákunum undanfarna mánuði þá veit ég hvað í þeim býr og get alveg farið óhræddur inn í hvern einasta leik til þess að vinna.“



**BYRJA VEL** Framarar hafa spilað frábærlega í Olís-deildinni en liðið hefur unnið þrjá leiki í röð eftir tap í fyrstu umferð. Guðlaugur Arnarsson hefur mikla trú á ungum og efnilegum Safamýrapiltum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fyrir tímabilið kom Sveinn Þorgeirsson til Framara frá Haukum og auk hans komu tveir markverðir. Daninn Stephen Nielsen kom til liðsins en hann hefur farið á kostum milli stanganna. Nielsen hefur meðal annars leikið fyrir Drott Halmstad, FCK og Flensburg og er því mikill fengur fyrir þá bláklæddu.

„Við spiluðum saman hjá FCK og þá var hann þriðji markmaður liðsins,“ sagði Guðlaugur um Nielsen, en þjálfarinn lék með danska liðinu tímabilið 2008-09.

### Elti íslenska kærustu

„Hann fór ungur út á sínum tíma til Flensburg sem efnilegur markmaður og fékk aldrei tækifæri með aðalliðinu. Hann hefur síðan verið að spila virkilega vel í Svíþjóð og því mikill fengur fyrir okkur. Ástæðan fyrir því að hann er kominn til okkar er sú að hann á íslenska kærustu. Hún er að klára sitt nám hér á landi og þau ákváðu að flytja til landsins.“

> **Erum að hefja uppbygginguna alveg frá grunni.**
> *Guðlaugur Arnarsson þjálfari Fram*

Framarar hafa litið vel út á tímabilinu en liðið er nokkuð vel skipað þar sem ungir og graðir leikmenn fá að njóta sín.

stefanp@365.is




Ford

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114/117 g/km. Fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

tl.is TÖLVULISTINN

# MEIRA ÚRVAL LÆGRA VERÐ !



## TOSHIBA

### INTEL PENTIUM MEÐ SNERTISKJÁ !

Í fyrsta sinn sem við náum 15,6" fartölvu með snertiskjá niður í 99.990. Intel Pentium Dual Core örgjörvi sem gerir hana spræka í alla hefðbundna tölvuvinnslu. Úr L-línunni frá Toshiba sem er þynnri og nettari. Mjög stílhreint og flott silfrað útlit. Tvö USB3.0 tengi sem allt að tífaldar gagnaflutningshraðann. Mjög góð kaup.

TILBOÐSVERÐ **99.990**

TOS-L50TA124

### 24" GAMING SKJÁR MEÐ 1MS PHILIPS



Sá albesti í leikina. 24" sérhannaður tölvuleikjaskjár sem uppfærir sig 144 sinnum á sek. Aðeins 1ms svartími (GtG). Hátt birtustig, 1920x1080 háskerpa og standur sem hægt er að hækka, lækka, snúa og halla.

**54.990**

PHS-242G5DJEB

### 10" MEMO PAD

ASUS



Vinsæl 10" spjaldtölva hlaðin öflugum vélbúnaði. Tegra 3 örgjörvi og skjákort, ofurskýr IPS skjár með 10 punkta fjölsnertitækni. Android 4.1 Jelly Bean. Aðeins 580 grömm.

**59.990**

ASU-ME301T1B041A

### THX 5.1 HÁTALARKERFI

Logitech



Góður hljómur fyrir bíómyndir, tölvuleiki og tónlist. Komið í búðina og upplifa upplifið þessi ótrúlegu hljómgæði. Skilar 500W RMS með 165W bassaboxi.

**99.990**

LOG-Z906

### 2TB FLAKKARI



Seagate

Hörkuflott verð á traustum 2TB flakkara frá Seagate. Stílhrein og flott hönnun. USB3 sem gerir hann með allt að tífaldan gagnaflutninghraða miðað við USB2.

**16.990**

SEA-STBV2000200

### BLUETOOTH HEYRNARTÓL

noontec



Töff hönnun og frábær þráðlaus hljómur í gegnum Bluetooth. Samanbrjótanleg og með ferðapoka. Hægt að spila tónlistina þráðlaust beint úr símanum og tala í símann með snúru sem fylgir.

Bluetooth

**19.990**

NOO-ZOROWIRELESS

PROMENNT

### ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## OLÍS-DEILDIN

ÚRSLIT

**HK - AKUREYRI 21-27**

**HK - Mörk (skot):** Leó Snær Pétursson 6/2 (8/2), Jóhann Reynir Gunnlaugsson 5/1 (13/2), Atli Karl Bachmann 4 (6), Garðar Svansson 3 (8), Andri Þór Helgason 1 (1), Tryggvi Þór Tryggvason 1 (2), Ólafur Víðir Ólafsson 1 (4/1),

**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 10 (25/1, 40%), Helgi Hlynsson 3 (14, 21%), (1, 0%),

**Hraðaupphlaup:** 2 (Leó, Jóhann Reynir )

**Akureyri - Mörk (skot):** Kristján Orri Jóhannsson 8 (9), Bjarni Fritzsson 5/1 (8/1), Vladimir Zejak 5 (11), Halldór Logi Árnason 4 (6), Gunnar Þórsson 2 (3), Sigþór Heimisson 2 (3), Þrándur Gíslason 1 (1), Valþór Guðrúnarsson (1), Arnór Þorri Þorsteinsson (1),

**Varin skot:** Jovan Kukobat 16 (36/2, 44%), Tomas Olason 1/1 (2/2, 50%),

**Hraðaupphlaup:** 6 (Kristján 3, Bjarni 2, Gunnar Þ)

**ÍR - VALUR 27-23**

**ÍR - Mörk (skot):** Sturla Ásgeirsson 11/2 (17/2), Björgvin Hólmgeirsson 7 (14), Jón Heiðar Gunnarsson 4 (5), Guðni Már Kristinsson 3 (5), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 2 (5), Davíð Georgsson (2), Arnar Birkir Hálfdánsson (3),

**Varin skot:** Kristófer Fannar Guðmundsson 14 (34, 41%), Arnór Freyr Stefánsson (3/1, 0%),

**Hraðaupphlaup:** 10 (Sturla 6, Björgvin 2, Sigurjón 2)

**Valur - Mörk (skot):** Finnur Ingi Stefánsson 6 (9), Guðmundur Hólmar Helgason 3 (5), Geir Guðmundsson 3 (8), Ægir Hrafn Jónsson 2 (2), Alexander Örn Júlíusson 2 (4), Elvar Friðriksson 2/1 (5/1), Sveinn Aron Sveinsson 1 (1), Vignir Stefánsson 1 (2), Þorgrímur Smári Ólafsson 1 (2), Bjartur Guðmundsson 1 (3), Atli Már Báruson 1 (4),

**Varin skot:** Hlynur Morthens 12 (33/2, 36%), Lárus Helgi Ólafsson 4 (10, 40%),

**Hraðaupphlaup:** 5 (Finnur 2, Geir 2, Bjartur)

## DOMINOS-DEILDIN

ÚRSLIT

**GRINDAVÍK - KR 74-94**

**Grindavík:** Þorleifur Ólafsson 16, Ólafur Ólafsson 15/5 fráköst, Kendall Leon Timmons 14/10 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12/12 fráköst, Hilmir Kristjánsson 10, Jón Axel Guðmundsson 4, Björn Steinar Brynjólfsson 2, Jóhann Árni Ólafsson 10.

**KR:** Shawn Atupem 27, Martin Hermannsson 18, Brynjar Þór Björnsson 14, Helgi Már Magnússon 10/9 fráköst/5 stoðsendingar, Darri Hilmarsson 10, Pavel Ermolinskij 7/13 fráköst, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 6, Jón Orri Kristjánsson 2.

**ÍR - SKALLAGRÍMUR 88-85**

**ÍR:** Terry Leake Jr. 27/11 fráköst, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 24/11 fráköst/5 stoðsendingar, Sveinbjörn Claessen 21/9 fráköst, Matthías Orri Sigurðarson 14, Ragnar Örn Bragason 1, Birgir Þór Sverrisson 1.

**Skallagrímur:** Mychal Green 29/4 fráköst/3 varin skot, Páll Axel Vilbergsson 23/8 fráköst, Grétar Ingi Erlendsson 17/4 fráköst, Egill Egilsson 8/5 fráköst, Sigurður Þórarinsson 4/4 fráköst, Orri Jónsson 2, Trausti Eiríksson 2/7 fráköst.

**STJARNAN - KEFLAVÍK 63-88**

**Stjarnan:** Fannar Freyr Helgason 13/6 fráköst, Nasir Jamal Robinson 11/10 fráköst, Sigurður Dagur Sturluson 8, Justin Shouse 8/5 stoðsendingar, Sæmundur Valdimarsson 8/5 fráköst, Marvin Valdimarsson 6/5 fráköst, Dagur Kár Jónsson 5, Tómas Þórður Hilmarsson 2, Daði Lár Jónsson 2, Kjartan Atli Kjartansson 0, Kristinn Jónasson 0, Christopher Sófus Cannon 0.

**Keflavík:** Michael Craion 18/13 fráköst/6 varin skot, Darrel Keith Lewis 17/5 fráköst, Þröstur Leó Jóhannsson 14/4 fráköst, Gunnar Ólafsson 12, Arnar Freyr Jónsson 9/4 fráköst/5 stoðsendingar, Guðmundur Jónsson 6, Valur Orri Valsson 5, Andri Daníelsson 4, Magnús Þór Gunnarsson 3.

# Þrjú met í sjónmáli í kvöld

Ísland mætir Kýpur á Laugardalsvellinum í kvöld í undankeppni HM 2014 og íslensku strákarnir geta sett þrjú „Íslandsmet“ með sigri auk þess að verða skrefi nær því að komast til Brasilíu næsta sumar.

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið fær kjörið tækifæri til að endurskrifa söguna á næstu fimm dögum en fram undan eru leikir á móti Kýpur og Noregi í undankeppni HM 2014 þar sem strákarnir eiga enn möguleika á að komast á sitt fyrsta stórmót.

HM í Brasilíu 2014 er ekki lengur fjarlægur draumur eftir frábæra frammistöðu liðsins undir stjórn Lars Lagerbäck. Fyrsta skrefið og jafnframt það mikilvægasta í dag er að landa þremur stigum á móti botnliði Kýpur í Laugardalnum annað kvöld og takist það fær íslenska liðið úrslitaleik á móti Norðmönnum í Ósló.

Íslenska liðið náði í fjögur stig af sex mögulegum í síðustu landsleikjatvennu sem var í fyrsta sinn í þessari undankeppni sem liðið nær stigi í báðum leikjunum í landsleikjatörn. Fram að því höfðu alltaf skipst á frábærir sigrar og svekkjandi töp. Liðið vann 2-1 sigur á Albönum í síðasta leik og getur nú unnið tvo heimaleiki í röð í fyrsta sinn í þessari undankeppni takist strákunum að brjóta niður varnarmúr Kýpurliðsins í kvöld.

Með sigri á Kýpur kæmust íslensku strákarnir ekki aðeins í frábæra stöðu fyrir lokaumferð riðilsins því þeir myndu einnig slá þrjú met í sama leiknum.

Vinni íslenska liðið leikinn setur það nefnilega met í stigum, mörkum og sigrum í undankeppni stórmóta.

### Undankeppni EM 2004

Besti árangur íslenska liðsins hingað til er í flestra huga undankeppni EM 2004 þegar Ísland átti möguleika á sæti á EM allt fram að síðasta leik. Íslenska liðið vann þá meðal annars þrjá leiki í röð sumarið 2003 og fylgdi því eftir með því að ná jafntefli við Þjóðverja á Laugardalsvellinum. Ísland sat í umspilssætinu fyrir lokaumferðina en mætti þá Þýskalandi á útivelli.

Ísland tapaði þeim leik 0-3 og Darren Fletcher tryggði Skotum annað sætið í riðlinum með því að skora sigurmark á móti Litháum tuttugu mínútum fyrir leikslok.

Stigametið er aftur á móti frá undankeppni EM 2000 þegar íslenska landsliðið náði í 15 stig í 10 leikjum. Liðið náði í 13 stig í 8 leikjum í undankeppni EM 2004 og náði einnig 13 stigum í undankeppni HM 2002 en þá í 10 leikjum.

Íslenska liðið er þegar búið að jafna markametið sem var 14 mörk frá því í undankeppni HM 2002 og í undankeppni HM 2006 en í báðum þessum undankeppnum spilaði íslenska liðið tíu leiki. Íslenska liðið hefur einnig jafnað metið yfir sigurleiki og getur nú orðið fyrsta íslenska landsliðið til að vinna fimm sigurleiki í einni og sömu undankeppninni.

Það er magnað að bera saman síðustu tvær undankeppnir því þar sést vel hvernig Lars Lagerbäck hefur gerbreytt gengi liðsins. Íslenska liðið vann aðeins 1 af 8 leikjum sínum undir stjórn Ólafs Jóhannessonar í undankeppni EM 2012 og alls aðeins 2 af 17 keppnisleikjum undir hans stjórn frá 2007 til 2011.

### Síðast unnu þeir bara Kýpur

Strákarnir geta hins vegar enn náð lakari árangri en í síðustu undankeppni á einum vettvangi því þá kom eini sigur liðsins einmitt í heimaleiknum á móti Kýpur. Íslenska liðið tapaði fyrri leiknum 0-1 á Kýpur og hefur ekki efni á því að misstíga sig aftur í seinni leik þjóðanna á Laugardalsvellinum.

Sigur gæti aftur á móti komið strákunum í lykilstöðu fyrir lokaleikinn á Ullevaal-leikvanginum. Það er ljóst að stuðningurinn verður til staðar, það er löngu uppselt á leikinn og vonandi virkar þessi „pressa“ jákvætt á landsliðsmennina í Laugardalnum í kvöld.

ooj@frettabladid.is



**FJÓRTÁN MÖRK Í ÁTTA LEIKJUN** Íslensku strákarnir fagna hér öðru marka sinna í síðasta leik gegn Albaníu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FLEST MÖRK Í UNDANKEPPPNI**

14 - HM 2002 (10 leikir)
14 - HM 2006 (10 leikir)
14 - HM 2014 (8 leikir)
12 - EM 2000 (10 leikir)
11 - HM 1998 (10 leikir)
11 - EM 2004 (8 leikir)
10 - HM 1982 (8 leikir)
10 - EM 2008 (12 leikir)
7 - EM 1992 (8 leikir)
7 - HM 1994 (8 leikir)
7 - Hm 2010 (8 leikir)

**FLEST STIG Í UNDANKEPPNI**

15 - EM 2000 (10 leikir)
13 - HM 2002 (10 leikir)
13 - EM 2004 (8 leikir)
13 - HM 2014 (8 leikir)
9 - HM 1998 (10 leikir)
8 - HM 1994 (8 leikir)
8 - EM 2008 (12 leikir)
6 - HM 1982 (8 leikir)
6 - EM 1988 (8 leikir)
6 - Hm 1990 (8 leikir)

**FLESTIR SIGRAR Í UNDANKEPPNI**

4 - EM 2000 (10 leikir)
4 - HM 2002 (10 leikir)
4 - EM 2004 (8 leikir)
4 - HM 2014 (8 leikir)
3 - HM 1994 (8 leikir)
2 - HM 1982 (8 leikir)
2 - EM 1988 (8 leikir)
2 - EM 1992 (8 leikir)
2 - HM 1998 (10 leikir)
2 - EM 2008 (12 leikir)



# RAFTÆKI
# Á FRÁBÆRU VERÐI

Öll raftækin fást í Smáralind, Skeifunni, Garðabæ og Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum.



TRISTAR
**BRAUÐRIST**
6 stillingar
**2.299**



TRISTAR
**HANDÞEYTARI**
200W - 5 stillingar
**2.899**



TRISTAR
**TÖFRASPROTI**
170W
**1.999**



DOMO
**ELDHÚSVOG**
1g-5kg
**2.995**



BESTRON®
**SLÉTTUJÁRN**
Keramik 210°C - 60 sek
**1.999**



**VÖFFLUJÁRN**
5 hjartalaga vöfflur
1200W
**3.999**



BaByliss PARIS
**HÁRBLÁSARI**
2000W expert
**5.990**



**EMPORIA TELME**
C155
**9.999**



**BAÐVOG**
**3.999**



**20%**
**AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM TDK MINNISLYKLUM**



**20%**
**AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM TDK HEYRNARTÓLUM**



TDK
**CD BOOMBOX RADIO**
**8.995**

Gildir til 18. október á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Sjónvarpið kl. 18.30
**Ísland-Kýpur í forkeppni HM**

Bein útsending frá leik karlalandsliða Íslands og Kýpur í forkeppni HM. Leikurinn er mjög mikilvægur í baráttu Íslendinga um sæti á HM, sem fram fer næsta sumar í Brasilíu.



### The Biggest Loser
**SKJÁR EINN KL. 20.00** Skemmtilegir þættir þar sem fólk sem er orðið hættulega þungt snýr við blaðinu og kemur sér í form á ný.

TV.COM 7,7 IMDb 5,1



### Popp og kók
**STÖÐ 2 KL. 19.20** Flottur og ferskur þáttur með Unni Eggertsdóttur þar sem öllu því helsta og nýjasta á sviði kvikmynda og tónlistar eru gerð skil.



### The X-Factor US
**STÖÐ 3 KL. 20.50** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraborðið sitja söngkonurnar Demi Lovato, Kelly Rowland og Paulina Rubio.

TV.COM 6,9 IMDb 4,8

### Fm 957 kl 16.00
**FM95Blö**

FM95BLÖ er í umsjón Auðuns Blöndal alla virka daga kl. 16-18 á FM957. Með Audda í þættinum eru nokkrir góðir vinir hans. Björn Bragi er á mánudögum, Sveppi á þriðjudögum og Hjöbbi Ká á fimmtudögum. Það vill enginn missa af þessum þætti – það er bara þannig.




SVEFNSÓFAR





TILBOÐ
KR. 149.900
áður kr. 169.800

SUPREME Deluxe

BREYTIST Í RÚM Á AUGABRAGÐI
EXTRA ÞYKK OG GÓÐ SPRINGDÝNA
SVEFNBREIDD 140X200 CM
RÚMFATAGEYMSLA



Debonair
KR. 135.900



Svefnbreidd 130x200
Þykk og góð springdýna



Upend
KR. 179.900

Svefnbreidd 140x190 Þykk og góð springdýna

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.45 Geimkeppni Jóga björns**
**08.10 Malcolm in the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Fairly Legal**
**11.00 Drop Dead Diva**
**11.50 The Mentalist**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Extreme Makeover. Home Edition**
**13.40 The Mummy Returns**
**15.45 Waybuloo**
**16.05 Skógardýrið Húgó**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Popp og kók**
**19.45 Logi í beinni**
**20.35 Hello Ladies** *(2:8)*
**21.05 Wallander** Spennandi sakamálamynd þar sem Kenneth Branagh fer með hlutverk rannsóknarlögreglumannsins Kurts Wallander sem er landsmönnum vel kunnur úr glæpasögum Henning Mankell.
**22.35 A Dangerous Method** Dramatísk mynd frá 2011 með Keira Knightley, Viggo Mortensen, Michael Fassbender og Vincent Cassel í aðalhlutverkum en leikstjóri er David Cronenberg.
**00.15 Sanctum**
**02.00 War, Inc.**
**03.45 Cleaner**
**05.10 Other Side of the Tracks**

## SPORT *besta sætið*

**15.05 England - Moldavía**
**16.50 Liðið mitt** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfuknattleik. Í þessum þætti heimsækir hann lið KR og fer á æfingu, er boðið í mat og skorar á leikmenn.
**17.20 Grindavík – KR**
**18.50 England – Svartfjallaland** Bein útsending
**20.55 Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur**
**21.25 Meistaradeild Evrópu. Man. City – Bayern München**
**23.10 England – Svartfjallaland**
**01.55 Japan 2013 – Æfing # 3** Bein útsending
**04.50 Formúla 1 2013 – Tímataka** Bein útsending

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Cardiff – Newcastle**
**17.10 Liverpool – Crystal Palace**
**18.50 England – Svartfjallaland** Bein útsending
**20.55 Premier League World**
**21.25 Football League Show**
**21.55 Fulham – Stoke**
**23.35 Messan**
**00.45 Man. City - Everton**

## STÖÐ 3

**16.50 Jamie's American Road Trip**
**17.40 Raising Hope**
**18.05 Don't Trust the B*** in Apt 23**
**18.30 Funny or Die**
**19.00 The Great Escape** *(5:10)*
**19.40 Smash** *(5:17)*
**20.25 Super Fun Night** *(2:13)*
**20.50 The X-Factor US** *(10:26)*
**21.35 Hunted** *(4:10)*
**22.35 Strike back** *(5:10)*
**23.20 Cougar Town** *(4:15)*
**23.45 The Great Escape**
**00.25 Smash**
**01.10 Super Fun Night**
**01.35 The X-Factor US**
**02.20 Hunted**
**03.20 Strike back**
**04.05 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.23** Svampur Sveinsson **08.45** Latibær **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Ofurhundurinn Krypto **09.43** Skoppa og Skrítla **09.55** UKI **10.00** Lukku Láki **10.24** Strumparnir **10.49** Hvellur keppnisbíll **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.23** Svampur Sveinsson **12.45** Latibær **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Ofurhundurinn Krypto **13.43** Skoppa og Skrítla **13.55** UKI **14.00** Lukku Láki **14.24** Strumparnir **14.49** Hvellur keppnisbíll **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.23** Svampur Sveinsson **16.45** Latibær **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Ofurhundurinn Krypto **17.43** Skoppa og Skrítla **17.55** UKI **18.00** Lukku Láki **18.24** Strumparnir **18.49** Hvellur keppnisbíll **19.00** Hetjur Valhallar - Þór **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Það var lagið**
**21.05 It's Always Sunny In Philadelphia** *(9:10)*
**21.30 Twenty Four** *(5:24)*
**22.15 A Touch of Frost**
**00.00 Hotel Babylon** *(1:8)*
**00.55 Footballers Wives** *(1:8)*
**01.50 Það var lagið**
**02.55 It's Always Sunny In Philadelphia**
**03.20 Twenty Four**
**04.05 A Touch of Frost**
**05.50 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**10.50 Joyful Noise**
**12.45 How To Make An American Quilt**
**14.40 Friends With Kids**
**16.25 Joyful Noise**
**18.20 How To Make An American Quilt**
**20.15 Friends With Kids**
**22.00 Killer Elite**
**23.55 This Means War**
**01.30 The Killer Inside Me**
**03.20 Killer Elite**

## RÚV

**13.00 Olísdeildin í handbolta**
**14.30 Íslenski boltinn**
**15.10 Fagur fiskur** *(6:8) (Heimilismatur)*
**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Unnar og vinur** *(26:26) (Fanboy & Chum Chum)*
**17.45 Táknmálsfréttir**
**18.00 Fréttir og veður**
**18.30 Landsleikur í fótbolta** *(Ísland - Kýpur)* Bein útsending frá leik karlalandsliða Íslands og Kýpur í forkeppni HM.
**20.55 Útsvar** *(Grindavíkurbær - Vestmannaeyjar)* Spurningakeppni sveitarfélaga. Að þessu sinni eigast við lið Grindavíkurbæjar og Vestmannaeyja. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**22.05 Endeavour – Stúlka** *(Endeavour. Girl)* Bresk sakamálamynd úr flokki um Morse lögreglufulltrúa í Oxford á yngri árum. Hann ræður strembnar morðgátur, kynnist mönnum sem hann á eftir að starfa með næstu áratugina og þróar með sér eftirtektarverð skapgerðareinkenni sem hann á eftir að fínpússa á löngum og giftu-ríkum ferli.
**23.40 Um veröld alla** *(Across the Universe)* Tónlist Bítlanna og Víetnamstríðið eru í bakgrunni þessarar ástarsögu bandarískrar yfirstéttarstúlku og fátæks listamanns frá Liverpool.
**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.05 Once Upon A Time**
**16.55 Secret Street Crew**
**17.45 Dr. Phil**
**18.25 Happy Endings**
**18.50 Minute To Win It**
**19.35 America's Funniest Home Videos** *(44:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.00 The Biggest Loser** *(16:19)* Skemmtilegir þættir þar sem fólk sem er orðið hættulega þungt snýr við blaðinu og kemur sér í form á ný.
**21.30 The Voice** *(3:13)* Spennandi söngþættir þar sem röddin ein sker úr um framtíð söngvarans. Heimsþekktar poppstjörnur skipa sem fyrr dómnefndina en Christina Aguilera og Cee Lo Green snúa nú aftur eftir hlé.
**00.00 Flashpoint**
**00.50 Excused**
**01.15 Bachelor Pad**
**03.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **07.45** Frys.com Open 2013 **10.45** Golfing World **11.35** Frys.com Open 2013 **14.35** PGA Tour - Highlights **15.30** Frys.com Open 2013 **17.35** Inside the PGA Tour **18.00** Frys.com Open 2013 **21.00** Frys.com Open 2013 **00.00** Frys.com Open 2013 **03.00** Eurosport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Kraftasport **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

# Magnað tilboðsverð á sérvöldum vörum

Advania býður breitt vöruúrval sem svarar þörfum og kröfum fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Við leggjum metnað okkar í að veita framúrskarandi þjónustu.




**Hagkvæm og áreiðanleg**
Dell Optiplex 3010 borðtölva er vinnustöð fyrir hvaða skrifstofu sem er.

Verð áður: ~~179.990~~ kr.
**Verð nú: 109.990 kr.**

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast. Verð með vsk.




**Öflugur vinnuhestur á góðu verði**
Dell Latitude E5430 fartölva er með styrkta umgjörð og hentar því vel fyrir fólk á ferðinni.

Verð áður: ~~266.090~~ kr.
**Verð nú: 169.900 kr.**



**Bjartur og skarpur tölvuskjár**
Dell Professional P2312H 23" skjárinn er hæðarstillanlegur, hefur marga tengimögu-leika og býður bjarta og góða mynd.

Verð áður: ~~43.990~~ kr.
**Verð nú: 38.990 kr.**



**Öflugt og hraðvirkt fjölnotatæki**
Xerox WorkCentre 6605dn er gríðarlega öflugt fjölnotatæki með þægilegum 4,3" 50 bls. sjálfvirkum pappírsmatara og duplex prentun.

Verð áður: ~~277.950~~ kr.
**Verð nú: 177.990 kr.**

**Velkomin í verslanir okkar í Guðrúnartúni Reykjavík og Tryggvabraut Akureyri.**

Nánari upplýsingar má finna á **www.advania.is/tilbod**, í síma **440 9010** eða í tölvupósti á **sala@advania.is**

advania
Welcome to IT

DELL xerox

**HELGIN**



**„Ég ætla að læra undir próf í félagssálfræði og námssálfræði og svo ætla ég að kíkja út með vinum mínum á laugardaginn.“**

Íris Mist Magnúsdóttir, fyrrverandi fimleikakempa.

# Vilja opna annan Mjölnisstað

Iðkendur í bardagaklúbbnum Mjölni á Seljavegi eru orðnir um 1.200 talsins.

Eigendur bardagaklúbbsins Mjölnis íhuga að opna útibú annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Núverandi húsnæði klúbbsins í gamla Loftkastalanum á Seljavegi er orðið of lítið þrátt fyrir að stutt sé síðan klúbburinn stækkaði við sig.

„Við erum búin að skoða það alveg í tvö ár en ekki alveg lagt í það,“ segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður Mjölnis, spurður út í mögulegt útibú. „En það er allt að springa hjá okkur. Það eru komnir um 1.200 iðkendur hjá okkur og ansi troðið þótt við séum í mjög stóru húsnæði og með þrjá sali, þar af tvo mjög stóra,“ segir hann. „Við bjóðum upp á um 90 tíma á viku en það er samt svakalegur fjöldi sem mætir í hvern tíma.“ Hann bætir við að stundum hafi þurft að vísa fólki frá, sem sé miður.

Húsnæði Mjölnis hefur stækkað jafnt og þétt undanfarin ár. Það fyrsta á Mýrargötu var rúmir 300 fermetrar. Þaðan var aðstaðan stækkuð í 550 fermetra, svo í yfir 750 fermetra, því næst í yfir 1.500 og loks í rúma 1.800 fermetra á Seljavegi.

➜ Jón Viðar segir fjölbreyttar æfingar og góðan móral lykilinn að velgengni Mjölnis.

Aðspurður segir Jón Viðar ekkert ákveðið hvar eða hvenær nýtt útibú Mjölnis verður opnað. Nefnir hann, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð, Ártúnshöfða eða Skeifuna sem mögulegar staðsetningar. **- fb**



**ALLT AÐ SPRINGA** Jón Viðar Arnþórsson segir að húsnæðið á Seljavegi sé orðið of lítið fyrir Mjölni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HUMAR 2.600 kr.kg
Stærð 30/40
Súr Hvalur
Heildsala Kóngsins
Sendum ferskan og frosinn fisk alla daga til fyrirtækja og stofnana.
Sími 777 2002, Ármann Sal.
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
fiskikongurinn.is
s. 587 7755



**JÓN ÓTTAR** Samningar hafa náðst um útgáfu fyrstu glæpasögu Jóns Óttars í Noregi og Frakklandi. Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti er hæstánægð með mikinn áhuga á bókinni.

# Óútgefin glæpasaga seld til tveggja landa

Útgáfuréttur fyrstu glæpasögu Jóns Óttars Ólafssonar, Hlustaðu, hefur verið seldur til Noregs og Frakklands. Bókin hefur enn ekki komið út.

Bókaforlagið Bjartur hefur selt útgáfuréttinn að glæpasögu Jóns Óttars Ólafssonar, Hlustaðu, til Noregs og Frakklands. Þýskir útgefendur eru einnig mjög áhugasamir. Bókin er ein þeirra sem Bjartur er að kynna á hinni árlegu bókamessu í Frankfurt. Enn merkilegra er að Hlustaðu er ekki enn komin út. Hún er í prentun þessa dagana og lítur dagsins ljós í lok mánaðarins.

„Jón Óttar bankaði upp á hjá Bjarti fyrir nokkrum árum og var með hugmynd að glæpasögum, þríleik,“ segir Guðrún Vilmundardóttir hjá bókaforlaginu, hæstánægð með áhugann fyrir bókinni. „Núna er hann búinn að skrifa fyrstu bókina og er að skrifa bók númer tvö.“ Jón Óttar er doktor í afbrotafræðum frá Cambridge og er stundakennari við Háskóla Íslands. Hann hefur einnig starfað innan lögreglunnar, í fjárfestingabanka og hjá Sérstökum saksóknara. Hann var lengi búinn að láta sig dreyma um að skrifa glæpasögur áður en hann hafði samband við Bjart. Hlustaðu fjallar um lögreglumanninn Davíð sem rannsakar dularfullt mál. Ung kona finnst látin í gömlum grásleppuskúr við Ægisíðu og margt bendir til þess að hún hafi tekið of stóran skammt. Davíð er sannfærður um að hún hafi verið myrt. Af tilviljun kemst hann yfir hljóðupptöku af heimili efnaðs fíkniefnasala sem lögreglan fylgist með. Upptakan rennir stoðum undir grun hans en hann þarf að berjast fyrir því að fá að rannsaka málið um leið og hann reynir að bjarga starfi sínu og hjónabandinu. Valdamiklir menn vernda hver annan og þá skiptir morðrannsókn litlu máli.

freyr@frettabladid.is

## Gefur út Jón Hall og Dan Brown

Bjartur hefur undanfarin ár gefið út glæpasögur Jóns Halls Stefánssonar og annast íslenska dreifingu á bókum hins heimsfræga Dans Brown. Systurforlagið Veröld hefur jafnframt gefið út vinsæla krimma Yrsu Sigurðardóttur.

NOTALEG NOSTALGÍA
SKEMMTILEG OG HEILLANDI MYND AF TÍMASKEIÐI SEM ER NÁLÆGT OKKUR EN ÞÓ SVO EINKENNILEGA FRAMANDI






„... bók sem maður æðir í gegnum í einum rykk og les svo aftur.“
UPSALA NYA TIDNING
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

# Allt á einum stað í háskólappi

Háskóli Íslands hefur búið til sitt fyrsta smáforrit. Auðveldar líf háskólanema.

„Það verður allt á einum stað í þessu appi,“ segir María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Nýtt smáforrit frá Háskóla Íslands auðveldar aðgengi háskólanema að upplýsingum sem varða daglegt líf þeirra í skólanum. Þar er til dæmis hægt að sjá matseðilinn í Hámu, dagskrána í Stúdentakjallaranum og upplýsingar um Stúdentaráð Íslands.

„Við höfum þetta samstarf við Arion banka í sumar og það hefur gengið mjög vel. Í gegnum það fengum við þetta tækifæri til að hanna okkar eigið app,“ segir María Rut en smáforritið verður inni í Hringtorgsappi Arion banka.

Aðspurð segir María Rut að tími hafi verið kominn á appið. „Það er ótrúlega góð búbót fyrir háskólanema að vera með þetta app því þar geta þeir nálgast upplýsingar hratt og örugglega. Ef maður er ekki með app í dag er maður ekki maður með mönnum.“

**90** Nítugasti árgangur Stúdentablaðsins er að hefja göngu sína þennan veturinn.

Smáforritið verður frumsýnt í Stúdentakjallaranum í kvöld. Þar spila einnig Unnsteinn og Logi úr Retro Stefson ásamt plötusnúði. Fyrsta tölublað Stúdentablaðsins í vetur kemur einnig út í hádeginu í dag. **- fb**




**ÁNÆGÐ MEÐ APPIÐ** María Rut Kristinsdóttir er ánægð með nýja háskólaappið.

American Style

# 12 ÁRA OG YNGRI BORÐA FRÍTT

## MEÐ FJÖLSKYLDUNNI Á AMERICAN STYLE Í OKTÓBER

Kátir krakkar komast á ævintýralega staði þegar þeir mæta á American Style, þar eru glæsileg leikherbergi fyrir unga könnuði sem er full af leikföngum og skemmtilegheitum.

12 ára & yngri borða FRÍTT með fjölskyldunni þegar forráðamaður kaupir máltíð. Ein máltíð á barn af barnamatseðli. Gildir eingöngu í sal.




FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060
FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vinir Sjonna hittast

Í vikunni voru endurfundir hjá Vinum Sjonna og fór hópurinn út að borða á Tapashúsið. Á meðal þeirra sem þarna hittust voru **Þórunn Erna Clausen**, Hreimur Örn Heimisson, Matthías Matthíasson og Benedikt Brynleifsson, ásamt fleiri meðlimum sveitarinnar og mökum. Þetta voru miklir fagnaðarfundir, enda sterkur vinahópur.

Vinir Sjonna fóru fyrir hönd Íslendinga í Eurovision árið 2011 með lagið Aftur heim. Ekki liggur fyrir hvort hópurinn hafi rætt um væntanlega endurkomu í Eurovision á næstu árum.

- glp



### Hrefna í jólaskapi

Matreiðslukonan **Hrefna Rósa Sætran** undirbýr nú gerð nýrra matreiðsluþátta sem verða sýndir á RÚV í desember. „Þar ætla ég að matreiða ýmsa spennandi rétti fyrir jólin og einblína á meðlæti og eftirrétti,“ segir Hrefna og bætir því við að þættirnir verði fjórir talsins. Hrefna er nú stödd í London á Englandi. Þangað fór hún til að skoða sig um á veitingahúsasýningunni Restaurant Show. „Ferðin hefur verið mjög skemmtileg og ég hlakka til að nota það sem ég hef lært hérna í þáttunum,“ segir Hrefna.

- hg



## Mest lesið vísir

1 Prjónaði friðarpeysur fyrir Yoko Ono og Jón Gnarr
2 Ömurleg óþægindi vegna klúðurs með afsal
3 Flögg og eyjur hverfa af Hofsvallagötu
4 Svarti listinn í Pepsi-deildinni í sumar
5 Umfjöllun, viðtöl og myndir: Fram - Haukar 18-17 | Stefán Darri hetjan

MEISTARI MANKELL
*Síðasta Wallander-bókin!*




www.forlagid.is

FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR!
TEMPUR DÝNUR OG KODDAR




**TEMPUR CLOUD** heilsudýna




TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

**TEMPUR CLOUD HEILSUDÝNA**
Verðdæmi 80x200 cm
Verð kr. ~~183.900~~
**Kr. 147.120** á kynningarverði
Þú sparar kr. 36.780

**Fæst einnig í stærðunum**
90x200 cm
90x210 cm
100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
160x200 cm
152x200 cm
180x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins 12.845 kr. á mán.

**C&J STILLANLEGT** með Tempur Cloud
Charlotte & Julien




Með fjarstýringu

**C&J STILLANLEGT**
með Tempur Cloud dýnu
Verðdæmi 2x80x200 cm
Verð kr. ~~747.800~~
**Kr. 598.240** á kynningarverði
Þú sparar kr. 149.560

**Fæst einnig í stærðunum**
2x90x200 cm
2x90x210 cm
2x100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins 51.763 kr. á mán.

**TEMPUR SPRING** heilsurúm




**TEMPUR SPRING**
Verðdæmi 160x200 cm
Dýna, botn og lappir
Verð frá kr. ~~302.000~~
**Kr. 241.600** á tilboðsverði
Þú sparar kr. 60.400

Aukahlutur á mynd gafl.

**Fæst einnig í stærðunum**
180x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
Aðeins 21.003 kr. á mán.

www.betrabak.is
Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16